ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR
*Rangt verður rétt*
tíska heimili heilsa
Í MIÐJU BLAÐSINS
allt




FERMINGAR
*Gott veganesti út í lífið*
Sérblað um fermingar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. mars 2007 — 80. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

# Samgönguráðherra fagnar frumkvæði Faxaflóahafna

**Faxaflóahafnir vilja fjármagna Sundabraut. Samgönguráðherra segir ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa, takist samningar. Ráðherrar ræða málið við fulltrúa Faxaflóahafna á morgun. Göng talin líklegust.**

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég fagna þeim áhuga sem Faxaflóahafnir sýna verkefninu. Þetta er þannig vaxið að ef samningar geta tekist sé ég ekkert því til fyrirstöðu að hrinda framkvæmdum af stað eins fljótt og kostur er,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Stjórn Faxaflóahafna hefur óskað eftir viðræðum við stjórnvöld um að fyrirtækið annist fjármögnun og byggingu Sundabrautar frá Kollafirði að Sæbraut og öllum tengdum mannvirkjum sem nauðsynleg eru.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, segir vilja stjórnar að Faxaflóhafnir ljúki framkvæmdum í einum áfanga á 3-5 árum og ekkert standi í vegi þess að hefjast handa. Hann telur líklegast að gerð verði jarðgöng frá Sundabraut yfir í Gufunes því kannanir bendi til þess að sá kostur sé hagkvæmari en áður hafi verið talið. „Fyrirtækið er í eigu sveitarfélaganna og er því kjörið til verksins en ekki síður sem stærsti eigandi Spalar, sem á og rekur Hvalfjarðargöngin og hefur því reynslu af framkvæmd sem þessari.“

Spurður hvort verkefni sem þetta sé ekki útboðsskylt og það standi í vegi fyrir aðkomu Faxaflóahafna segir Björn Ingi að það sé samgönguyfirvalda að svara því. „Á sínum tíma var sett sérstök löggjöf um Hvalfjarðargöngin og starfsemi Spalar og það má skoða hvort þetta verði gert á vegum Faxaflóahafna eða stofnað verði nýtt félag á vegum fyrirtækisins.“

Sturla telur að verkefnið sé loksins komið á rétta braut með umhverfismati á innri leiðinni svokölluðu og jarðgangakostinum. „Nú þarf að herða á þeirri vinnu. Það eru allar heimildir til staðar. Ég hef fjögurra ára samgönguáætlunina til að vinna eftir og þar eru fjármunir til staðar.“

Sturla segir að hagsmunir hafnanna, vegagerðarinnar og samgöngukerfisins alls fari saman. „Þetta sýnir einnig að breyting á vegalögunum var tímabær og ég átti von á því að fjárfestar myndu sýna framkvæmdum sem þessum áhuga.“

Útreikningar benda til að lagning Sundabrautar kosti tuttugu milljarða króna. Þegar eru átta milljarðar tryggðir – af Símapeningunum. Sturla segist hafa rætt við Geir H. Haarde forsætisráðherra strax eftir að sér hafi borist bréf stjórnar Faxaflóahafnar og fundur sé ákveðinn á morgun með fulltrúum fyrirtækisins. **- shá**



**Á SUÐURLANDSVEGI** Kona lést þegar bifreið hennar og vörubíll skullu saman upp úr hádegi í gær. Frá 1972 hafa 55 látist í umferðarslysum á Suðurlandsvegi. Konan, sem var búsett á Selfossi, lætur eftir sig eiginmann og fimm börn. **Sjá síðu 10**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður Helgason:

## Tekur sæti í stjórn Finnair

**Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, sest í stjórn Finnair á aðalfundi félagsins í dag samkvæmt tilnefningu stjórnar félagsins.**

**Stjórnarseta Sigurðar er hluti af samkomulagi FL Group, stjórnar Finnair og stærsta hluthafans, sem er finnska ríkið.**

**FL Group er næststærsti hluthafinn í félaginu með rúmlega 22,3 prósenta hlut.**

**Finnska ríkið og stjórn Finnair lögðust gegn framboði Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, í stjórnina, en hann hefur um leið dregið framboð sitt til baka.**

**Hjá FL Group segjast menn ánægðir með farsæla niðurstöðu.** **- óká /** **Sjá síðu 26**

Átján mánaða hljómleikaferðalag Bjarkar um heiminn hefst í Reykjavík:

## Björk í Höllinni á páskunum

**TÓNLIST** Björk Guðmundsdóttir er tilbúin með nýja plötu; Volta er hún kölluð og kemur út hinn 7. maí. Útgáfunni fylgir hún eftir með hljómleikaferð sem mun vara í átján mánuði og hefst ferðalagið til móts við aðdáendur listakonunnar með stórtónleikum í Laugardalshöll að kvöldi annars í páskum, hinn 9. apríl. Þar verður öllu til tjaldað, stór hljómsveit mun fylgja henni með tíu kvenna blásarasveit. Er hvergi sparað til í umgjörðinni. Í viðtali við Fréttablaðið segir Björk frá tilurð plötunnar, sem hún lýsir sem útrás á mörgum sviðum, ekki aðeins tilfinningalega, heldur líka í hljóðfæraskipan og vali á samstarfsmönnum og upptökustöðum. Nýja safnið geymir tíu lög og er verkið framleitt af henni sjálfri utan þriggja laga sem þeir Timbaland og Mark Bell komu að. Söngvarinn Antony Hegarth syngur með henni í tveimur lögum. Íslenskir blásarar leika í tveimur lögum og þeirra stað á hljómleikaferðinni mun íslenska kvenblásarasveitin skipa. **Sjá viðtal á síðu 36.**






## FIMMTUDAGUR



**Stjörnum prýtt afmæli**
Einar Bárðarson gefur auðjöfrunum ekkert eftir í veisluhaldi.
**FÓLK 44**



**Áfram í sókn á Kanarí**
Framsóknarflokkurinn lifir góðu lífi á Klörubar.
**FÓLK 58**

**Örlagasundin nálgast**
Á bak við átökin nú um þjóðareignarákvæðið er saga, sem vert er að rifja upp við og við, segir Þorvaldur Gylfason.
**Í DAG 28**



**Ungir menn verða reiðir**
Stjarnan vonast til þess að Guðjón Baldvinsson verði skynsamur og spili áfram með liðinu. Stjörnumenn erfa ekki að hann hafi orðið reiður og látið allt fjúka.
**ÍÞRÓTTIR 50**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SLAGVIÐRI Í KVÖLD** - Í dag verður vaxandi suðaustanátt, víða 15-23 m/s í kvöld, hvassast á norðanverðu Snæfellsnesi. Bjart framan af degi fyrir austan annars rigning. Víðast rigning í kvöld. Hiti 1-10 stig hlýjast norðaustan til.
**VEÐUR 4**



Fyrsta flokks majónes sem laðar fram það besta í matargerðinni.
HELLMANN'S
*-gerir bragðið betra!*

Fermingarfötin bíða eftir þér!

Opið til 21 í kvöld
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Gunnlaugur, er ekki næsta skref að bjóða í Eið sjálfan?*

„Það væri góður leikur, að minnsta kosti fyrir Völsung á Húsavík.“

Gunnlaugur Karl Hreinsson, fiskverkandi á Húsavík, keypti Barcelona-treyju, áritaða af Eiði Smára Guðjohnsen, á 260 þúsund krónur á uppboði til styrktar Völsungi.

Skortur á leikskólaplássum og dagmæðrum á Akranesi hefur afleiðingar:

# Foreldrar þurfa að hætta að vinna

**SKÓLAMÁL** „Fjölskyldan stendur frammi fyrir því núna að konan mín þarf að hætta að vinna til þess að geta verið heima með stelpuna,“ segir Kristófer Jónsson, faðir tveggja ára gamallar stúlku á Akranesi. Foreldrar á Skaganum eru óánægðir með stöðu leikskólamála í bænum. Biðlistar eru langir og dagforeldrar anna engan veginn eftirspurn.

„Uppbyggingin í bænum hefur verið gríðarlega mikil undanfarið og það er til skammar að bæjaryfirvöld hafi ekki hugsað fyrir þessu fyrr,“ segir Kristófer en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um byggingu nýs leikskóla. Helga Gunnarsdóttir, sviðstjóri fræðslumála hjá Akranesbæ, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að ákvörðun lægi fyrir síðar í mánuðinum.



**NÝ HVERFI Á AKRANESI** Mikið hefur verið byggt á Skaganum undanfarið. Leikskólaplássum hefur ekki fjölgað í jöfnu hlutfalli.

Á leikskólum bæjarins er í dag rými fyrir um 315 börn á þrettán deildum. Síðastliðið haust var öllum börnum sem fædd voru árið 2004 veitt leikskóladvöl en foreldrar barna sem fædd eru 2005 verða ef til vill ekki jafn heppnir. Börn fædd árið 2005 eru ríflega áttatíu og þá bíða einnig rúmlega tuttugu börn í eldri aldurshópum eftir plássi eða framlengingu á leikskóladvöl. Eldri börnin hafa forgang og því kann að vera að einhver börn komist ekki á leikskóla fyrr en þau eru farin að nálgast þriggja ára aldurinn. - þo

Spænskur dómari:

# Vill draga Bush til ábyrgðar

**SPÁNN** Spænski rannsóknardómarinn Baltasar Garzon, sem fyrir nokkrum árum vildi draga Augusto Pinochet Chile-leiðtoga fyrir dóm, vill nú að George W. Bush Bandaríkjaforseti verði ákærður fyrir stríðsglæpi.

Garzon skrifaði grein um þetta í spænska dagblaðið El Pais um helgina.

Þar segist hann einnig vilja draga fyrir rétt aðra þjóðarleiðtoga sem studdu Bandaríkjastjórn í Íraksstríðinu, þar á meðal landa sinn Jose Maria Aznar, sem var forsætisráðherra Spánar þegar Íraksstríðið hófst. - gb

Litið til danskra skattalaga:

# Tekjur af vændi skattlagðar

**SKATTAMÁL Litið verður til danskra laga þegar kemur að því að heimta skatt af vændi. Með lagabreytingum sem gerðar voru á þingi um helgina varð löglegt að stunda vændi. Því er nauðsynlegt að greiða skatt af slíkri starfsemi. Steinþór Haraldsson, yfirlögfræðingur hjá Ríkisskattstjóra, segir að í Danmörku sé virðisauki af tekjum fólks í vændi um 24 prósent og líklegt að sama stefna verði tekin hér þó enn liggi það ekki ljóst fyrir.**

**Steinþór bendir á að margt í þessu máli geti verið flókið og bendir á nýlegan danskan dóm þar sem vændiskona fékk hluta af kostnaði við brjóstastækkun endurgreiddan þar sem sýnt þótti að það félli undir rekstrarkostnað.** - kdk



**FRÁ BOLUNGARVÍK** Íbúar við Traðarland og Dísarland fengu að snúa aftur heim í gærmorgun. MYND/BIRGIR ÞÓR

Rýmingu aflétt í Bolungarvík:

# Enn hætta á snjóflóðum

**VEÐUR** Enn er viðbúnaðarstig vegna snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum. Rýmingu húsa í Bolungarvík var þó aflétt í gærmorgun. Mesta hættan var á meðan hlákan gekk yfir en þegar fór að frysta á ný var talið óhætt að senda fólk aftur heim. Síðdegis í gær féll snjóflóð á veginn um Súðavíkurhlíð og var veginum lokað enda hætta á fleiri flóðum. - þo

# Hlynur Smári hlaut þriggja ára fangelsi

**Hlynur Smári Sigurðarson, sem setið hefur í brasilísku fangelsi vegna stórfellds fíkniefnasmygls frá því í júní í fyrra, hlaut í lok síðustu viku þriggja ára fangelsisdóm. Hámarksrefsing fyrir brot af þessu tagi er tólf til fimmtán ára fangelsi.**

**DÓMSMÁL** „Hann hlaut stysta dóm sem hægt er að fá fyrir svona brot þarna, þriggja ára fangelsisdóm,“ segir Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, varðandi dómsuppsögu yfir Hlyni Smára Sigurðarsyni. Hlynur Smári var handtekinn í byrjun júní í fyrra með rúmlega tvö kíló af ætluðu kókaíni í fórum sínum. Hann hafði því setið í gæsluvarðhaldi í níu og hálfan mánuð áður en dómur féll loks yfir honum.

Að sögn Péturs er hámarksrefsing fyrir brot af þessu tagi í Brasilíu tólf til fimmtán ára fangelsi. Spurður hvort ráðuneytið muni beita sér fyrir því að fá Hlyn Smára fluttan heim til afplánunar segir Pétur að fyrst verði að berast beiðni þess efnis til dómsmálaráðuneytisins frá fanganum sjálfum, en framsal milli landa er á könnu þess ráðuneytis.

Sigurður Þorvaldsson, faðir Hlyns Smára, var feginn að loks væri komin niðurstaða í málið. „Það dregst auðvitað frá sá tími sem hann hefur setið í gæsluvarðhaldi og mér skilst að hann þurfi ekki að sitja af sér nema hluta dómsins. Það gæti því farið að styttast í hann þannig að kærkomnir endurfundir blasa vonandi við. Þessi bið hefur verið mér og öðrum aðstandendum hans mjög erfið.“

Sigurður segist vera mjög ánægður með vinnubrögð utanríkisráðuneytisins og ræðismanns Íslands í Brasilíu í þessu máli. „Miklar og góðar þakkir frá mér til Katrínar Einarsdóttur í utanríkisráðuneytinu. Hún hefur staðið sig frábærlega í þessu öllu saman.“



**HLYNUR SMÁRI SIGURÐARSON** Þarf líklega ekki að sitja nema hluta dómsins af sér. Við efnagreiningu reyndust efnin sem hann var handtekinn með að langmestu vera barnapúður.

Hlynur Smári, sem er 24 ára gamall, var sem fyrr segir handtekinn í Brasilíu síðastliðið sumar með tvær pakkningar af ætluðum fíkniefnum í fórum sínum. Í annarri voru 100 grömm af kókaíni en í hinni um tvö kíló af efni sem reyndist við efnagreiningu vera barnapúður.

Síðastliðið haust sagði Hlynur Smári Fréttablaðinu frá þeim ómannúðlegu aðstæðum sem voru í fangelsinu sem hann hefur dvalist lengstum í. Þá lýsti hann því hvernig samfangi hans hefði reynt að drepa hann fyrir sígarettu og sagðist ganga með tálgaðan tannbursta á sér ef ske kynni að einhver réðist á hann á ný. Hann deildi þar tveggja manna klefa með tíu öðrum föngum og fékk ekkert nema myglað brauð og ormafullt vatn sér til næringar. Þá var hann þess fullviss að lyfjum sem halda niðri kynhvötinni væri blandað út í kaffi og mat fanganna svo þeir myndu ekki nauðga hver öðrum.

thordur@frettabladid.is



**FÁNABORG** Bretar eru neikvæðastir í garð ESB.

Viðhorf til Evrópusambandsins:

# Hátt í helmingur neikvæður

**LONDON** Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar, sem breska blaðið Financial Times gerði í fjölmennustu löndum Evrópusambandsins, er óvenjumikil neikvæðni í garð Evrópusambandsins ríkjandi nú þegar haldið er upp á 50 ára afmæli sambandsins.

Um 44 prósent aðspurðra sögðust telja að þróunin í landi þeirra hefði snúist til hins verra frá því það gekk í ESB. Aðeins 22 prósent sögðust þó telja ástæðu til að stefna að því að land þeirra segði sig úr sambandinu.

Neikvæðast var viðhorfið í Bretlandi en jákvæðast á Spáni, af þeim fimm löndum sem könnunin var gerð í. - aa

Umferðaróhapp á Álftanesi:

# Á gjörgæslu eftir bílslys

**SLYS Maður var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi eftir umferðaróhapp á Álftanesi um miðjan dag í gær. Bifreið hans hafnaði utan vegar við gatnamót Garðavegar og Álftanesvegar.**

**Maðurinn ók bíl sínum norður Garðaveg og hugðist beygja inn á Álftanesveg en ók yfir gatnamótin og hafnaði úti í móa.**

**Maðurinn, sem var einn í bílnum, er ekki jafn illa slasaður og óttast var í fyrstu.**

**Samkvæmt upplýsingum lögreglu var hann ekki í bílbelti.** - þo


BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL SPORT
Nýskr. 02.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 85 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Karlmaður úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald:

# Nauðgaði og misþyrmdi sambýliskonu sinni hrottalega

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 15. maí eða þar til dómur fellur í máli hans vegna hrottalegrar nauðgunar, stórfelldrar líkamsárásar og frelsissviptingar þáverandi sambýliskonu sinnar.

Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á konuna þegar hún var að tala í síma, rifið símann af henni og hent í burtu. Eftir það hafi hann byrjað barsmíðar sem stóðu meginhluta nætur og fram á næsta dag, auk þess sem hann hafi nauðgað henni tvisvar sinnum. Þá hafi hann svipt konuna öllum möguleikum á að leita sér hjálpar.

Maðurinn beitti meðal annars búrhníf og kjötexi til að berja konuna, auk þess sem hann lét hnefahöggin dynja á henni.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Mál mannsins verður þingfest 28. mars.

Samkvæmt vottorði Neyðarmóttöku og greinargerð réttarmeinafræðings var konan með mikla áverka um allan líkamann auk þess sem hún fékk að minnsta kosti þrjú hnefahögg í andlitið.

Maðurinn hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur og verður málið þingfest þar 28. mars.

Ætluð brot hans geta varðað allt að sextán ára fangelsi. Maðurinn hefur áður hlotið refsidóm fyrir svipaðar sakir. - jss



Fermingargjöfin fundin!
Í Kringlunni finnur þú flott fermingarföt í miklu úrvali, fallegar og skemmtilegar fermingargjafir og allt fyrir veisluna á einum stað. Gjafakort Kringlunnar er líka pottþétt fermingargjöf sem hittir alltaf í mark.
Allir sem versla í Kringlunni eiga möguleika á því að vinna glæsilega fartölvu frá BT.
BT
Mán. til mið. 10.00 – 18.30
Fimmtudagur 10.00 – 21.00
Föstudagur 10.00 – 19.00
Laugardagur 10.00 – 18.00
Sunnudagur 13.00 – 17.00
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Kringlan

## GENGIÐ 21.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,84 | 67,16 |
| Sterlingspund | 131,13 | 131,77 |
| Evra | 88,88 | 89,38 |
| Dönsk króna | 11,933 | 12,003 |
| Norsk króna | 10,853 | 10,917 |
| Sænsk króna | 9,553 | 9,609 |
| Japanskt jen | 0,5671 | 0,5705 |
| SDR | 100,93 | 101,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,1966

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn Frjálslyndra lögðust gegn lagasetningu um stofnfrumurannsóknir:

# Siðferðileg álitamál eru óskýrð

**ALÞINGI** „Það er mikilvægt að þingið vinni þessa löggjöf almennilega. Það stefndi í það að málið yrði afgreitt á harðaspretti á síðustu dögunum nánast umræðulaust og ég tel að það komi ekki til greina og þinginu ekki sæmandi að vinna með þessum hætti. Sérstaklega á það við þegar svo stórt siðfræðilegt álitamál liggur undir,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, sem lagðist gegn því að frumvarp um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna yrði að lögum á síðustu dögum þingsins. Þverpólitísk sátt var í heilbrigðis- og tryggingarnefnd um frumvarpið, sem var mjög vel unnið að mati nefndarinnar.

„Ég tel að við höfum afstýrt slysi með því að setja niður fótinn og stoppa þetta,“ segir Magnús Þór og vitnar til umsagna frá vísindasiðanefnd og þjóðkirkjunni um siðferðileg álitamál sem ekki var hægt að líta framhjá að hans mati. „Ég skil annars vel þau sjónarmið að farið sé í þessar rannsóknir en þingið verður að vinna þetta almennilega.“



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON** Segir að ræða þurfi siðferðileg álitamál innan þingsins áður en lög um stofnfrumurannsóknir taki gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Magnús segir að ekki hafi staðið til að beita málþófi til að koma í veg fyrir að frumvarpið yrði að lögum. „Á lokadögum þingsins settust þingflokkarnir niður og ræddu hvaða mál ættu að hafa forgang. Við töldum þetta mál ekki nægilega þroskað í meðförum þingsins til að það gæti orðið að lögum.“ - shá

Nýir atvinnumöguleikar:

# Starfatorg fyrir eldri borgara

**FÉLAGSMÁL Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að láta undirbúa starfatorg fyrir eldri borgara í Reykjavík. Stefnt er að því að það verði tilbúið til notkunar hinn 1. september næstkomandi.**

**Í fréttatilkynningu segir að nýverið hafi opnast möguleiki fyrir aldraða að vinna sér inn allt að þrjú hundruð þúsund krónur á ári án þess að það skerði lífeyri.**

**Með því gefist eldri borgurum tækifæri til að taka að sér hlutastörf, tímabundin störf eða sérstök verkefni eftir því sem hentar.** - sþs

# Flokkarnir fá 360 milljónir króna úr ríkissjóði á árinu

**Opinber framlög til stjórnmálaflokka hækkuðu um 110 milljónir um áramót með nýjum lögum. Flokkarnir skipta nú á milli sín 310 milljónum króna og fá auk þess greiddar 50 milljónir vegna kjördæmaskipanar.**

**STJÓRNMÁL** Bein framlög til starfsemi stjórnmálaflokka jukust úr 200 milljónum í 310 milljónir þegar ný lög um fjármál stjórnmálasamtaka tóku gildi um síðustu áramót. Í lögunum var lagaleg umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi skilgreind að nýju og hámark sett á fjárframlög frá lögaðilum og einstaklingum til stjórnmálaflokkanna. Hin aukna fjárveiting átti samkvæmt fjárlögum að tryggja að stjórnmálaflokkarnir gætu haldið uppi svipaðri starfsemi og þeir gera í dag.

Framlögunum, sem heyra undir fjármálaráðuneytið, er skipt þannig að öll þau samtök sem hafa fengið kjörinn að minnsta kosti einn mann á Alþingi eða fengu 2,5 prósent atkvæða í síðustu kosningum eiga rétt á þeim. Fjárhæðinni er síðan úthlutað í hlutfalli við það atkvæðamagn sem hver flokkur hlýtur. Þannig fær Sjálfstæðisflokkurinn, stærsti flokkurinn á þingi, tæplega 106 milljónir af heildarfjárhæðinni. Frjálslyndir fá minnstu sneiðina af kökunni; rúmlega 23 milljónir króna fyrir sína sex þingmenn.

Forsætisráðuneytið hefur frá árinu 2001 einnig veitt framlög til stjórnmálaflokkanna vegna nýrrar kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Sú greiðsla á að mæta auknum kostnaði landsbyggðarþingmanna vegna stækkunar kjördæma þeirra.

Samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra greiðist helmingur fjárins í hlutfalli við atkvæðafjölda í síðustu þingkosningum og hinn helmingurinn í hlutfalli við þingmannafjölda flokkanna. Í báðum tilfellum eru þó atkvæði og þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness undanskilin vegna nálægðar þeirra við vettvang þingstarfa. Þegar það framlag var fyrst veitt árið 2001 var það 25 milljónir króna. Í ár er það 50 milljónir króna, eða helmingi hærra á nafnvirði.

Að sögn Óðins Helga Jónssonar, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, eru styrkirnir vanalega greiddir beint til skrifstofu flokkanna og í einu lagi í upphafi árs.

Því renna um 5,3 milljónir króna til stjórnmálaflokkanna árlega vegna hvers kjörins þingmanns þeirra. Þá er ótalinn allur sá kostnaður sem hlýst af störfum Alþingis, svo sem launakostnaður og annar almennur rekstur, en sú upphæð nemur alls tæplega 2,3 milljörðum króna. thordur@frettabladid.is



**ALÞINGI ÍSLANDS** Þegar frjáls framlög til stjórnmálaflokka landsins voru skorðuð um síðastliðin áramót hækkuðu framlög til þeirra um 110 milljónir. Alls fá þeir greiddar 360 milljónir króna úr ríkissjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### SKIPTING STYRKJA TIL STJÓRNMÁLAFLOKKA

Greitt til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum. Kostnaðarliðurinn heyrir undir forsætisráðuneytið.

| Flokkur | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | 10.900.818 kr. | 13.622.023 kr. |
| Framsóknarflokkur | 10.697.902 kr. | 13.372.378 kr. |
| Samfylkingin | 10.565.249 kr. | 13.206.561 kr. |
| Vinstri græn | 3.963.445 kr. | 4.954.306 kr. |
| Frjálslyndi flokkurinn | 3.872.587 kr. | 4.840.734 kr. |
| Samtals: | 40.000.000 kr. | 50.000.000 kr. |

### SKIPTING STYRKJA TIL STARFSEMI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. grein fjárlaga. Kostnaðarliðurinn heyrir undir fjármálaráðuneytið.

| Flokkur | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | 68.352.748 kr. | 105.946.758 kr. |
| Framsóknarflokkur | 35.985.975 kr. | 55.778.262 kr. |
| Samfylkingin | 62.812.609 kr. | 97.359.544 kr. |
| Vinstri græn | 17.867.805 kr. | 27.695.099 kr. |
| Frjálslyndi flokkurinn | 14.980.863 kr. | 23.220.337 kr. |
| samtals: | 200.000.000 kr. | 310.000.000 kr. |



**JENS STOLTENBERG** Forsætisráðherrann vildi þverpólitíska langtímasátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lífeyrismál í Noregi:

# Þverpólitísk sátt um breytingar

**NOREGUR, AP** Þverpólitísk sátt hefur náðst á norska Stórþinginu um endurbætur á lífeyriskerfi landsins. Markmiðið með breytingunum er að tryggja fólki sanngjarnan lífeyri sem hægt er að lifa af en búa samt þannig um hnúta að eldri launþegar hafi hvata til að fara frekar seinna en fyrr á eftirlaun.

Ríkisstjórnin hefði getað ákveðið breytingarnar einhliða, í krafti þingmeirihluta síns, en kaus að leita víðtækrar sáttar allra flokka um málið til að tryggja að hið endurskoðaða kerfi stæði óhaggað til lengri tíma þótt breytingar kynnu að verða á samsetningu þingmeirihlutans. - aa

Rúmlega tvítug kona dæmd:

# Réðst á tvo lögreglumenn

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítug kona hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að veitast að tveimur lögreglumönnum þar sem þeir voru við skyldustörf. Konan sparkaði í maga annars lögreglumannsins og reyndi að bíta hinn í handlegginn. Atburðurinn átti sér stað á Fáskrúðsfirði síðastliðið sumar.**

**Konan á allnokkurn sakaferil að baki og rauf skilorð nú. Hún játaði brot sitt fyrir dómi. Í ljósi þess og jafnframt að teknu tilliti til ungs aldurs hennar þótti dómnum rétt að skilorðsbinda refsinguna í fimm ár.** - jss






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SIGLUM NÚ INN Í HLÝINDI**

Hann er að hlýna og það dámikið. Eftir því sem líður á daginn gengur hlýtt loft yfir allt landið og í kvöld verða fín hlýindi. Á hinn bóginn vex vindur nær stöðugt af suðri í allan dag og verður víða hvassviðri eða stormur í kvöld með slagviðrisrigningu sunnan til og vestan. Næstu dagar verða vindasamir en þokkalega hlýir. Þurrast verður á Norðausturlandi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi suðaustan átt í dag, 13-18 m/s í kvöld. Rigning. Hiti 5-7 stig.




um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C | rigning | London | 8°C skúrir | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Billund | 7°C | skúrir | París | 8°C hálfskýjað | Mallorca | 13°C hálfskýjað |
| Osló | 8°C | hálfskýjað | Frankfurt | 4°C skúrir | Eindhoven | 7°C rigning |
| Stokkhólmur | 7°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 2°C snjókoma | Basel | 4°C rigning |
| Gautaborg | 6°C | léttskýjað | Berlín | 5°C léttskýjað | Las Palmas | 18°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SPRENGI VIKA

Sama **lága** verðið um land allt

15.-25. mars

# 25% afsláttur

af **allri** málningu og **öllum** flísum

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**KJÖRKASSINN**



*Borðar þú fisk að staðaldri?*

| | |
|---|---|
| já | 74,9% |
| nei | 24,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið í leikhús á þessu ári?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Sjö hundruð þúsund Pólverjar þurfa að sanna sakleysi sitt:

# Njósnarar verða þefaðir uppi

**VARSJÁ, AP** Í síðustu viku gengu í gildi í Póllandi lög sem hafa það markmið að koma upp um fyrrverandi njósnara sem störfuðu fyrir alræðisstjórn Kommúnistaflokksins fyrr á tímum.

Allt að 700 þúsund manns gætu þurft að gera hreint fyrir sínum dyrum vegna laganna, sem gera stjórnvöldum skylt að kanna hvort fólk í 53 starfsgreinum hafi starfað sem njósnarar eða uppljóstrarar. Þar á meðal má nefna kennara, blaðamenn, skólastjórnendur, stjórnarerindreka, embættismenn sveitarfélaga, forstjóra ríkisfyrirtækja, ritstjóra og útgefendur, svo fremi sem þeir eru fæddir fyrir 1. ágúst 1972. Fyrir eru í landinu sambærileg lög sem ná til stjórnmálamanna sem náð hafa kjöri og margra embættismanna svo sem dómara, en sú löggjöf náði aðeins til 28 þúsund manna.

Komi í ljós að opinberir embættismenn hafi stundað njósnir missa þeir embætti sitt og eiga ekki afturkvæmt í tíu ár, en einkafyrirtæki fá að ráða hvað þau gera við stjórnendur sem reynast hafa verið njósnarar. Gagnrýnendur laganna segja þau kalla á allt of mikla vinnu við rannsóknir í gríðarstóru skjalasafni gömlu leyniþjónustunnar. Afleiðingin verði sú að fjölmargir þurfi að búa við þá óvissu árum saman að geta ekki hreinsað nafn sitt. **- gb**



**TVÍBURABRÆÐURNIR** Lech Kaczynski forsætisráðherra og bróðir hans Jaroslav Kaczynski forseti leggja mikla áherslu á að koma upp um fyrrverandi njósnara kommúnista. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstöður könnunar Gallup:

# 40 prósent ósátt við hvalveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR Fjörutíu prósent þátttakenda í skoðanakönnun Capacent Gallup eru óánægð með þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni. Alls 42 prósent segjast ánægð með ákvörðunina. Átján prósent taka ekki afstöðu. Könnunin var gerð fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands.**

**Í könnun sem sama fyrirtæki gerði fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna í september í fyrra voru um 73 prósent fylgjandi því að Íslendingar veiddu hvali í atvinnuskyni. 11,5 prósent voru andvíg og 15,4 prósent tóku ekki afstöðu. - sþs**


*Fjölskyldan og sorgin*

Fræðslufundur í Neskirkju í kvöld 22. mars kl. 20-22.
Fyrirlesari Hafliði Kristinsson fjölskylduráðgjafi
*Allir velkomnir!*



NÝ DÖGUN
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*




**ARNARHOLT Á KJALARNESI** Forstöðumaður Samhjálpar segir samtökin illa svikin ef samið verði við aðra um rekstur meðferðarúrræðis í Arnarholti. Hann segist hvorki hafa heyrt frá félagsmálaráðuneytinu né velferðarsviði um að viðræður stæðu yfir við SÁÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Ráðuneyti bregst trausti Samhjálpar

**Forstöðumaður Samhjálpar er þungorður í garð félagsmálayfirvalda vegna ráðstöfunar á húsnæðinu í Arnarholti á Kjalarnesi. Hann telur samtökin illa svikin og að hugmynd þeirra um úrræði hafi verið hrifsuð af þeim.**

**FÉLAGSMÁL** Félagsmálaráðuneytið hefur brugðist trausti Samhjálpar, misnotað samstarfsvilja samtakanna og hrifsað frá þeim hugmynd um nýtingu Arnarholts ef samið verður við SÁÁ um rekstur meðferðar- og vistunarúrræðis þar. Þetta segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar.

Félagsmálaráðuneytið hefur fengið vilyrði heilbrigðisráðuneytis fyrir því að Arnarholt á Kjalarnesi verði tekið undir vistun þeirra einstaklinga sem áður dvöldust í Byrginu, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Erindi þess efnis hefur verið sent formanni fjárlaganefndar Alþingis.

Heiðar bendir á að frá því í byrjun árs 2005 hafi Samhjálp unnið að því að leysa húsnæðisvanda sinn með því að fá Arnarholt á Kjalarnesi undir starfsemi samtakanna í Hlaðgerðarkoti í Mosfellsdal. Formleg beiðni um leigu eða kaup á eignunum hafi verið send heilbrigðisráðuneytinu á því ári.

„Í janúar hafði félagsmálaráðuneytið frumkvæði að því að leita til Samhjálpar og biðja um samstarf til að leita lausna fyrir fyrrum skjólstæðinga Byrgisins,“ segir Heiðar. „Sömuleiðis var eftir því leitað af ráðuneytinu að félagsmálaráðherra fengi leyfi til að nefna Samhjálp á blaðamannafundi sem haldinn var um málið í ráðuneytinu.“

Heiðar segir að Samhjálp hafi síðan lagt fyrir félagsmálaráðuneyti og velferðarsvið borgarinnar uppkast að tillögum að heildstæðri lausn í málefnum langt genginna vímuefnasjúklinga. Það hafi verið lagt til að Arnarholt yrði nýtt í ákveðinni samnýtingu við Hlaðgerðarkot. Ráðuneytið hafi síðan fengið góðfúslegt leyfi til að kynna tillögur Samhjálpar fyrir borgarstjóranum í Reykjavík.

„Svo lesum við í Fréttablaðinu að velferðarsvið Reykjavíkur muni semja við SÁÁ um úrræði til handa fólki úr Byrginu sem verði til húsa í Arnarholti,“ segir Heiðar. „Í öllu þessu má svo velta fyrir sér hvað fyrrum skjólstæðingar Byrgisins vilja sjálfir.“

„Ég hef ekkert á móti Samhjálp, hvorki ég né embættismenn ráðuneytisins,“ segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra um málið. „Ég hef trú á samtökunum og við höfum góða reynslu af samskiptum við þau. Ég myndi fagna því að velferðarsvið Reykjavíkurborgar semdi við Samhjálp um úrræði fyrir fólk sem áður gat sótt í Byrgið.“ **jss@frettabladid.is**

Sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg um Arnarholt og úrræði fyrir fyrrverandi Byrgisfólk:

# Viðræður við SÁÁ í gangi

**FÉLAGSMÁL** „Óformlegar viðræður við SÁÁ eru í gangi en það hefur engin ákvörðun verið tekin,“ segir Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, um stöðu búsetuúrræða fyrir fólk sem dvaldi í Byrginu þegar því var lokað.

Hlutverk velferðarsviðs verður að finna rekstraraðila, auk þess sem það mun ábyrgjast faglegan og fjárhagslegan rekstur úrræðisins.

„Hluti húsnæðisins í Arnarholti getur hentað mjög vel til þessara nota. Það er hins vegar ekki laust strax, því Ístak leigir það af Fasteignum ríkisins. Það liggur því ekki ljóst fyrir á þessari stundu hvenær við getum opnað svona heimili,“ segir Stella og bætir við að það verði að líkindum ekki fyrr en í sumar eða haust.

Spurð hvort fulltrúar velferðarsviðs séu í viðræðum við fleiri en SÁÁ segir Stella það ekki vera. Svo geti þó farið að auglýst verði eftir samstarfsaðila. Spurð hvernig farið hafi með viðræður félagsmálayfirvalda og Samhjálpar segir Stella að félagsmálaráðuneytið verði að svara fyrir það. **- jss**



**STELLA VÍÐISDÓTTIR** Arnarholt ekki tekið í gagnið fyrr en í sumar eða haust.


Ný Blue Lagoon andlitslína
með bl_efnasamsetningum
Örvar náttúrulega kollagen myndun húðarinnar*
Kemur í veg fyrir niðurbrot kollagens af völdum UV ljóss*
Styrkir varnarlag húðarinnar*
*in-vitro og in-vivo prófanir á DNA grunni.



BLUE LAGOON ICELAND
Bláa Lónið | Laugavegur 15 | Flugstöð | Netverslun | Magasin du Nord
www.bluelagoon.is

# MEST
## býður upp á þjónustu fagaðila sem leiðbeina þér



hreinlætistæki




málning



verkfæri



gólfefni



timbur




múrvörur



hellur



gluggar




Verð er birt með fyrirvara um prentvillur.

## Verslun fyrir bygginga- og framkvæmdaaðila

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.



MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

mest
– allt til bygginga




Landlæknisembættið hvetur lækna til varkárni vegna nauðgunarlyfs:

# Rohypnol ekki til ungs fólks

**LYFJAMÁL** Læknar eru hvattir til að nota svefnlyfið Rohypnol ekki fyrir fólk úr yngri aldurshópum og aldrei sem fyrsta lyf, að því er segir á vefsíðu landlæknisembættisins.

Matthías Halldórsson landlæknir segir að tilefni þessarar áréttingar hafi verið það að fyrirspurnir um lyfið berist af og til, einkum frá foreldrum, til embættisins vegna umræðu sem uppi hafi verið um ákveðna misnotkun þess. Hún felst í því að lyfið hefur verið sett í glös kvenna á skemmtistöðum eða annars staðar, án þess að þær verði þess varar, í þeim tilgangi að nauðga konunum eftir að sljóvgandi áhrif lyfsins væru farin að hafa áhrif. Að auki mun minnisleysi um atburðinn hafa verið algengt vegna áhrifa lyfsins.

Landlæknir segir að Rohypnol sem slíkt hafi verið afskráð, en lyf með sama virka innihaldsefni sé enn til á markaði. Verulega hefur þó dregið úr notkun lyfsins á undanförnum árum, að sögn hans. „Eðlilegt er að spurt sé hvers vegna lyfið sé ekki tekið af markaði,“ segir landlæknir. „Ástæðan er sú að sumum sem nota þetta lyf, einkum eldra fólki, er illa við að skipta um lyf sem þeim þykir virka vel.“ - jss



**LANDLÆKNIR** Embættið fær fyrirspurnir af og til frá áhyggjufullum foreldrum.

# Kaldar kveðjur frá Persson valda usla

**Síðustu ellefu ár hefur Göran Persson látið ýmislegt flakka í sjónvarpsviðtölum, sem honum hafði verið lofað að myndu ekki birtast fyrr en hann væri hættur í stjórnmálum. Nú á mánudaginn var fyrsti þátturinn sýndur.**

**SVÍÞJÓÐ** Yfirlýsingagleði Görans Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, í sjónvarpsþætti á mánudagskvöldið hafa valdið töluverðu fjaðrafoki í sænskum stjórnmálum. Persson fór þar hörðum orðum um Monu Sahlin, Carl Bildt og fleiri stjórnmálamenn, jafnt samherja sem andstæðinga.

Persson virðist ekki hafa mikið álit á Sahlin, sem tók við formennsku í Jafnaðarmannaflokknum um síðustu helgi – stöðu sem Persson gegndi í rúman áratug.

„Styrkur hennar liggur ekki í skarpri hugsun heldur í því að koma skilaboðum áleiðis,“ sagði Persson um hana árið 1997. „Hún er álitin hæfari í stjórnmálum en hún raunverulega er.“

Sjónvarpsþátturinn, sem sýndur var á mánudag, er sá fyrsti í röð þátta sem eru byggðir á viðtölum sem fréttamaðurinn Erik Fichtelius tók við Persson á síðustu ellefu árum. Þeir hittust fimm til sex sinnum á ári, alls 57 sinnum, og upptökurnar eru samtals meira en hundrað klukkustundir. Persson mætti í viðtölin með því skilyrði að ekkert yrði birt fyrr en eftir að hann væri hættur í embætti.

„Bildt er svo fjári vondur,“ sagði Persson árið 1999 um Carl Bildt, núverandi utanríkisráðherra. „Ég veit ekki hvert hann ætlar að fara og hvað hann ætlar að gera. Ég vorkenni honum.“

Carl Bildt var forsætisráðherra Svíþjóðar 1991-94 og sagði af sér sem formaður hægri flokksins Moderaterna árið 1999 eftir að hafa tapað kosningum gegn Jafnaðarmönnum undir forystu Perssons.

„Mér finnst ég bera ábyrgð á honum,“ sagði Persson. „Við höfum boðið honum nokkur störf en hann hefur hafnað þeim.“

Þá er Persson ómyrkur í máli um Gudrun Schyman, fyrrverandi leiðtoga Vinstriflokksins, sem Jafnaðarmenn störfuðu með árum saman.

„Ég myndi ekki treysta henni ef kreppa steðjaði að Svíþjóð,“ sagði Persson. „Hún virðist vera frekar tætt og lítt þroskuð, oft hefur hún ekki þekkingu á málefnum.“

Hann segir að hún hafi misst stjórn á sér einu sinni á fundi flokksleiðtoga áður en Svíþjóð tók við formennsku í Evrópusambandinu. Þegar talið barst að vændi hrópaði hún æst: „Þið karlar skulið sko ekki halda að þið komist upp með að ríða bara hverjum sem er.“

„Þetta var mjög undarleg uppákoma,“ sagði Persson í sjónvarpsþættinum.

gudsteinn@frettabladid.is


**GÖRAN PERSSON OG MONA SAHLIN** Sahlin tók við af Persson sem formaður sænska Jafnaðarmannaflokksins um síðustu helgi. Hún fékk kaldar kveðjur frá honum strax eftir helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### BILDT BLOGGAR UM ORÐ PERSSON

„Ég hef fengið að vita það núna að Göran Persson og ríkisstjórnin hafi boðið mér að verða yfirmaður flugmálastjórnar, sendiherra á ýmsum stöðum eða komið til greina sem yfirmaður Evrópska fjárfestingabankans. Ekkert af þessu er satt,“ segir Bildt á bloggsíðu sinni

„Mér er það hulin ráðgáta hvernig hann getur sagt þetta.“

Bildt segir eina sannleikskornið í yfirlýsingum Perssons vera þá að hann hafi einu sinni hringt í sig og spurt hvort það mætti bjóða honum að verða aðstoðarforstjóri Evrópska fjárfestingabankans.

„Mér fannst þetta allt saman frekar undarlegt og sagði nei takk.“

Jón Steinar Gunnlaugsson minnist þess ekki að hafa kallað Jón Ásgeir raft:

# Braut ekki siðareglur lögmanna

**BAUGSMÁL** „Þær höfðu leitað til mín systurnar með ákveðið verkefni. Því var lokið í upphafi Baugsmálsins utan þess að skrifstofa mín átti eftir að ganga frá litlu verkefni fyrir Ingibjörgu gagnvart Reykjavíkurborg,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari. Hann neitar að hafa brotið siðareglur lögmanna með því að taka að sér málarekstur Jóns Geralds Sullenberger í Baugsmálinu.

Ingibjörg S. Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sendi frá sér yfirlýsingu sem birtist í gær. Þegar lögregla gerði húsleit hjá Baugi hafi henni sárnað að Jón Steinar, sem þá var lögmaður Ingibjargar, hafi afhent lögreglu gögn og borið fram kæru Jóns Geralds á hendur Jóni Ásgeiri.

Í siðareglum lögfræðinga segir að lögmenn megi ekki fara með hagsmuni tveggja eða fleiri skjólstæðinga, sem hafa andstæðra hagsmuna að gæta. Lögmaður skuli jafnframt varast að taka að sér nýjan skjólstæðing ef hagsmunir hans og annarra skjólstæðinga samrýmast ekki. Jón Steinar segir þetta ekki eiga við í þessu máli þar sem hvorki hafi verið samningur né föst viðskipti milli Ingibjargar og hans.

Í yfirlýsingu Ingibjargar segir einnig að Jón Steinar hafi beðið systur hennar að skila því til hennar að „þennan raft, Jón Ásgeir,“ skyldi hún losa sig við. Jón Steinar segist ekki muna eftir þessum orðum og telur ólíklegt að hann hafi viðhaft þau. - kdk


**JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON**


**INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR**

# Kiljur
## á frábæru verði

Yfir 100 titlar
í boði

verð frá
199 kr

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu og á Akureyri




Gildir til 30. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



**HÁHÝSAKLIFUR** Forviða skrifstofumenn fylgdust með Frakkanum Alain Robert meðan hann kleif hæstu byggingar í Malasíu, Petronas-tvíburaturnana, sem eru hvor um sig 452 metrar á hæð. Robert, einnig þekktur sem „Köngulóarmaðurinn“, var handtekinn eftir uppátækið. NORDICPHOTOS/AFP

Greiddi tólf mánaða áskrift fyrir fram en fékk aðeins þrjú tölublöð:

# Ekki gert upp við áskrifendur Bístró

**NEYTENDUR** Ekki hefur verið gert upp við áskrifendur matartímaritsins Bístró, sem var lagt niður fyrir nokkru. Margir höfðu greitt fyrir tólf mánaða áskrift, en aðeins þrjú tölublöð komu út.

Hulda Tryggvadóttir nýtti sér áskriftartilboð Bístró í lok síðasta árs. Hún greiddi 7.800 krónur fyrir tólf mánaða áskrift og var fyrsta blaðið ókeypis. Blaðið fékk hún sent í nóvember, desember og janúar en síðan ekki söguna meir. Enginn á vegum Bístró hafði samband við hana til að láta vita að blaðið væri hætt.

Þegar hún hringdi í útgefanda og spurðist fyrir um endurgreiðslu var fátt um svör, en að lokum sagt að bréf yrði sent á næstunni þar sem áskrifendum yrði boðin endurgreiðsla. Þetta var í febrúar. Sama sagan var með tvo vinnufélaga Huldu sem keyptu áskrift á sama tíma og hún.

Auðbjörg Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður Bístró ehf., segir unnið að endurgreiðslu til þeirra áskrifenda sem greitt hafi fyrirfram. „Mér vitanlega átti að senda út bréf til áskrifenda í síðustu viku þegar ljóst var að blaðið yrði ekki gefið oftar út.“ Hún segir að lokið verði við endurgreiðslu eins fljótt og mögulegt sé.

Bístró er í eigu 365 miðla, Hjálms ehf. og hjónanna Friðriku Hjördísar Geirsdóttur og Stefáns Hilmarssonar. - sþs




**BÍSTRÓ** Blaðið var lagt niður þegar hræringar urðu á útgáfumarkaðinum fyrr á þessu ári. Stjórnarformaður segir að endurgreiðslan sé á leiðinni.

Akureyrarstofa:

# Þórgnýr ráðinn forstöðumaður

**MENNINGARMÁL** Þórgnýr Dýrfjörð, menningarfulltrúi Akureyrar, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Akureyrarstofu.

Akureyrarstofa á að taka til starfa í lok apríl en hún mun taka yfir málefni bæjarins er lúta að ferða-, atvinnu-, menningar- og markaðsmálum.

Stofan verður fyrst um sinn til húsa í ráðhúsi bæjarins við Geislagötu en hugmyndir eru uppi um að hún fái inni í menningarhúsi Akureyrar sem nú er í byggingu.

Þórgnýr hefur gegnt ýmsum störfum fyrir Akureyrarbæ undanfarin ár. - þo




# Lést í bílslysi á Suðurlandsvegi

**Fimm barna móðir lést í árekstri á Suðurlandsvegi í gær. Alls hafa 55 látist í bílslysum á veginum frá 1972.**

**SLYS** Kona lést í hörðum árekstri jeppa og flutningabíls á Suðurlandsvegi skammt austan við bæinn Kotströnd, milli Selfoss og Hveragerðis, um hálfeitt-leytið í gær. Konan, sem var á fertugasta og þriðja aldursári, ók jeppanum í átt að Selfossi, þar sem hún var búsett, en flutningabíllinn var á leið í gagnstæða átt. Skullu bílarnir harkalega saman.

Ökumaður vörubílsins var fluttur á slysadeild Landspítalans en reyndist ekki alvarlega slasaður.

Suðurlandsvegur var lokaður í á fjórðu klukkustund vegna slyssins en umferð var stýrt um Hvammsheiði á meðan.

Rannsókn slyssins er í höndum lögreglunnar á Selfossi og rannsóknarnefndar umferðarslysa. Óskar lögregla aðstoðar vegfarenda sem kunna að búa yfir gagnlegum upplýsingum.

Alls hafa 55 látið lífið í slysum á Suðurlandsvegi síðan 1972. Tvennt lést í hörðum árekstri tveggja bíla 2. desember síðastliðinn auk þess sem þrír slösuðust alvarlega, þar af átta ára drengur.

Konan sem lést í gær var fimm barna móðir. Hún lætur eftir sig eiginmann, uppkomna dóttur, tvíbura sem fæddir eru 1993 og drengi sem fæddir eru 1999 og 2003.

Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, hefur starfað á Selfossi síðan árið 2002 og hefur á þeim tíma þurft að aðstoða aðstandendur fórnarlamba nokkurra umferðarslysa á Suðurlandsvegi. „Það fylgir því ávallt mikil sorg þegar alvarleg umferðarslys verða. Því miður hafa umferðarslys verið tíð á Suðurlandsvegi en vonandi fer að verða breyting á því.“ magnush@frettabladid.is



**FRÁ SLYSSTAÐ** Bíll konunnar sem lést var gjörónýtur eftir áreksturinn, sem var mjög harður. Lögreglu- og slökkviliðsmenn komu fljótt á vettvang en loka þurfti veginum í rúma þrjá tíma meðan menn unnu á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VILJA TAFARLAUSAR ÚRBÆTUR

„Þetta er enn eitt sorglega slysið sem við höfum komið að á Suðurlandsvegi,“ segir Oddur Árnason, settur yfirlögregluþjónn á Selfossi, en banaslys hafa verið tíð á Suðurlandsvegi á undanförnum árum. „Umferðin á Suðurlandsvegi er orðin mjög mikil og þess vegna er orðið afar mikilvægt, eins og hefur verið ítrekað margsinnis, að akstursstefnur verði aðskildar á Suðurlandsvegi sem allra fyrst. Þó að það standi til benda tíð slys á veginum til þess að ekki sé eftir neinu að bíða.“

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, tekur undir með Oddi. „Það þarf að tvöfalda Suðurlandsveg frá Selfossi til Reykjavíkur og framkvæmdir þurfa að hefjast strax.“ - mh



Síminn






# Við gerum minningar þínar ódauðlegar í **Safninu**

## **Safnið** er öruggasti geymslustaðurinn fyrir stafrænu gögnin þín

Geymdu stafrænu ljósmyndirnar þínar og önnur gögn í Safninu, traustum stað þar sem reglulega eru tekin afrit af þeim. Í Safninu getur þú valið hvort þú vilt skoða myndirnar þínar í tölvunni eða á sjónvarpsskjánum.

Að auki gerir Safnið þér kleift að veita vinum og vandamönnum aðgang að völdum myndum eða senda þær beint í framköllun hjá Hans Petersen. Gerðu þínar minningar ódauðlegar, fáðu þér Safnið.

**Nánari upplýsingar**
**á næsta sölustað**
**Símans á siminn.is**
**eða í síma 800 7000**

ENNEMM / SÍA / NM13168

Svona er
Safnið einfalt



Þú tekur mynd með farsíma eða myndavél.



Sendir hana í tölvuna og þaðan beint í Safnið.



Þú hefur aðgang að Safninu gegnum Sjónvarp Símans.



Þú getur sent myndir úr Safninu til Hans Petersen sem framkallar þær.



**BAMBUS FLUTTUR** Börn leika sér á bambusflekum sem eru fluttir eftir ánni Gomati í fylkinu Tipura í Indlandi. Þessi flutningstækni er oft notuð til að smygla bambusi eftir ám sem renna til nágrannaríkisins Bangladesh. NORDICPHOTOS/AFP

Aðstoðarskólastjóri skvetti vatni á nemendur í fyrra:

# Kominn með tvö gul

**SKÓLAR** Aðstoðarskólastjóri Hagaskóla sem mætti ölvaður á árshátíð nemenda fyrr í þessum mánuði hefur fengið formlega áminningu fyrir háttalagið.

Fyrir um ári var aðstoðarskólastjórinn áminntur fyrir að hella vatni úr fötu yfir baldna nemendur úr tíunda bekk. Hann er 55 ára og hefur starfað í Hagaskóla um langt skeið.

Aðstoðarskólastjórinn var ekki að störfum á árshátíðinni en mun hafa gert sér erindi í skólann þegar hátíðin stóð yfir. Urðu viðstaddir, þar á meðal sumir nemendanna, þess áskynja að hann var undir áhrifum áfengis. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun aðstoðarskólastjórinn ekki hafa aðhafst neitt athugavert á hátíðinni annað en að mæta þangað ölvaður.



**HAGASKÓLI** Áminna þurfti aðstoðarskólastjóra Hagaskóla öðru sinni fyrr í þessum mánuði.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segist ekki vilja tjá sig um mál aðstoðarskólastjórans, sem hann telji afar viðkvæmt og fyrst og fremst vera mannlegan harmleik. - gar




# Ár þorna upp víða um heim

**Helstu ár heimsins gætu horfið á næstu áratugum. Stórum hluta ferskvatnslífvera í heiminum hefur verið útrýmt eða er í hættu. Dagur vatnsins er í dag.**

**GENF, AP** Ár eru að þorna upp í öllum heimsálfum, sem er ávísun á alvarlegan vatnsskort á heimsvísu, samkvæmt nýrri skýrslu náttúruverndarsamtakanna The World Wide Fund for Nature. Skýrslan er kynnt í tilefni af alþjóðlegum degi vatnsins sem er í dag.

Í skýrslunni kemur fram að nokkrar af stærstu og þekktustu ám heimsins gætu þornað upp á næstu áratugum vegna þátta á borð við mengun, stíflur og loftslagsbreytingar. Það myndi valda útrýmingu fjölda ferskvatnstegunda auk þess að leiða til alvarlegs vatnsskorts.

Samtökin segja að stjórnvöld þurfi að grípa til róttækra aðgerða til að varðveita ár, vötn og votlendi sem veiti milljónum manns drykkjarvatn, mat og áveituvatn til landbúnaðar.

Aðgerðarleysi stjórnvalda hingað til hefur leitt til þess að af um 10.000 tegundum ferskvatnslífvera sem til eru í heiminum hefur fimmtungi verið útrýmt eða er í útrýmingarhættu, að því er kemur fram í skýrslunni. „Þetta hættuástand í ferskvatnsmálum endurspeglar hverrig óskert uppbygging er að stofna í hættu hæfileika náttúrunnar til að mæta auknum kröfum okkar,“ sagði Jamie Pittock, sem stýrir ferskvatnsáætlun samtakanna.

Í skýrslunni er ástand tíu helstu áa heimsins metið en það eru Dóná í Evrópu, Ríó Grande í Norður-Ameríku, La Plata í Suður-Ameríku, Yangtzefljót, Mekongfljót, Salween, Indusfljót og Gangesfljót í Asíu, Níl í Afríku og Murray-Darling í Ástralíu.

Í henni kemur meðal annars fram að um 80 prósent af votlendi við bakka Dónár hefur tapast sökum of margra stíflna. sdg@frettabladid.is

120 1886 2006

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að skattamálum, fjármálum heimilisins, fjárfestingum, ávöxtun eigna og lífeyrissparnaði. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 1. mars | Holtagarðar | Skattar og framtalsgerð |
| | 8. mars | Vesturbæjarútibú við Hagatorg | Skattar og framtalsgerð |
| | 15. mars | Aðalbanki - Austurstræti | Fjármál heimilisins |
| Í kvöld | 22. mars | Hamraborg | Fjármál heimilisins |
| | 29. mars | Mjódd | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |

Í kvöld, Hamraborg í Kópavogi: Sérfræðingur Landsbankans fer yfir hagnýt atriði varðandi fjármál heimilisins, gefur ráð um lántökur, ávöxtun og sparnað. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja skilja betur helstu atriði sem skipta máli við lántökur og fjárfestingar, og vilja fá góð ráð um fjármál heimilisins almennt.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

2007 MARS APRÍL MAÍ

Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is

Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár




Nýbúaútvarpið í Firðinum:

# Nýr sendir nær fleiri eyrum

**HAFNARFJÖRÐUR** Nýbúaútvarpið sem starfrækt er í Hafnarfirði mun heyrast víðar um höfuðborgarsvæðið þegar nýr sendir hefur verið tekinn í gagnið.

Útvarp Hafnarfjörður rekur Nýbúaútvarpið.

Unnið er að uppsetningu sendisins og er ráðgert að hann verði kominn í notkun um mánaðamót. Um leið verður tíðninni breytt í FM 97,2.

Halldór Árni Sveinsson útvarpsstjóri segir að nýbúar hlusti sífellt meira, en nokkuð hafi borið á því að útsendingin hafi ekki heyrst alls staðar á höfuðborgarsvæðinu og því hafi verið ákveðið að kaupa nýja sendi. Um leið muni útvarpið heyrast betur. Útvarpið er samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar, Alþjóðahúss og Flensborgarskóla. - ghs




Himinn og haf / SIA

# Tvöfaldir Vildarpunktar

Nú fá allir sem safna Vildarpunktum **tvöfalda Vildarpunkta** þegar þeir versla hjá Olís. Að auki verða útsendarar Bylgjunnar á ferðinni og bjóða heppnum viðskiptavinum að taka þátt í léttum leik þar sem aðalvinningurinn er **100 ÞÚSUND VILDARPUNKTAR!**

VISA Vildarkort

---

**OLÍS – Við höldum með þér!**

olís



Úr Fiskborði Nóatúns
20% afsláttur
ÝSA Í KONÍAKS HUMARSÓSU
TILBÚIN Í OFN
899 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
26% afsláttur
STEINBÍTSFLÖK
MEÐ KRYDDMARINERINGU
899 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
19% afsláttur
RAUÐSPRETTA
AÐ DÖNSKUM HÆTTI
1.298 kr. kg
GOÐA BACONBÚÐINGUR
EINFALT OG GOTT
627 kr. kg
35% afsláttur
MÓA KJÚKLINGALEGGIR
FERSKIR
399 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
43% afsláttur
SALTFISKRÉTTUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA
798 kr. kg
Hodgson Mill
pasta og spaghettí
LASAGNA
HODGSON MILL
WHOLE WHEAT SPIRALS
WHOLE WHEAT
SPAGHETTI
25% afsláttur
Merrild
MERRILD
LÍFRÆNT KAFFI
399 kr. stk.
PEPSI MAX
PEPSI MAX
2 l
99 kr. stk.
Lay's
Salted
Lay's
Sour Cream & Onion
Wavy
LAY'S
SNAKK 200 g
189 kr. pk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á grísakjöti!
Úr Kjötborði Nóatúns
41% afsláttur
GRÍSAHNAKKI
ÚRB. SNEIÐAR
889 kr. kg
Badia krydd
á kjötið!
Úr Kjötborði Nóatúns
29% afsláttur
GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
24% afsláttur
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
NÓATÚNS
WC PAPPÍR
349 kr. pk.
CHEERIOS
MORGUNKORN
346 kr. 567 g
Cheerios
MYLLU FITTY
SAMLOKUBRAUÐ
199 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!



**Í LJÓNSGINI** Hinn átta ára gamli Lennart rekur upp ljónsöskur í ljónsgini þar sem hann stillir sér upp fyrir myndatöku í Lególandi í Þýsku borginni Berlín. NORDICPHOTOS/AFP

Fréttavefur BBC fjallar um orkumál og umhverfisvernd á Íslandi:

# Grænn orkuvandi Íslendinga

**BRETLAND** Ísland er sagt standa frammi fyrir „grænum“ orkuvanda á fréttavef BBC. Segir í fréttinni að þó að Íslendingum sé umhugað um að nýta endurnýjanlega orkugjafa sem landið er ríkt af út frá hagnaðarsjónarmiði spyrji gagnrýnendur hvort það sé þess virði að fórna svo miklu óspilltu landsvæði.

Fréttamaður BBC ræðir við Sigurð Arnalds, talsmann Landsvirkjunar, og Ómar Ragnarsson um áhrif Kárahnjúkavirkjunar.

Sigurður bendir á að í hnattrænu tilliti sé hér um endurnýjanlega orkugjafa að ræða. Kemur fram að áætlað sé að með því að nota slíka „hreina“ orku dragist losun kolefnis við álframleiðslu saman um níutíu prósent.



**HÁLSLÓN** Fram kemur að meira sé af grænni orku á Íslandi á borð við jöklulár og jarðhita en Íslendingar gætu nokkurn tímann þurft sjálfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ómar segir að framkvæmdirnar vegna Kárahnjúkavirkjunar valdi mestu óafturkræfu áhrifum á umhverfi Íslands sem hugsanleg séu. Er hann sagður, líkt og aðrir andstæðingar virkjunarinnar, ekki jafn áhyggjufullur yfir mengun frá verksmiðjunum sjálfum eins og af umhverfisáhrifum af því að nýta vatnsog gufuafl til að knýja þær.

Fréttamaður BBC segir erfitt að finna nokkurn íbúa í nágrenni virkjunarinnar sem sé andvígur henni en svo virðist sem ríkisstjórnin sé að endurskoða stefnu sína um að laða þungaiðnað til landsins. Vitnar hann í ummæli Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um að engin þörf sé á að laða meiri þungaiðnað til landsins. - sdg

Hnuplandi ungmenni:

# Stálu snyrtivörum og sælgæti

**LÖGREGLUMÁL** Fjórar stúlkur á aldrinum 16-19 ára voru teknar fyrir þjófnað í Smáralind á mánudag.

Stúlkurnar hnupluðu snyrtivörum og voru fluttar á svæðisstöðina í Kópavogi. Þrjár stúlknanna eru yngri en 18 ára.

Í Kringlunni var þrettán ára stúlka gómuð þegar hún stal sælgæti. Með henni í för voru tveir aðrir unglingar, 13 og 15 ára, og voru ungmennin öll flutt á lögreglustöð og sótt þangað af forráðamönnum sínum.

Þá gerðist 11 ára drengur fingralangur í Breiðholti. Sá stal vörum í matvöruverslun. - þo



**REYKINGUM ÚTHÝST** Til stóð að danska bannið tæki gildi 1. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reykingabann í Danmörku:

# Bannið tekur gildi í ágúst

**DANMÖRK, AP Yfirvöld í Danmörku hafa ákveðið að bann við reykingum á opinberum stöðum, veitinga- og vínveitingastöðum taki gildi um miðjan ágúst næstkomandi, í stað 1. apríl eins og til hafði staðið.**

**„Reykingar verða ekki lengur heimilar innandyra á vinnustöðum, í menntastofnunum, almenningssamgöngum og matsölustöðum,“ sagði Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra á vikulegum blaðamannafundi sínum.**

**Gildistökunni var frestað til að gefa veitingahúsarekendum meiri tíma til að innrétta aflokaða aðstöðu fyrir reykingafólk.** - aa

Launalausir mánuðum saman:

# 150.000 Ísraelar í verkfalli í gær

**JERÚSALEM, AP** Talið er að 150.000 ísraelskir verkamenn hafi lagt niður störf í allsherjarverkfalli í gær. Margs konar þjónusta lá niðri á borð við flugvelli, hafnir, lestarstöðvar, stjórnarskrifstofur, banka og verðbréfamiðlanir.

Eftir átta tíma var verkfallinu aflýst þegar samningar náðust milli Histadrut-verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda. Margar borgir og bæir í Ísrael hafa ekki getað greitt þúsundum manns laun mánuðum saman vegna gjaldþrots.

Laun áttu að greiðast í gær eða í dag samkvæmt talsmanni Histadrut.

# Neita að gefa upp verð úr samningi

**Forsvarsmenn Neyðarlínunnar neita að gefa upp verðmæti samningsins við Motorola um uppsetningu Tetra-kerfisins. Allar aðrar upplýsingar hafa verið opinberaðar með úrskurði kærunefndar útboðsmála frá 16. mars.**

**KÆRUMÁL** Kærunefnd upplýsingamála varð ekki við kröfu franska stórfyrirtækisins EADS um að fá upp á yfirborðið upplýsingar um verðmæti samnings Neyðarlínunnar við Motorola vegna tækjakaupa og uppsetningar Tetrakerfisins á landsvísu. Kerfið, sem er gagnaflutninga- og samskiptakerfi fyrir lögreglu og aðra sem koma að björgunaraðgerðum, verður tekið í notkun á landsvísu 1. maí.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu kærði EADS Neyðarlínuna fyrir að bjóða ekki út kaup á tækjum í tengslum við uppsetningu Tetra-kerfis á landsvísu en talið er að verðmæti samningsins nemi hundruðum milljóna króna.

Eina skýra vísbendingin um verðmæti samningsins kemur fram í álitsgerð lögmanna Neyðarlínunnar í málinu, en þar kemur fram að eldri búnaður hafi verið látinn ganga upp í kaup á nýjum búnaði og það hafi samsvarað 200 milljón króna lækkun á verði.

Þórhallur S. Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að Ríkiskaup hefðu fengið málið til skoðunar, með það fyrir augum að ganga úr skugga um hvort nauðsynlegt væri að halda útboð vegna tækjakaupanna. Sagði Þórhallur Ríkiskaup hafa talið óþarft að halda útboð.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, neitar því alfarið að Ríkiskaup hafi lagt blessun sína yfir að tækjakaupin væru ekki boðin út. „Ég er fyrst að heyra af þessu kærumáli núna og hvernig gengið var frá þessum viðskiptum,“ var haft eftir Júlíusi í Fréttablaðinu 15. mars.



**STARF NEYÐARLÍNUNNAR** Franska stórfyrirtækið EADS hefur kært Neyðarlínuna fyrir að bjóða ekki út viðskipti vegna tækjakaupa og uppsetningar á Tetra-kerfinu á landsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kærunefnd útboðsmála féllst á að gefa upp öll efnisatriði samningsins við Motorola nema upplýsingar um verðmæti samningsins. Verðmæti viðskipta Neyðarlínunnar við Motorola eru því enn óopinber. Neyðarlínan er að fullu í eigu ríkisins og sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Birni Líndal, lögmanni EADS, hefur úrskurður kærunefndarinnar ekki áhrif á meginkröfu EADS, sem er að samningur Neyðarlínunnar við Motorola verði úrskurðaður ólögmætur á grundvelli þess að útboð fór ekki fram. magnush@frettabladid.is

**AÐALATRIÐI MÁLS**

- Franska stórfyrirtækið EADS hefur kært Neyðarlínuna fyrir að bjóða ekki út viðskipti vegna tækjakaupa og uppsetningar Tetra-kerfisins á landsvísu. EADS framleiðir meðal annars Airbus-þoturnar, hergögn og ýmsa hluti er tengjast öryggismálum.
- Forsvarsmenn Neyðarlínunnar bera því við að óþarft hafi verið að bjóða viðskiptin út. „Af kostnaðar- og hagkvæmnisástæðum stóð Neyðarlínan frammi fyrir því að velja á milli EADS og Motorola þar sem ekki er hægt að samnýta búnaðinn frá báðum aðilum. Rétt þótti að nýta sem mest af þeirri fjárfestingu sem þegar hafði verið lagt í á þessu sviði,“ var haft eftir Arnari Þór Jónsyni, lögmanni Neyðarlínunnar, í Fréttablaðinu.
- „Það er afstaða umbjóðanda míns [EADS] að meðferð þessara kaupa hjá Neyðarlínunni hafi falið í sér brot gegn ákvæðum laga um opinber innkaup. Þess vegna hefur hann kært málið til kærunefndar útboðsmála, þar sem málið er til meðferðar,“ segir Björn Líndal, lögmaður EADS.



**ANNE-GRETE STRØM-ERICHSEN** Norski varnarmálaráðherrann í Kabúl. Henni þótti skondið að rekast þar á íslenskan blaðamann. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

Varnarmálaráðherra Noregs:

# Heimsótti friðargæsluliða

**AFGANISTAN** Anne-Grete Strøm-Erichsen, varnarmálaráðherra Noregs, kom í óvænta heimsókn til Kabúl á mánudag.

Ráðherrann er á leið til Mazar-e-Sharif í norðurhluta landsins, en þar reka Norðmenn sjúkrahús og halda úti viðbragðssveit. Milli 500 og 600 norskir hermenn eru á þremur stöðum í Afganistan. Þeir eru í borgunum Kabúl, Mazar-e-Sharif og í Maymaneh. Í þeirri síðasttöldu þjálfa Norðmenn afganska lögreglumenn.

Ráðherrann hélt heim í gær, miðvikudag, en hún heimsótti norska hermenn í Afganistan á svipuðum árstíma í fyrra. - kóþ

Samningar utan ríkiskerfisins:

# Fylgjast verður með efndum

**RÍKISREKSTUR Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir að ekki hafi verið fylgst með hvernig fjármunir sem Alþingi samþykkir að veita til aðila utan ríkiskerfisins skili sér í þeirri þjónustu sem til er ætlast. Þetta kemur fram í formála ársskýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2006.**

**Sigurður segir jafnframt í formálanum að til að stofnunin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum á þessu sviði verði að gera sérstakt átak í að ná utan um þessi mál.**

**Heildarskuldbinding ráðuneyta í 195 samningum fyrir tímabilið 2006 til 2010 nemur alls 94,1 milljarði króna.** - shá

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Brotist inn í KA-heimilið**

Brotist var inn í KA-heimilið á Akureyri aðfaranótt þriðjudags. Innbrotsþjófarnir höfðu aðeins örfáar krónur upp úr krafsinu en talsverðar skemmdir voru unnar á innanstokksmunum. Lögreglan á Akureyri rannsakar málið.

Hjónanámskeið í Fíladelfíu
Kennari Hafliði Kristinsson fjölskyldu og hjónaráðgjafi.
Sjö vikna námskeið sem hefst 10. apríl kl. 19:00
fyrir hjón og fólk í sambúð
Kennt verður á mánudögum frá kl. 19:00 – 21:30
Kvöldmatur – fræðsla – verkefnavinna
Kostnaður kr. 15.000 fyrir hjónin, innifalið er matur, kennsla og námskeiðsgögn
Skráning er í síma 53-54-700

Við bjóðum þér í skoðunarferð
Verið velkomin í skoðunarferð um álverið í Straumsvík.
Skoðunarferðirnar verða á fimmtudögum kl. 17:00 og á laugardögum kl. 14:00. Hægt er að skrá sig á straumsvik.is eða í síma 555 4260.
straumsvik.is
ALCAN
BETRA ÁLVER

KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni



## „ORÐRÉTT“

### Vandræði lítils hóps

**„...klaufaskap stráksins sem ekki getur losað brjóstahaldarann af stelpunni og það er einmitt vegna þess á þeim eru EKKI smellur, heldur krækjur.“**

GERÐUR KRISTNÝ SKILUR EKKI ALVEG AUGLÝSINGAR COKE ZERO SEM VILJA EKKI BRJÓSTAHALDARA MEÐ SMELLUM.

**Fréttablaðið 21. mars**

### Ætli það sé umhverfisvænt?

**„„Sjálf fer ég ekkert að rölta úti á götu,“ segir Herdís, enda séu allar nauðsynjar inni á græna svæðinu.“**

VIÐTAL VIÐ HERDÍSI SIGURGRÍMSDÓTTUR, SEM ER Á LEIÐ TIL BAGDAD SEM UPPLÝSINGAFULLTRÚI NATO.

**Morgunblaðið 21. mars**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON ALÞINGISMAÐUR

## *Dóttirin hleypir mikilli birtu í lífið*



„Það er mikið og gott að frétta af mér og mínum,“ segir Gunnar Örn Örlygsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins. „Við erum að leggja lokahönd á fallegt sumarhús í Svínadal. Þar hlakka ég til að dvelja með konu minni og dætrum. Svo er það að frétta að yngri dóttir mín er að verða tveggja mánaða og braggast vel. Hún hleypir mikilli birtu í lífið þótt dimmt sé úti,“ segir Gunnar. Hann bætir því við að litla stúlkan verði skírð í Ytri-Njarðvíkurkirkju fljótlega.

„Af atvinnumálum er það að frétta að við bræður höfum rekið saman fjölskyldufyrirtæki sem flytur út sjávarafurðir. Ég ætla að halla mér frekar að rekstrinum en einnig að huga frekar að ferðaþjónustu. Það er gaman að kynna fólk fyrir náttúru okkar Íslendinga.

Þó að kosningar séu að nálgast sé ég fram á nokkuð rólega daga því ég verð ekki í baráttusæti til þingkosninga í vor. Vitanlega mun ég samt vinna eitthvað að kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins. Auk þess tek ég virkan þátt í landsfundi flokksins sem haldinn verður eftir páska. Til fyrrum flokkssystkina minna úr Frjálslynda flokknum hugsa ég með hlýhug. Þótt pólitíkin geti verið grimm tík breytir hún hug mínum til þeirra ekki.“

## SYKURLAUSIR GOSDRYKKIR
### HORKÓLA Í HÁLFA ÖLD



Sykurlausir gosdrykkir komu fyrst á markað árið 1952 þegar bandarískur gosdrykkjaframleiðandi hóf framleiðslu á sykurlausu engiferöli handa sykursjúkum. Gosdrykkurinn Diet-Rite, sem kom á markað árið 1958, var hins vegar markaðssettur sem hollari valkostur við venjulegt gos. Árið 1963 slóst Coca Cola-fyrirtækið í hópinn þegar það hóf framleiðslu á Tab, sem náði miklum vinsældum. Stuttu síðar hóf Pepsi framleiðslu á Diet Pepsi en Diet Coke kom ekki á markað fyrr en 1982.

## SJÓNARHÓLL
### ÁFENGI Í VERSLANIR



**SIGURJÓN BRINK**
Tónlistarmaður

## *Bjór og léttvín í verslanir*

„Mér finnst að bjór og léttvín ættu tvímælalaust að vera til sölu í matvöruverslunum,“ segir Sigurjón Brink tónlistarmaður um lagafrumvarpið sem var ekki langt frá því að ná í gegn fyrir síðustu þinglok. Samkvæmt því hefði sala á áfengi undir 22 prósenta styrkleika verið heimiluð í verslunum öðrum en ÁTVR.

„Mér finnst mjög skrýtið að þurfa alltaf að fara á ákveðinn stað til að kaupa þetta. Það eru ófá dæmi um óvænt matarboð þar sem maður þarf að redda rauðvínsflösku á seinustu stundu, og þá jafnvel fá eina lánaða frá nágrannanum,“ segir hann. „Ég hef enga trú á að áfengismisnotkun aukist ef bjór og léttvín fara í verslanir. Þetta verður bara þægilegra fyrir þá sem notfæra sér þetta.“

Þó að frumvarpið hafi verið nálægt því að verða að lögum fyrir þinglokin síðustu segist Sigurjón ekki mjög vongóður um að það nái í gegn á næsta þingi.

# Hljóðheimur hafsins í útvarpinu

**Jan Murtomaa, hljóðtæknimaður hjá Ríkisútvarpinu, hefur lagt lokahönd á heimildarþátt um þýska hellakafarann Jochem Hasenmayer. Útvarpsþátturinn, sem er sannkölluð tónaveisla, tók hálft annað ár í vinnslu og gekk ekki áfallalaust fyrir sig, til dæmis lét viðmælandinn sig hverfa um margra mánaða skeið.**



**JOCHEM HASENMAYER**
Brautryðjandi á sviði hellaköfunar og kafar enn þótt hann sé orðinn 66 ára og lamaður.

„Ég stundaði sjálfur hellaköfun og hef fylgst með Jochem Hasenmayer í nærri aldarfjórðung,“ segir Jan Murtomaa, hljóðtæknimaður hjá Ríkisútvarpinu, um viðmælanda sinn. „Hann er mikill brautryðjandi á sviði hellaköfunar og hefur gert ótrúlega hluti. Hann kafar enn þá þótt hann sé orðinn 66 ára og lamaður ofan í kaupið. Hann er í raun goðsögn í lifanda lífi meðal kafara.“

Til að auka á áhrifin í útvarpsþættinum er leikið undir viðtali við Hasenmayer frumsamið tónverk eftir Egil Jóhannsson og áhrifshljóð sem Jan bjó sjálfur til og eiga að fanga stemningu undirdjúpanna. „Þetta er afar heilsteypt verk; saga Hasenmayers er virkilega áhugaverð en ég lagði ríka áherslu á að heildin hljómaði vel. Ég legg að minnsta kosti til að fólk setjist fyrir framan góð hljómflutningstæki, halli sér aftur með lokuð augu og hlusti til að fá sem mest úr þættinum.“

Mikil vinna fór í að klippa þáttinn saman, að minnsta kosti 150 vinnustundir telur Jan, en þátturinn tók eitt og hálft ár í vinnslu. „Það kæmi mér að minnsta kosti ekki á óvart ef þetta væri sá þáttur í íslenskri útvarpssögu sem mest vinna hefði verið lögð í, mér líður að minnsta kosti þannig,“ segir hann og hlær. Mikið af tímanum fór reyndar í að bíða eftir að viðmælandinn kæmi í leitirnar.



**JAN MURTOMAA** Gekk um með spurningalista á þýsku í vasanum í hálft ár á meðan hann freistaði þess að ná í skottið á þýska kafaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hasenmayer er ekki eins og fólk er flest, eins og kemur greinilega fram í viðtalinu,“ segir Jan. „Hann var ekki fyrr búinn að samþykkja að koma í viðtal fyrr en hann lét sig hverfa í átta mánuði án þess að nokkur vissi hvar hann væri niðurkominn.“ Í stað þess að leggja árar í bát lét Jan snara spurningalista sínum yfir á þýsku og gekk með hann í vasanum næsta hálfa árið. „Ef ég fann þýskumælandi samstarfsmann í lok vinnudags bað ég hann um að hringja út fyrir mig og taka viðtal við Hasenmayer. Þetta kostaði fleiri árangurslaus símtöl en ég kæri mig um að muna en dag einn kom Hjálmar Sveinsson aðvífandi og ég bað hann um að slá á þráðinn til Þýskalands. Og viti menn, loksins svarar Hasenmayer og eftir sex mánaða bið gat ég tekið viðtalið upp. Hann lét hins vegar vera að spyrja kafarann sérlundaða hvert hann hafi horfið alla þessa mánuði. „Ég þorði það eiginlega ekki, hann er svo skrýtinn.“

Þátturinn verður fluttur á Rás 1 en ekki er endanlega búið að festa tímann. „Það verður í kringum hátíðarnar, kannski á páskadag eða uppstigningardag. Hann verður að minnsta kosti auglýstur svo það er um að gera að sperra eyrun.“

**bergsteinn@frettabladid.is**




# Ort til íslenska fánans

Á síðasta degi Alþingis var samþykkt ályktun þess efnis að íslenski fáninn skuli vera uppi við í þingsal Alþingis.

Pétur Sigurgeirsson biskup var einn margra sem glöddust við þetta tilefni en fáninn hefur lengi verið honum hugleikinn. Pétur orti eftirfarandi kvæði um þjóðfánann fyrir nokkru síðan en það á vel við núna.



**ÍSLENSKI FÁNINN Á LÖGBERGI** Fáninn verður að líkindum settur upp í þingsalnum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Til þjóðfánans**

*Sjá, friðarbogi í skýjum skín,*
*svo skartar Íslands fáni.*
*Þitt útlit geislar - ásýnd þín,*
*hér eins og sól og máni.*
*Kær fagurbláinn helgist hann*
*sem hvítt og rautt kross merkið.*
*Næst jökulísnum eldhraun brann,*
*er Ísland kraftaverkið.*

*Hann Þjóðartákn er það fyrir sanns,*
*að því vér skulum hyggja.*
*Á kristnum grunni guðs og manns,*
*ar gott að mega byggja.*
*Ein er fánans leið ei löng.*
*Sú leið er hugsvið þegna,*
*í heila eða hálfa stöng*
*er hafinn upp þess vegna.*



*Skín yfir fáni Alþingis*
*í öndvegi og standi*
*til forsjónar og fulltingis,*
*hér fyrir þjóð og landi.*
*Í musterum og menntasal,*
*á miðum - landsbyggð yfir,*
*á ystu strönd sem*
*innst í dal,*
*hjá öllum fáninn*
*lifir.*

*Hér ruddi braut Jón Sigurðsson,*
*vor sómi lands og þjóðar,*
*og frelsið kom hans fremsta von,*
*varð fánans málið óðar.*
*Ó, vernda, Drottinn, borg sem byggð*
*og bæði loft og sæinn.*
*Þín eilíf varir ást og tryggð,*
*þú Íslands blessar daginn.*

*Pétur Sigurgeirsson biskup*

# Hlutafjárútboð
# Teymis hf. hefst í dag

## Hlutafjárútboð Teymis hf. - 22. til 23. mars 2007

Seldir verða hlutir í Teymi hf. að söluverðmæti 4.000 milljónir króna í útboði. Útboðið verður tvískipt: annars vegar útboð til hluthafa Teymis og hins vegar til fagfjárfesta. Útboðsgengi verður 4,75 krónur fyrir hvern hlut.
Þjónustuver Landsbanka Íslands hf. mun veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4000. Jafnframt munu ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4040.
Teymi gefur út lýsingu vegna hlutfjárhækkunarinnar. Hægt verður að nálgast lýsinguna á vef Teymis, www.teymi.is og á vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Einnig er hægt að fá lýsinguna á pappír hjá útgefanda og umsjónaraðila.

**Útgefandi**
Teymi hf., kt. 571106-0940, Skútuvogi 2, Reykjavík, sími 599 9000, www.teymi.is

**Umsjónaraðili útboðs og skráningar**
Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík, fax: 410 3007, www.landsbanki.is

**Heimild til hlutafjárhækkunar og tilgangur**
Á fundi stjórnar Teymis hf., sem haldinn var 15. mars 2007, var tekin ákvörðun um að nýta heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé félagsins um 842.105.263 krónur og selja fjárfestum í útboði. Tilgangur útboðsins er að styðja við frekari vöxt Teymis, efla félagið og gera því kleift að nýta fjárfestingartækifæri sem kunna að myndast á markaðnum.

**Sölutímabil**
Frá klukkan 10:00 fimmtudaginn 22. mars 2007 til klukkan 16:00 föstudaginn 23. mars 2007.

**Sölutrygging**
Landsbanki Íslands hf. hefur sölutryggt útboðið að fullu á útboðsgengi.

**Gjalddagi**
Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Hægt verður að nálgast upplýsingar um úthlutun í útboðinu og greiðslufyrirmæli með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við áskrift, frá 26. mars 2007, á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is.
Gjalddagi útboðsins er 28. mars 2007.
Hlutir, sem kunna að vera ógreiddir, má stjórn Teymis hvort heldur sem er innheimta með kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

**Afhending og skráning nýrra hluta**
Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 2. apríl 2007. Að því loknu verða hlutirnir skráðir hjá Kauphöll Íslands hf.

**Útboð til hluthafa**
Hluthöfum Teymis verða alls boðnir hlutir í Teymi að söluverðmæti 2.000 milljónir króna til kaups og er áskriftarréttur hlutfallslegur miðað við hlutafjáreign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Teymis hf. í lok fimmtudags 15. mars 2007. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur áskriftarétti þeirra og verður ónýttum áskriftaréttarhlutum útdeilt í hlutfalli við hlutabréfaeign þeirra sem þess óska. Hluthöfum er óheimilt að framselja áskriftarrétt sinn að hluta eða heild.
Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Aðeins hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Teymis 15. mars 2007 geta skráð áskrift í þessum hluta útboðsins og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem þeir fá sent í pósti. Í útboði til hluthafa er rafræn staðfesting skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.
Hluthafar sem skilgreindir eru sem fagfjárfestar samkvæmt 2. gr. 1 mgr. 7. tl. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, geta tekið þátt í útboði til fagfjárfesta, óháð þátttöku sinni í útboðinu til hluthafa.

**Útboð til fagfjárfesta**
Alls verða hlutir að söluverðmæti 2.000 milljónir króna boðnir fagfjárfestum til kaups. Einungis þeir sem eru fagfjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 1. mgr. 7. tölulið laga nr. 33/2003. um verðbréfaviðskipti, hafa heimild til að taka þátt í þessum hluta útboðsins.
Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. Stjórn Teymis hefur heimild til að hafna áskriftum í þessum hluta útboðsins í heild eða að hluta. Verði ekki næg eftirspurn í útboðinu til fagfjárfesta hefur stjórn Teymis heimild til að úthluta óseldum hlutum til þeirra hluthafa sem þess óska í hlutfalli við eignarhluta þeirra í Teymi, eins og hann er skráður í hlutaskrá Teymis hf. 15. mars 2007.
Þeim fagfjárfestum sem fá úthlutað hlutum í útboðinu verður send tilkynning um samþykki stjórnar á áskrift þeirra í lok útboðsins.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TEY 36806 03/07

Landsbankinn

TEYMI

## Svona erum við

> Meðalatvinnutekjur á mánuði eftir aðalstarfi í nokkrum atvinnugreinum árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NÁMUSLYS

## *Mannskæðustu námuslysin í Kína*

Mannskæðasta námuslys síðan á tímum Sovétríkjanna átti sér stað í Rússlandi í vikunni þar sem 107 manns létust. Námuslys eru hættuleg og oft á tíðum mannskæð slys sem verða við nám á steinefnum undir yfirborði jarðar.

**Hverjar eru helstu orsakir námuslysa?**
Dæmi um orsakir sem geta legið að baki námuslysum eru leki á eitruðum eða sprengifimum lofttegundum, hrun úr veggjum, flóð, bilanir í útbúnaði eða röng notkun hans.
Góð og öflug loftræsting í námum er talin mikilvægt öryggistæki.

**Hvar verða flest námuslys?**
Flest dauðföll vegna námuslysa eiga sér stað í þróunarríkjum og afskekktum héruðum af þróaðri ríkja. Langflest dauðföll vegna námuslysa verða í Kína, eða 80 prósent, þó að námuframleiðsla landsins nemi einungis um 35 prósentum af heimsframleiðslunni.
Samkvæmt opinberum tölum létust 4.746 kínverskir kolanámuverkamenn árið 2006 í sprengingnum, flóðum og öðrum slysum. Þó létust 20,1 prósenti færri í námuslysum það ár frá árinu áður á meðan framleiðsla jókst um 8,1 prósent.

**Hvert er mannskæðasta námuslys sögunnar?**
Mannskæðasta námuslys sögunnar varð í Benxihu-kolanámunni í Liaoning í Kína árið 1942 þegar 1.549 námuverkamenn létust á einu bretti í kolaryksprengingu.

**Heimild: Wikipedia**



## SPURT & SVARAÐ
### ÚTHLUTANIR ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI ALDRAÐRA

## *Á að nýta í hag aldraðra*

Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara ákvað nýverið að leita til Ríkisendurskoðunar vegna fjárveitinga heilbrigðisráðherra úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Telur sambandið að ráðherrann hafi farið full frjálslega með fjárveitingar úr sjóðnum og ekki farið að fullu að lögum.



**BORGÞÓR KJÆRNESTED**
Framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara

**Til hvers á Framkvæmdasjóður aldraðra að vera?**
Úthlutanir úr honum ætti að nýta til að byggja upp búsetu og vistunarúrræði fyrir aldraða. Það er nú fyrsta frumskylda sjóðsins.
**Hvað er það helst sem mætti betur fara við úthlutun úr honum?**
Að meira fé yrði veitt til að leysa úr biðröðum á stofnunum fyrir aldraða.
**Er of miklu fé úr sjóðnum varið í önnur verk en að beina þjónustu við aldraða?**
Já.




# Áhrifin eru jafn umdeild og áður

**Árlegar tekjur Hafnarfjarðarbæjar verða um það bil fjórir milljarðar króna ef álver Alcan stækkar; um 140-200 þúsund krónur á hvern Hafnfirðing. Þetta er mat Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Samkvæmt því munu árlegar tekjur bæjarins aukast um 170-230 milljónir króna, sem svarar til 6-8 þúsund króna á hvern Hafnfirðing. Samtök atvinnulífsins telja þetta villandi mat þar sem horft sé fram hjá veigamiklum þáttum.**



**TEKJUAUKINN 200-1.000 MILLJÓNIR** Skiptar skoðanir eru enn um það hversu mikið tekjur Hafnarfjarðarbæjar aukist ef álverið í Straumsvík verði stækkað. Hagfræðistofnun metur tekjuauka bæjarins á um 200 milljónir króna á ári og telur fasteignaskattinn vega þar þyngst. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fengu Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að taka saman skýrslu um áhrif stækkunar álversins fyrir Hafnfirðinga. Í skýrslunni er hvorki litið til svæðisbundinna áhrifa á hag Hafnfirðinga á framkvæmdatíma né þjóðhagslegra áhrifa á hagkerfið. Þá er ekki tekið tillit til umhverfisskaða eða ábata af því að færa tvær háspennulínur: Ísallínu og Kolviðarhólslínu 2.

Gert er ráð fyrir að framleiðsla hefjist í álverinu árið 2011 og að álverið verði rekið í 50 ár. Að meðtöldum heildartekjum af Straumsvíkurhöfn er gert ráð fyrir að tekjur Hafnarfjarðarbæjar, vegna stækkunarinnar, verði á bilinu 3,4 til 4,7 milljarðar króna eða 140 til 200 þúsund krónur á hvern Hafnfirðing í heildina. Tekjuauki bæjarins er metinn á 170-230 milljónir króna á hverju ári; um 6-8 þúsund krónur á hvern Hafnfirðing á ári.

**Fasteignaskattur vegur þyngst**
Stærstur þáttur í auknum tekjum sveitarfélagsins er fasteignaskattur en einnig aukast tekjur vegna aukinnar umferðar um hafnarsvæðið. Hafnfjörður mun spara um 560 milljónir að núvirði við það að háspennulínur verði lagðar í jörð.

Tekjur af höfninni í Straumsvík má samkvæmt hafnalögum aðeins nýta til reksturs hafna eða endurbóta á þeim. Ef ekki er tekið tillit til hafnargjalda munu tekjur bæjarfélagsins verða um 2,2 milljarða króna; um nítíu þúsund krónur á hvern bæjarbúa. Tekjuauki bæjarbúa yrði þá um 110 milljónir; um fjögur þúsund krónur á mann á hverju ári.

Ef álverið hættir starfsemi og er lokað árið 2014 gæti núvirt tekjutap bæjarins numið um 600 milljónum króna. Bróðurpartur þess taps, um 450 milljónir, væri tapaðar útsvarstekjur og afgangurinn kemur fram í lægri fasteignaskatti.

Samtökin Sól í Straumi, sem beita sér gegn stækkun álversins, fagna niðurstöðum skýrslunnar og telja sýnt fram á að tekjur Hafnarfjarðarbæjar af álversstækkun upp á 800 til 1.000 milljónir á ári hafi verið stórlega ýktar.



**TRYGGVI SKJALDARSON** „Menn geta þvargað endalaust," segir Tryggvi Skjaldarson, starfsmaður Alcan, en „þetta er að minnsta kosti milljarður".



**HANNES SIGURÐSSON** Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur áhrifin margföld á við mat Hagfræðistofnunar.

„Það kemur líka skýrt fram í skýrslunni að stækkun álvers mun engu breyta um þróun atvinnumarkaðar í Hafnarfirði," segir í tilkynningu frá Sól í Straumi og vitnað í skýrsluna þar sem segir að ólíklegt sé að stækkun álvers breyti nokkru um atvinnuleysi í Hafnarfirði þegar fram í sæki. Langtímaatvinnuleysi ráðist af grunnþáttum hagkerfisins, til dæmis skattakerfi og atvinnuleysisbótum, og einstök fyrirtæki breyti þar litlu.

**Hreinn og klár milljarður**
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hefur sagt að tekjur bæjarins verði um 490 milljónir króna þegar Alcan fari að starfa í íslensku skattaumhverfi. Eftir stækkun verði þetta um 1.431 milljón króna, sem er aukning um 941 milljón á ári.

Samtök atvinnulífsins benda á að ekki sé fjallað um aukin viðskipti Alcan við birgja í Hafnarfirði eftir stækkun, en í dag nema þessi viðskipti um 1.400 milljónum króna. Þau aukist líklega í 3.600 milljónir á ári eftir stækkun. Ávinningur Hafnfirðinga af stækkun sé því „margfaldur á við mat Hagfræðistofnunar".

Þá fái ekki staðist að íbúum og störfum fjölgi jafn mikið með stækkun og án hennar, auk þess sem ekki sé tekið tillit til útflutningstekna og margfeldisáhrifa. Umhverfisáhrif séu hnattræn.

Tryggvi Skjaldarson, starfsmaður Alcan, telur að skýrsla Hagfræðistofnunar geri ekkert annað en að rugla fólk. Staðreyndin sé sú að tekjur Hafnarfjarðarbæjar muni aukast um meira en milljarð á ári.

„Menn geta þvargað endalaust um það hvaða tölur þetta eru nákvæmlega en það er hreint og klárt að þetta er að minnsta kosti milljarður á ári," segir hann.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

# NÚ Á BESTA STAÐ Í BÆNUM

## BESTA OPNAR AÐ ÁRMÚLA 23 MEÐ ENN MEIRA VÖRUÚRVAL

**Besta** er flutt úr gamla húsnæðinu á Suðurlandsbraut í nýtt og rúmbetra húsnæði við **Ármúla 23**. Í nýju búðinni er enn meira vöruúrval, auk hreingerningavara og áhalda bjóðum við kaffivélar, borðbúnað, eldhúsáhöld, raftæki og margt fleira.




| | | | |
|---|---|---|---|
| Grundargötu 61 • Grundarfirði<br>Sími: 430 0000 | Brekkustíg 39 • Njarðvík<br>Sími: 420 0000 | Miðási 7 • Egilsstöðum<br>Sími: 470 0000 | Ármúla 23 • Reykjavík<br>Sími: 510 0000 |

BESTA

*- hrein fagmennska!*

Tilboðin gilda til 1. apríl



BÓNUS
Lamba Fille
LAMBAFILLE
20% afsláttur við kassann
KS lambalæri frosið kílóverð nú:
879 KR.
Merkt verð 1098KR.
KS lambahryggur frosinn kílóverð nú:
999 KR.
FROSIÐ LAMBAFILLE kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
ERAN/Landlist
Lambakjöts- og kjúklingaveis
Stjáni bakari stendur sig!
EKKERT BRUÐL
HEIMILISBRAUÐ
129 KR.
770g
Gulrótarterta
598 KR.
890g
Bónus býður betur!
25% afsláttur við kassann
norðanfiskur
GRAFINN LAX Bitar
REYKTUR/GRAFINN LAX kílóverð nú:
1125 KR.
Merkt verð 1501KR.
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
159 KR.
350 ml
Graflax sósa
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
Heimilisbrauð 770g


Lambalundir
FROSNAR LAMBALUNDIR
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
20%
afsláttur
við kassann
LAMBA-LUNDIR
Einiberja
lambalæri
40%
afsláttur
við kassann
Einiberjakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
EINIBERJA LAMBALÆRI
kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
EKKERT
BRUÐL
Sjáðu
verðið!
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
898 KR.
Merkt verð 998KR.
la með lokkandi ívafi í Bónus!
Ferskar
bringur
Ferskur Holtakjúklingur
SKINNLAUSAR BRINGUR
FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1565 KR.
Merkt verð 2407KR.
35%
afsláttur
við kassann
Læri og leggir
40%
afsláttur
við kassann
Ferskur Holtakjúklingur
Læri og leggir
kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
Kjúklingavængir
50%
afsláttur
við kassann
Ferskir
bitar
Ferskir vængir
kílóverð nú:
150 KR.
Merkt verð 300KR.
Ferskur Holtakjúklingur
VÆNGIR
Holta-
kjúklingur
www.bonus.is
BÓNUS

## Útgjöldin

> Kílóverð á tekexi, miðað við nóvembermánuð á hverju ári.




# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, VARAFORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

# Mörg skelfilega vond fatakaup



„Þar sem ég sit hér og mæni á sparistellið mitt liggur beinast við að nefna það sem mín bestu kaup,“ segir Katrín Jakobsdóttir, íslenskufræðingur og varaformaður Vinstri grænna.

„Ég keypti þetta stell hjá Þorsteini Bergmann fyrir fimm árum og það er enn eins og nýtt. Það kostaði eiginlega ekki neitt á sínum tíma, er einstaklega fagurt með gulum og appelsínugulum blómum og vekur aðdáun allra minna matargesta.“

Varaformaðurinn kveðst þó hafa keypt köttinn í sekknum í ófá skipti, sérstaklega í fataverslunum.

„Ég hef gert mörg skelfilega vond fatainnkaup, virkilega vond. Stundum kemur eitthvað yfir mig í búðinni og ég kaupi flíkur sem mér líst vel á en um leið og heim er komið hristi ég hausinn og spyr; hvað var ég að spá?“

Katrín telur til mýmörg dæmi, um gylltan samkvæmisklæðnað sem var aldrei notaður en alljótasta flíkin sem hún hefur keypt var gallavesti.

„Það var greinilega á talsvert stærri konu en mig og skreytt með stórum rauðum blómum. Einhverra hluta vegna leist mér vel á þetta í búðinni auk þess sem það kostaði lítið, en þetta vesti er góðu heilli ekki lengur til.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### ENGIFER Í FRYSTI

■ *Listakokkurinn Friðrik Valur Karlsson á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri geymir engifer í frysti.*



„Ég nota röddina mikið og drekk því mikið engiferte. Oft hef ég rekið mig á það að ferskt engifer er fljótt að verða seigt og trefjótt þegar maður geymir það í kæli. Ég er því farinn að skella því beint í frystikistuna þegar ég kem með það heim úr búðinni,“ segir Friðrik og bætir því við að með því að geyma engifer í frysti sé ekki aðeins verið að halda í gæðin heldur sé einnig auðvelt að vinna með rótina þegar hún er frosin. „Ef maður á gott rifjárn er best að rífa engiferrótina niður meðan hún er enn frosin,“ segir Friðrik.

■ **Dýrahald**

## Skrautfiskar á heimilum



Til að gæludýrin þrífist sem best þarf að huga vel að umhirðu þeirra og aðbúnaði. Skrautfiskar hafa átt erfitt uppdráttar á mörgum heimilum, börnum og fullorðnum til mikillar armæðu, en til að fiskarnir þrífist sem best er nauðsynlegt að hafa gott og hreinlegt fiskabúr og sýrustig (pH) um sjö. Flestir skrautfiskar þola ágætlega venjulegt kranavatn. Í fiskabúrinu getur nitur verið fljótt að magnast upp vegna niðurbrots á fóðurleifum, saur og rotnandi lífverum og orðið að eitri fyrir fiskinn. Því er mikilvægt að halda fóðurgjöf í lágmarki. Mikilvægt er að gefa nýjum búrum tíma áður en fiskum er sleppt út í. Ef lífhreinsir er settur út í raskast jafnvægið í búrinu og því má aldrei skipta um vatn og hreinsa lífhreinsi sama dag. Best er að láta nokkrar vikur líða á milli.

Sjá nánar á www.dyr.is

■ **Lækkun virðisaukaskatts**

## Fleira lækkar en maturinn



Það fór varla framhjá neytendum að matvælaverð lækkaði um síðastliðin mánaðamót. Öllu minni umræða hefur hins vegar verið um aðrar lækkanir á virðisaukaskatti sem þó tóku gildi á sama tíma.

Húshitunarkostnaður lækkaði en hitaveita, rafmagn og olía til húshitunar báru áður fjórtán prósenta virðisaukaskatt sem nú hefur lækkað niður í sjö prósent. Þá hefur skattur á bókum lækkað úr fjórtán prósentum niður í sjö og virðisaukaskatttur á hljómplötum hefur lækkað úr 24,5 prósentum niður í sjö.

Áskriftargjöld fjölmiðla lækka einnig, sem og skattheimta af vegamannvirkjum. Vegtollur í Hvalfjarðargöngum hefur því lækkað.

Skattalækkanir um síðustu mánaðamót hafa því áhrif víða og leiða til rúmlega tveggja prósenta lækkunar á vísitölu neysluverðs.

■ **Neytendaverðlaunin 2007**

## Bónus valið fyrirtæki ársins

Neytendaverðlaunin voru afhent 15. mars síðastliðinn í tilefni af alþjóðadegi neytendaréttar. Val á fyrirtæki fór fram með netkosningu og þau tíu fyrirtæki sem hlutu flestar tilnefningar frá neytendum komust áfram í úrslit. Rúmlega 7.000 neytendur greiddu atkvæði í síðari atkvæðagreiðslunni og varð verslunin Bónus hlutskörpust og hlaut því Neytendaverðlaunin 2007. Fyrirtækin Iceland Express og Atlantsolía urðu í öðru og þriðja sæti og hlutu hvatningarverðlaun.

Það voru Neytendasamtökin og Bylgjan sem veittu verðlaunin.






**PÁSKAEGG** Nú fer að styttast í páska og tími til kominn að athuga hvar kaupin á þeim eru hagstæðust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mest nammi í Freyjueggi

**Það fer að styttast í páska og þá er ómissandi fyrir mörg börnin að byrja á því að finna páskaeggið í leynum. Smekkur manna er misjafn og vilja sumir meira súkkulaði á meðan aðrir vilja besta innihaldið. Fréttablaðið gerði litla verðkönnun til að athuga hvað páskaeggin kosta og hvaða góðgæti finnst inni í þeim.**

Þrír umsvifamestu innlendu framleiðendur páskaeggja þetta árið eru Freyja, Góa og Nói-Síríus. Þar fyrir utan láta sumar verslanir, líkt og Bónus, framleiða fyrir sig egg sérstaklega. Fréttablaðið fór á stúfana í Bónus, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónuna, Nettó, Nóatún og Samkaup til að athuga verð og innihald páskaeggja frá þessum þremur stærstu framleiðendum, Góu eggi númer 6, Freyjurís eggi númer 9 og Nóa-Síríus eggi númer 6. Af þessum eggjum er eggið frá Nóa-Síríusi stærst, 600 grömm, en sælgætið sem fylgdi hverju eggi var mest hjá Freyju, 272 grömm. Eggin frá Freyju og Nóa-Síríusi voru ódýrust hjá Bónus. Eggið frá Góu var ekki til hjá Bónus, og var það ódýrast hjá Samkaupum í Hafnarfirði.

### Páskaegg númer 6 frá Góu

„Spyr sá sem ekki veit,“ segir málshátturinn í páskaeggi númer 6 frá Góu, en eggið vegur 530 grömm. Inni í egginu má finna alls konar góðgæti, eins og karamellur, kúlur, lakkrís, sleikjó, hlaup, konfekt og fleira, og vó innihaldið 202 grömm og því rúm 38 prósent af egginu. Minnst sælgæti var því í Góuegginu.

Ódýrast er eggið hjá Samkaupum í Hafnarfirði, 1.099 krónur, en dýrast í Nóatúni, 1.399 krónur.

### Rísegg númer 9 frá Freyju

„Allt sem þú þarft í lífinu er þekkingarskortur og sjálfstraust,“ segir málshátturinn í Ríseggi númer 9. Auk eggsins fylgirríssúkkulaðistöng og er eggið sjálft úr ríssúkkulaði, í stað hreins súkkulaðis. Samkvæmt umbúðunum átti eggið að vega 475 grömm, en við vigtun kom í ljós að allt eggið vó 520 grömm, eða 495 grömm án ríssúkkulaðisins. Af öllum eggjunum fylgir mest sælgæti Freyjuegginu, 272 grömm, en 245 grömm ef ríssúkkulaði er ekki tekið með í reikninginn. Sælgætið er því 52 prósent af heildarþyngd eggsins. Það sælgæti sem fylgir er meðal annars kúlur, karamellur, konfektmolar, hrískúlur, möndlur og hlaupeðlur.

Lítill verðmunur er á Freyjueggjum í Bónus og Krónunni, en Bónus er þó krónu ódýrari og kostar eggið 1.398 krónur. Dýrast var eggið í Nóatúni, þar sem eggið kostar 1.698 krónur.

### Páskaegg númer 6 frá Nóa-Síríus

„Sjaldan er það að einskis sé áfátt,“ segir í páskaegginu númer 6 frá Nóa-Síríusi. Eggið allt vegur 600 grömm, en þar af vegur innvolsið 243 grömm. Sælgætið er því rúm 40 prósent af heildarþyngd eggsins. Í egginu má meðal annars finna brjóstsykur, kúlur, karamellur, konfektmola og gúmmí.

Lítill verðmunur er á milli Krónunnar og Bónus, en líkt og með Freyjueggið bauð Bónus einni krónu betur og selur eggið á 1.398 krónur. Dýrast var eggið í Nótatúni, þar sem eggið kostaði 1.698 krónur.



svanborg@frettabladid.is

### GÓA PÁSKAEGG NÚMER 6

**530 grömm**

| Búð | Verð |
|---|---|
| Bónus | - |
| Fjarðarkaup | 1.189 |
| Hagkaup | 1.299 |
| Krónan | 1.199 |
| Nettó | 1.202 |
| Nóatún | 1.399 |
| Samkaup | 1.099 |

### FREYJA RÍSEGG NÚMER 9

**475 (520) grömm**

| Búð | Verð |
|---|---|
| Bónus | 1.398 |
| Fjarðarkaup | 1.462 |
| Hagkaup | 1.695 |
| Krónan | 1.399 |
| Nettó | - |
| Nóatún | 1.698 |
| Samkaup | - |

### NÓI-SÍRÍUS EGG NÚMER 6

**600 grömm**

| Búð | Verð |
|---|---|
| Bónus | 1.598 |
| Fjarðarkaup | 1.727 |
| Hagkaup | 1.675 |
| Krónan | 1.599 |
| Nettó | 1.632 |
| Nóatún | 1.985 |
| Samkaup | 1.795 |


BT
SALA HEFST
KL: 23.59
Í KVÖLD
Í BT Skeifunni
SONY
PLAYSTATION 3
69.999
BT
NÖRD
Ertu í vandræðum með að tengja nýju PS3 tölvuna þína eða nærðu ekki að klára Resistance: Fall of Man? Hringdu í BT Nördinn í 534-0773 eða 5340-PS3 og fáðu hjálp frá alvöru leikjanördum! Það er opið 24 tíma á dag, 7 daga vikunnar.
48 BOMBUR FYLGIR
6.999
BT LÁN™
BT 6.789*
12 mánaða
BT 3.817
24 mánaða

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.444 **+0,82%** **Fjöldi viðskipta:** 480 **Velta:** 6.599 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Tryggingamiðstöðin** | +5,63% | **Marel** | -1,32% |
| **Mosaic** | +2,60% | **Eimskipafélagið** | -0,88% |
| **Actavis** | +1,87% | **Alfesca** | -0,81% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,62 +0,28% ... Actavis 70,80 +1,87% ... Alfesca 4,89 -0,81% ... Atlantic Petroleum 625,00 +1,63% ... Atorka 6,63 +0,00% ... Bakkavör 64,50 +0,78% ... Eimskipafélagið 34,00 -0,88% ... FL Group 30,00 +0,00% ... Glitnir 26,60 +0,38% ... Kaupþing 1.032 +1,18% ... Landsbankinn 31,80 +0,32% ... Marel 75,00 -1,32% ... Mosaic Fashions 15,80 +2,60% ... Straumur-Burðarás 20,00 +0,50% ... Össur 123,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Hvítflibbarnir fara**

Stjórnendur Eimskipafélagsins stefna að því að selja eignir út úr kæligeymslufyrirtækinu Atlas Cold Storage, sem gæti skilað þeim öllu kaupverðinu til baka. Þá er unnið að því að bæta rekstur Atlas með lækkun rekstrarkostnaðar og hækkun tekna. Starfsmönnum félagsins hefur fækkað um 200 manns eftir að Eimskipafélagið tók það yfir en „hvítflibbar“ og gamlir lykilstjórnendur eru í hópi þeirra sem hafa fengið að taka pokann sinn. Þessar aðgerðir koma spánskt fyrir sjónir þegar orð Reynis Gíslasonar, forstjóra Atlas, frá því er yfirtökunni lauk eru höfð í huga. Hann sagði þá: „Atlas er framúrskandi fyrirtæki með sterkt stjórnendateymi sem hefur skilað góðum árangri að undanförnu og á þessum styrku stoðum ætlum við að byggja enn frekar …“



**Bakkavör styður við nýsköpun**

Það færist í aukana að íslensk stórfyrirtæki veiti fé til afmarkaðra verkefna í Háskóla Íslands. Bakkavör Group og Háskóli Íslands hafa gert með sér samning um að félagið styrki viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands um fimm milljónir á ári, árin 2007, 2008 og 2009. Á móti skuldbindur viðskipta- og hagfræðideild sig til að hafa ævinlega í boði kennslu í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum sem tekur mið af nýjustu þekkingu í þeim fræðum. Einnig mun hún stunda reglubundnar rannsóknir á sviði frumkvöðla- og nýsköpunarfræða. Kristín Ingólfsdóttir rektor, Ingjaldur Hannibalsson prófessor og Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, undirrituðu samninginn við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands í gær.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,4 prósent í apríl. Gangi það eftir lækkar verðbólga úr 5,9 prósentum í 5,1 prósent.

Samkeppniseftirlitið sér ekki ástæðu til að aðhafast vegna kaupa Bílanausts hf. á Bæjardekki ehf. og Dekki.is annars vegar og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. hins vegar. Samkeppniseftirlitið segir samrunann ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif, auk þess sem innflutningur á dekkjum sé auðveldur og veiti umtalsvert verðaðhald.

Launavísitalan hækkaði um 0,3 prósent á milli mánaða í febrúar, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Vísitalan hefur hækkað um 9,8 prósent síðastliðna tólf mánuði.

# *Sainsbury óskar eftir lengri tíma*

Stjórn bresku matvörukeðjunnar Sainsbury er sögð fylgjandi því að biðla til bresku yfirtökunefndarinnar um að framlengdur verði lokafrestur fjárfestahópsins CVC til að leggja fram yfirtökutilboð í keðjuna. Breska dagblaðið Times hefur eftir Philip Hampton, stjórnarformanni Sainsbury, sem er þriðja stærsta matvörukeðja Bretlands, að hann sé tilbúinn til að fara fram á lengri frest á meðan CVC íhugar tilboð. Fjölmiðlum í Bretlandi þykir þetta auka enn líkurnar á að Sainsbury falli CVC í skaut leggi hópurinn fram tilboð.



**INNKAUPAPOKI** Til athugunar er ósk eftir framlengingu frests til að leggja fram yfirtökutilboð í Sainsbury.

Nokkrir hafa verið orðaðir við Sainsbury, þar á meðal Baugur sem nýtti sér hækkun á gengi bréfa í keðjunni og seldi með góðum hagnaði. Þessu til viðbótar lýsti fyrir skömmu hópur bandaríska fjárfesta yfir áhuga sínum og orðrómur er um áhuga þriðja fjárfestahópsins.

Breska yfirtökunefndin gaf fjárfestum frest til 13. apríl til að leggja fram formlegt tilboð. Rætt hefur verið um að tilboð í Sainsbury komi til með að hljóða upp á 11 milljarða punda, jafnvirði 1.436 milljarða íslenskra króna, hið minnsta.

**- jab**

Tilkynning
um birtingu lýsingar

Teymis hf.
22. mars 2007

Teymi hf. hefur gefið út lýsingu vegna hlutafjárútboðs félagsins sem hefst klukkan 10, fimmtudaginn 22. mars 2007 og lýkur klukkan 16, föstudaginn 23. mars 2007.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef Teymis, www.teymi.is, vef Landsbankans, www.landsbanki.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., www.icex.is. Prentuð eintök er hægt að nálgast hjá útgefanda, Teymi hf., Skútuvogi 2, Reykjavík, og hjá umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5., 3. hæð, Reykjavík.

Fyrirhugað er að hækka hlutafé Teymis um 842.105.263 hluti og skrá hlutafjárhækkunina í Kauphöll Íslands hf. eigi síðar en 3. apríl 2007. Nýir hlutir í Teymi verða seldir í hlutafjárútboði á genginu 4,75 krónur á hvern hlut.

Allir hlutir í Teymi eru í einum flokki og eru jafnréttháir. Heildarfjöldi hluta í Teymi að lokinni fyrirhugaðri hlutafjárhækkun verður 3.570.305.263 hlutir.

**Nánari upplýsingar um útboðið og skilmála þess má finna í lýsingu Teymis.**

Landsbankinn TEYMI

ÍSLENSKA/SIA.IS/TEY 36806 03/07

# Fengju kaupvirðið til baka

**Hf. Eimskipafélagið gæti fengið nær allt kaupverð Atlas Cold Storage til baka með eignasölu fyrir tæpa 35 milljarða króna. Horft er til kanadískra lífeyrissjóða sem kaupenda. Tap varð á rekstri félagsins á fyrsta ársfjórðungi.**



**FRÁ SUNDAHÖFN** Unnið er að áreiðanleikakönnun á Atlas Cold Storage, dótturfélagi Hf. Eimskipafélagsins, vegna sölu á eignum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hf. Eimskipafélag Íslands undirbýr sölu fasteigna dótturfélagsins Atlas Cold Storage til erlendra og jafnvel íslenskra fjárfesta með fulltingi Royal Bank of Canada. Fyrirtækið hefur í hyggju að leigja eignir þessa annars stærsta frysti- og kæligeymslufyrirtækis Norður-Ameríku til baka á sem hagstæðustum kjörum.

Forstjórinn Baldur Guðnason býst við að sala á fasteignum og lóðum geti skilað félaginu yfir 600 milljónum Kanadadala, tæpum 35 milljörðum, sem er heldur yfir því markaðsvirði sem upphafleg athugun gerði ráð fyrir. Þegar fyrirtækið yfirtók Atlas síðla árs 2006 nam heildarvirði félagsins 630 milljónum Kanadadala að meðtöldum öllum kostnaði vegna yfirtökunnar.

„Við förum inn með óbundnar hendur til þessa verkefnis en teljum að kanadískir lífeyrissjóðir gætu verið áhugasamir kaupendur,“ segir Baldur. Lífeyrissjóðir í Kanada horfa á fjárfestingar til lengri tíma, sem felur í sér lægri ávöxtunarkröfu. Einnig kemur til greina að fyrirtækið sjálft taki hlut í félagi utan um eignirnar.

Með sölunni léttist á skuldsetningu Eimskipafélagsins og gera stjórnendur þess ráð fyrir að eiginfjárhlutfall samstæðunnar fari úr 29 prósentum í 35. Baldur bendir á að kaup félagsins í Atlas og Daalimpex, einu stærsta frystigeymslufyrirtæki Evrópu, eru öðrum þræði fjárfesting í eignum og lóðum og því fæst sjálfur rekstrurinn fyrir lítið sem ekkert.

Baldur hefur verið ráðinn forstjóri Hf. Eimskipafélagsins en hann var forstjóri dótturfélagsins Eimskips. Félögin tvö munu brátt sameinast undir merkjum Hf. Eimskipafélagsins.

Fyrirtækið tapaði sex milljónum evra, um 530 milljónum króna, á fyrsta ársfjórðungi rekstrarársins, sem lauk í janúar. Er þetta jafnan lakasti fjórðungurinn en hagnaður var undir spám greiningardeilda bankanna. Umbreytingar í rekstri settu svip sinn á uppgjörið, til dæmis voru fjármagnsliðir neikvæðir um 1,6 milljarða en þar af féllu 700 milljónir eingöngu til vegna skulda af Atlas-kaupum.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 2.850 milljónum króna. „Ég er ánægður með fjórðunginn, við teljum okkar hafa náð góðum árangri,“ sagði Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins, á kynningarfundi í gær.

**eggert@frettabladid.is**

# Deila Finnair og FL Group leyst

Skorið hefur verið á hnútinn í deilu stjórnar Finnair og FL Group með þeim hætti að Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, tekur sæti í stjórninni. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, dregur um leið til baka framboð sitt til stjórnar. Aðalfundur Finnair er í dag.

Finnska ríkið, stærsti eigandi Finnair, og stjórn flugfélagsins höfðu sett sig upp á móti stjórnarsetu Hannesar og tilnefnt átta menn í stjórn. Nú hafa verið gerðar breytingar á þeim lista og Sigurði bætt við.

Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, forstöðumanns upplýsingasviðs FL Group, var lögð áhersla á að leysa málið með farsælum hætti þannig að það kæmi félaginu sem best. Þannig fer Sigurður í raun ekki inn í stjórnina sem fulltrúi FL Group heldur fremur sem óháður fulltrúi allra hluthafa. Á þetta var lögð áhersla af hálfu finnska ríkisins og stjórnarinnar þar sem um almannahlutafélag væri að ræða.

„Við lögðum áherslu á að geta boðið Finnair ákveðna reynslu og þekkingu í alþjóðlegum flugrekstri og teljum því marki vel náð með því að Sigurður samþykkti að taka sæti í stjórninni. Svo teljum við um leið að það auki verðgildi hluta allra hluthafa að fá inn jafn reyndan mann úr þessum geira,“ segir Kristján.



**SIGURÐUR HELGASON OG HANNES SMÁRASON** Sigurður, sem er fyrrverandi forstjóri Flugleiða, tekur sæti í stjórn Finnair og Hannes Smárason, forstjóri FL Group, dregur framboð sitt til baka á aðalfundi Finnair í dag.

FL Group fer með rúmlega 22,3 prósenta eignarhlut í Finnair og er næststærsti hluthafinn í félaginu. Um fimm prósent hlutarins eru bundin í framvirkum samningum.

# Kaupa meira í Storebrand

Kaupþing keypti 1,9 prósenta hlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand fyrir 4,9 milljarða króna í gær. Þetta kom fram á fréttasíðunni E24. Þar sem bankinn þarf ekki að tilkynna um þessi viðskipti til Kauphallarinnar í Ósló er óvíst hvort bréfin voru keypt fyrir bankann sjálfan eða fyrir kúnna.

Kaupþing flaggaði 10,43 prósenta hlut í Storebrand á þriðjudaginn, degi eftir að bankinn fékk heimild til að fara með allt að fimmtungshlut í norska bankanum. Bankinn varð þar með stærsti hluthafi norska fyrirtækisins. Frá ársbyrjun hefur gengi hlutabréfa í Storebrand hækkað um 22 prósent. **- eþa**

# Bankarnir stóðu sig betur en síðast

Íslensku viðskiptabankarnir og fjárfestingarbankinn Straumur-Burðarás stóðust allir álagspróf Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður voru birtar í gær, en eftirlitið framkvæmir slík álagspróf með reglubundnum hætti.

Síðast voru birtar niðurstöður fyrir hálfu ári og var eiginfjárhlutfall allra bankanna (CAD-hlutfall) hærra núna en þá.

Í prófinu felst reiknilíkan þar sem margvísleg áföll eru látin ganga yfir bankana á sama tíma. Látið er sem hlutabréf lækki og markaðsskuldabréf, vaxtafryst/virðisrýrð útlán og fullnustueignir, auk þess sem reiknað eru inn í myndina áhrif af lækkun á gengi krónunnar. Þrátt fyrir þessi samhliða áföll má eiginfjárhlutfall bankanna ekki fara niður fyrir lögboðið lágmark.

Á vef Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) má sjá niðurstöður álagsprófanna einstökum bönkum auk niðurstaðna í síðasta prófi.

Álagsprófið nú miðaði við stöðu mála um áramót, en fyrra próf við júnílok 2006. **- óká**




GRAND PARCO DEI PRINCIPI ★★★★★



Afar glæsilegt hótel, staðsett miðsvæðis rétt við hinn fræga og fallega garð, Villa Borghese. Þar er m.a. að finna meistaraverk Raphaels, Rubens Bernini og Canova. Stuttur gangur að Via Veneto, Piazza Spagna og verslunargötunni Via Condotti.

**Verð frá: 69.592,-**
á mann 1 vika, brottför 17. júlí, m.v. 2 í herbergi.

GRAND BEVERLY HILLS ★★★★



Mjög gott hótel í göngufæri við Via Veneto götuna og Villa Borghese garðinn. Um það bil 20 mín gangur að Spænsku tröppunum. Góðar samgöngur eru frá hótelinu að miðbænum.

**Verð frá: 54.633,-**
á mann 1 vika, brottför 17. júlí, m.v. 2 í herbergi.

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Í Róm er meira að skoða en nokkurri annarri borg í heiminum og í raun má segja að borgin sé eitt risavaxið listasafn. Það er gaman að versla í Róm, hvort sem er í verslunum heimsfrægra hönnuða, í freistandi sérverslunum við Spænsku tröppurnar eða á hinum líflega flóamarkaði Porta Portese. Á milli allra áhugaverðustu staðanna er stutt að fara og hvarvetna finnast garðar og torg til að hvíla lúin bein. Kvöldin í Róm eru seiðmögnuð og eftir dýrindis máltíð að hætti Rómverja er lagt út í nóttina og hið ljúfa líf tekur við.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN – LÁGMÚLA 4 – 108 REYKJAVÍK – SÍMI 585 4000 – FAX 585 4065 – INFO@UU.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópusambandið er fimmtugt um helgina.

## Ísland sem endranær á hliðarlínunni

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Nú á sunnudaginn eru rétt 50 ár liðin frá því að Rómarsáttmálinn var undirritaður, en með honum var Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) sett á laggirnar, fyrirrennari Evrópusambands nútímans.

Rómarsáttmálann undirrituðu á sínum tíma fulltrúar sex ríkja – Belgíu, Hollands, Lúxemborgar, Frakklands, Ítalíu og Vestur-Þýzkalands. Fríverzlunarsamtök Evrópu, EFTA, voru að frumkvæði Breta stofnuð í kjölfarið, sem tilraun til að koma á laustengdara efnahagssamstarfi Evrópuríkja en að var stefnt með Efnahagsbandalaginu. Það sýndi sig hins vegar fljótt, að EFTA myndi aldrei geta staðið EBE á sporði; strax snemma á sjöunda áratugnum gerðu Bretar sína fyrstu atlögu að því að ganga til liðs við EBE.

Eins og Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, hefur rakið ítarlega í bók sinni um sögu þátttöku Íslands í Evrópusamvinnunni, íhuguðu Íslendingar alvarlega að sækjast eftir inngöngu í EBE skömmu eftir að það var stofnað. En niðurstaðan varð sú að fylgja grannþjóðunum á Norðurlöndunum og Bretlandi í EFTA. EFTA-aðild Íslands gekk þó ekki í gildi fyrr en árið 1970, þegar þess var skammt að bíða að fjögur af þáverandi níu aðildarríkjum semdu um inngöngu í Evrópubandalagið, eins og EBE hét þegar hér var komið sögu. Bretland, Írland og Danmörk gengu í Evrópubandalagið árið 1972 en Norðmenn, sem einnig höfðu samið um aðild, felldu inngönguna í þjóðaratkvæðagreiðslu.

*Rétt eins og öll síðustu 50 ár fylgjast Íslendingar með af hliðarlínunni þegar leiðtogar álfunnar koma saman í Berlín um helgina til að minnast þessa merkisafmælis evrópska samrunaferlisins.*

Norðmenn áttu síðan 22 árum síðar eftir að „bjarga“ EFTA frá því að vera lagt niður sem fjölþjóðleg stofnun með því að hafna gerðum aðildarsamningi við Evrópusambandið öðru sinni (nafngiftin Evrópusambandið hafði verið tekin upp með gildistöku Maastricht-sáttmálans árið 1993). Þar með hélst fundafært í EFTA með fjórum aðildarþjóðum – Íslandi, Noregi, Liechtenstein og Sviss – og þar af hinum þremur fyrsttöldu sem aðildarríkjum EFTA-stoðar Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá því þetta gerðist hefur ESB-stoð EES vaxið úr tólf í 27 aðildarþjóðir, með samtals hátt í 500 milljónir íbúa. Í EFTA-stoðinni eru hins vegar aðeins um 5 milljónir íbúa. Þetta sýnir glögglega hversu mikið jaðarfyrirbrigði EES-samstarfið er í Evrópu nútímans. Innan ESB er enda löngu farið að tala um Evrópu og ESB sem samheiti.

Rétt eins og öll síðustu 50 ár fylgjast Íslendingar með af hliðarlínunni, þegar leiðtogar álfunnar koma saman í Berlín um helgina til að minnast þessa merkisafmælis evrópska samrunaferlisins. Það er hins vegar óhætt að slá því föstu að þeim verði ekki stætt á því í hálfa öld til viðbótar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Við bjóðum þér í skoðunarferð um álverið**

Verið velkomin í skoðunarferð um álverið í Straumsvík.

Skoðunarferðirnar verða á fimmtudögum kl. 17:00 og á laugardögum kl. 14:00. Hægt er að skrá sig á straumsvik.is eða í síma 555 4260.

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Glapræði og Evrópa

Eiríkur Bergmann, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, er að leggja lokahönd á nýja bók. Fyrir þá sem lásu bókina Glapræði eftir Eirík er ef til vill rétt að taka af öll tvímæli og árétta að hér er ekki á ferð önnur skáldsaga, heldur fræðirit þar sem Eiríkur er á heimavelli. Bókin mun bera titilinn Opið land – staða Íslands í samhengi þjóðanna. Í henni verður meðal annars rætt um Evrópusambandið en fáir þykja hafa jafn víðfeðma þekkingu á málefnum þess og Eiríkur. Þó hefur heyrst að sjálfstæðisfólki og vinstri grænum finnist að fræðibókin ætti að hafa sama titil og skáldsagan. Glapræði.



### Hjálmar kjörinn rektor

Mikið hefur verið rætt um hver eigi að taka við stöðu rektors í alþjóðlega háskólanum sem áætlað er að verði á svæði varnarliðsins á Suðurnesjum. Runólfur Ágústsson, sem gerði garðinn frægan á meðan hann starfaði við Háskólann á Bifröst, hefur oft verið nefndur sem tilvonandi rektor. En annað nafn hefur nú verið nefnt í þessu samhengi. Sjálfur Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, þykir kjörinn í starfið. Ekki er nóg með að hann hafi próf í skólastjórnun frá Bresku Kólumbíu-háskólanum í Kanada, heldur gegndi hann einnig starfi skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurnesja áður en hann var kjörinn á þing. Aðdáendur Runólfs þurfa þó ekki að örvænta því gárungar segja að þessir ágætu menn munu starfa saman að stjórnun skólans.



### Forföll valdhafa

Skemmst er að minnast þess þegar Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra varð að stíga úr ræðustól vegna veikinda sem reyndust vera sambland af álagi og flensu. Svipaða sögu hefur samfylkingarfólk í borgarstjórn að segja. Steinunn Valdís Óskarsdóttir er ein þeirra sem hafa þurft að taka sér veikindaleyfi. Steinunn var stödd erlendis þegar hjartsláttartruflanir fóru að angra hana og er hún því nú í rannsóknum og leyfi að læknisráði. Það er þó gert ráð fyrir að hún verði mætt til starfa fyrir borgina á mánudag.

karen@frettabladid.is

## Örlagastundin nálgast



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Framsóknarflokkurinn

Tilraun Framsóknarflokksins til að setja sameignarákvæði um fiskimiðin og aðrar náttúruauðlindir inn í stjórnarskrána í skyndingu skömmu fyrir kosningar fór út um þúfur. Orðalag ákvæðisins í frumvarpi formanna stjórnarflokkanna var ekki heppilegt, eins og Magnús Thoroddsen fyrrum hæstaréttardómari lýsti vel í Morgunblaðinu 15. marz. Fyrsta setning ákvæðisins „Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó svo að …“ vakti strax hugboð um, að auðlindirnar skyldu einmitt ekki vera sameign þjóðarinnar. Hefði hugur fylgt máli, hefði greinin hljóðað svo: „Náttúruauðlindir Íslands eru þjóðareign.“ Það orðalag er í samræmi við fyrstu grein fiskveiðistjórnarlaganna: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Enn betra væri „ævinleg þjóðareign“.

Á bak við átökin nú um þjóðareignarákvæðið er saga, sem vert er að rifja upp við og við. Þáverandi sjávarútvegsráðherra og síðar formaður Framsóknarflokksins hafði sérlega forgöngu um lögfestingu kvótakerfisins 1984 og auðgaðist sjálfur á öllu saman, en þó ekki eins ótæpilega og þáverandi varaformaður sama flokks auðgaðist á einkavæðingu Búnaðarbankans. Löngu síðar var lítils háttar veiðigjald leitt í lög til málamynda. Þetta má heita hámark ósvífninnar, eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku: að afhenda fyrst sameign þjóðarinnar útvöldum útvegsmönnum og sjálfum sér á silfurfati eftir rangsnúnum reglum og setja síðan upp glóandi geislabaug og krefjast þess, að eignin, sem búið er að gefa í reynd, verði eftirleiðis til frekari málamynda skráð sameign þjóðarinnar samkvæmt stjórnarskránni. Ályktun 29. flokksþings Framsóknarflokksins um efnahagsmál um daginn er sömu ættar. Núverandi formaður Framsóknarflokksins er ekki fyrr stiginn upp úr flokksbankastjórastóli sínum í Seðlabanka Íslands en flokksþingið ályktar um nauðsyn þess að „afnema pólitískar ráðningar seðlabankastjóra“. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Þessi ítrekaða óskammfeilni minnir einna helzt á manninn, sem myrti foreldra sína og bað um miskunn – og bar því við, að hann væri munaðarlaus.

Skoðanakannanir benda nú til þess, að Framsóknarflokkurinn kunni að bíða afhroð í alþingiskosningunum 12. maí og tapa kannski helmingi þingsæta sinna. Framsóknarmenn geta ekki kvartað undan því, að þeir hafi ekki verið varaðir við. Þeim var gerð skýr grein fyrir því í þrotlausum umræðum um kvótakerfið á sínum tíma og æ síðan, að ranglætið, sem í kerfinu felst, yrði ekki þolað og myndi að endingu koma höfundum kerfisins í koll með einum eða öðrum hætti. Örlagastundin nálgast grimm og köld, orti Snorri Hjartarson.

Banvænt ranglæti kvótakerfisins var og er þríþætt. Í fyrsta lagi var úthlutun kvótanna ranglát og er enn; það hefði verið réttlátara og hagkvæmara að selja kvótana en afhenda þá ókeypis, og þannig hefði sameignarákvæði laganna getað orðið virkt. Í annan stað var frjálst framsal kvótanna ótækt eins og allt var í pottinn búið: frjálst framsal gat því aðeins talizt réttlátt, að kvótarnir væru seldir í upphafi frekar en gefnir. Þessi innbyrðis þversögn í kvótakerfinu gekk fram af miklum hluta þjóðarinnar. Það, sem á vantaði til að rétta kúrsinn af, var réttlát úthlutun í upphafi með innheimtu veiðigjalds (eða uppboði) og frjálst framsal, en þeirri leið höfnuðu útvegsmenn og erindrekar þeirra á Alþingi.

Uppsveiflan í efnahagslífinu undangengin ár hefur dreift athygli og áhyggjum kjósenda frá ranglæti kvótakerfisins, og þá komum við að þriðja atriðinu, sem kann ásamt ýmsu öðru að kosta ríkisstjórnina þingmeirihluta sinn, ef svo fer sem horfir. Ranglæti smitar og hleður utan á sig. Ríkisstjórn, sem drekkur ranglæti eins og vatn, gengur sífellt lengra á sömu braut, unz mælirinn fyllist. Það liggur í hlutarins eðli. Eftir að hafa afhent útvegsmönnum kvótann tók ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins næsta skref og seldi bankana og önnur ríkisfyrirtæki völdum vinum sínum á undirverði. Um leið hefur ríkisstjórnin stuðlað að stórauknum ójöfnuði í þjóðfélaginu með því að þyngja skattbyrði láglaunafólks og hlaða undir auðmenn með skattfríðindum, og síðan bítur hún höfuðið af skömminni með því að þræta fyrir allt saman þvert á órækar upplýsingar, sem sjálfur forsætisráðherrann, þá fjármálaráðherra, lagði fyrir Alþingi 2005. Stjórnina brestur kjark til að horfast í augu við eigin gerðir. Þetta hljóta kjósendur að hafa í huga 12. maí.

## Smjörklípa í Kastljósi

UMRÆÐAN

Samráð olíufélaganna



FINNUR ÁRNASON

Í gær var sýnt í Kastljósi Ríkissjónvarpsins viðtal Sigmars Guðmundssonar við Kristin Björnsson, fyrrum forstjóra Skeljungs. Fyrrum og núverandi olíuforstjórar hafa um langt skeið setið persónulega undir þungum sökum vegna samráðs olíufélaganna. Tæplega er hægt að setja sig í spor þeirra einstaklinga, sem búa við þá réttaróvissu sem þeir hafa búið við í allt of langan tíma. Í því ljósi er skiljanlegt að í kjölfar dóms Hæstaréttar í síðustu viku sé mikill léttir þeirra á meðal.

Almennt átti ég erfitt með að skilja megininntak viðtalsins og ekki síður tilgang þess. Hvort það átti að vera tilraun til hvítþvottar veit ég ekki. Kristinn átaldi m.a. Samkeppnisstofnun. Á þeirri stundu var Sigmar ekki einn um að fá á tilfinninguna að ábyrgðin lægi ekki hjá Kristni, heldur einhvers staðar annars staðar. Þó að þjóðin hafi séð margar og stórar smjörklípur um dagana kom Kristinn með eina þegar hann sagði: „Ég er hins vegar að segja við þig, get alveg sagt það við þig að ég held til dæmis að samskipti forstjóra olíufélaganna á því tímabili sem að þarna er um að ræða frá 1991 eða 1993 til 2001, þau eru alveg örugglega minni heldur en til dæmis bankastjóra bankanna í dag eða þá segjum bara rekstraraðila stærstu matvöruverslananna í dag. Ekki sko fyrir tíu árum heldur í dag, þau eru örugglega minni og eru bara fullyrði það vegna þess að ég veit það“.

Þarna kemur Kristinn fram með ásökun, m.a. á hendur rekstraraðila stærstu matvöruverslananna. Ég hlýt að líta svo á að hún snúi m.a. að Högum. Þessi ásökun er hvort tveggja röng hvað Haga varðar og ekki síður ósvífin. Kristinn fullyrðir að hann hafi vitneskju um samskipti. Ég hvet Kristin Björnsson til þess að snúa sér til Samkeppniseftirlitsins, þar sem hann virðist hafa verið heimagangur í rúm fimm ár, og koma þessum upplýsingum á framfæri. Það verður að teljast með ólíkindum að fyrrum forstjóri Skeljungs, sem hýsti auk þess hinn fræga fingrafarafund, skuli nota svo ómerkilega smjörklípuaðferð sem þessa.

*Höfundur er forstjóri Haga hf.*

# MAX

## Langur fimmtudagur



**PS3 kemur á miðnætti!**

# Opið frá 11:00 til 00:30




**1.999 kr.**

## Þú kaupir PS3 og færð Borat DVD í kaupauka!

Héllo! My name is Borat. Þetta er ein fyndnasta mynd allra tíma!

## PakkaTilboð aldarinnar




**Philips 42PF7621D**
- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari
- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

42 tommur

+



## Þú kaupir Philips 42PF7621D sjónvarp og PS3 fylgir með!

**269.989 kr.**

10stk Fullt verð ~~467.989~~



Takmarkað magn
Fyrstir koma – fyrstir fá

Tilboð gilda 23. mars eða meðan birgðir endast.

# PS3

Komdu strax í MAX og tryggðu þér PS3 leikjavél

## Heimsins flottasta leikjavél!

**4.869 kr. á mánuði***

*meðalverð á mánuði miðað við 17 mánaða raðgreiðslur.

Fullt verð kr. 67.999

VERÐ GETUR LÆKKAÐ ÁN FYRIRVARA

Langur fimmtudagur í Max!
Opið frá kl. 11:00 til 00:30

Komdu í stærstu raftækjaverslun landsins þegar þér hentar

Við hefjum sölu á Borat og PS3 stundvíslega á miðnætti kl. 00:00

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Kjánaskapur eða lýðskrum?

UMRÆÐAN
Loftslagsbreytingar


ÓLAFUR SVEINN JÓHANNESSON

Það má með sanni segja að orkufyrirtæki landsins hafi gripið gæsina á lofti, eftir útgáfu svartrar skýrslu IPCC um loftslagsbreytingar. Lengi vel hef ég alið þá ósk í brjósti mér að vísindamenn um allan heim taki höndum saman og vinni að farsælli lausn á þessum mikla vanda, sem steðjar stöðugt harðar að lífskjörum hér á jörðinni. En annað virðist vera uppi á teningnum hér heima. Málflutningurinn hefur vægast sagt verið sorglegur. Stjórnarþingmenn, ráðherrar og rollur raforkufyrirtækjanna stýra umræðunni langt frá kjarna málsins. Afstaða þeirra síðastnefndu getur þó verið afsakanleg í ljósi þeirra markmiða sem sótt er að. En sá póll sem umhverfisráðherra hefur tekið í hæðina er óafsakanlegur.

Ef einhver metnaður hefði verið lagður í rannsóknir á hlutskipti endurnýtanlegra orkulinda Íslands til loftslagsbreytinga mætti sjá það svart á hvítu að sama hversu mörg álver yrðu drifin af orku landsins, myndi það litlu breyta á heimsvísu í baráttunni við gróðurhúsaáhrifin.

Tökum sem dæmi. Samkvæmt 2. áfanga rammaáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er áætlað að hér á landi megi virkja um 7 terawattstundir á ári, til viðbótar þeirri orku sem nú þegar hefur verið beisluð. En hversu mikið ál er mögulegt að framleiða fyrir 7 terawattstundir á ári? Niðurstaðan er um 500.000 tonn og til samanburðar þá nær það ekki einu sinni 5% af heildarframleiðslu áls í öllum heiminum. Hver er þá ávinningurinn? Miðað við röksemdafærslur umhverfisráðherra, í nýlegum viðtölum og greinarskrifum, er þetta okkar þyngsta lóð á vogarskálarnar í baráttunni við gróðurhúsaáhrifin. Álframleiðendur fá Ísland að láni og nýta endurnýjanlega orkugjafa landsins í stað orku unninnar úr jarðefnaeldsneyti, sem býðst frekar í öðrum löndum, með tilheyrandi mengun. Ábyrgðin er mikil á okkar litla landi og glaður mun ég taka þátt í þessari baráttu ráðherrans ef við getum virkilega breytt eins miklu og kemur fram í máli hennar. Hversu miklu getum við þó breytt með þessari landspillingarstefnu?

Tökum annað dæmi. Ef öll samanlögð orka sem fer til álframleiðslu hér á landi, auk þeirra 7 terawattstunda sem fyrirhugaðar eru til virkjunar, væri knúin af jarðefnaeldsneyti. Hversu mikinn þátt ætti sú orka í útblæstri koltvísýrings á heimsvísu? (Forsendur reikninga byggjast eingöngu á opinberum mengunartölum Sameinuðu þjóðanna). Niðurstaðan er 0,09% af heildarútblæstri gróðurhúsalofttegunda í öllum heiminum. Ef umhverfisráðherra álítur að besta leið okkar Íslendinga til aðstoðar við loftslagsbreytingar sé þessi leið, tel ég ráðherrann stórlega vanhæfan. Sú þekking sem skapast hefur við virkjanaframkvæmdir hér á landi nýtist heimsbyggðinni best til frelsunar landa sem nýtir óendurnýtanlega orku til rafmagnsveitna, en ekki til frekari útsölu hér heima.

Að halda því fram að endurnýtanlegar orkulindir okkar, sem fara minnkandi með ári hverju, muni skipta sköpum í baráttunni við loftslagsbreytingar er líkt og að segja að Litla–Hraun sé lausn fangelsismála í Suður–Ameríku!

Það er mitt faglega mat að helsta vopnið í baráttunni við loftslagsbreytingar er fræðsla almennings í heiminum á endurvinnslu.

Einnig er mjög mikilvægt að stórauka fjárframlög til vísindarannsókna á vistvænum eldsneytisgjöfum. Ísland getur hæglega orðið sá miðpunktur jarðarinnar þar sem rannsóknir tengdar loftslagsbreytingum fara fram. Þetta gerist þó ekki nema með stuðningi ríkisstjórnarinnar.

*Höfundur er rafeindavirki og athafnamaður.*

# *Hvað hefur maðurinn að fela?*

UMRÆÐAN
Baugsmál


HREINN LOFTSSON

Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari, sendi frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla á dögunum og mótmælti þeirri staðhæfingu Ingibjargar S. Pálmadóttur, er fram kom við vitnaleiðslur í Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann hefði verið undir þrýstingi margra manna að liðsinna Jóni Gerald Sullenberger í aðdraganda Baugsmálsins. Mér er málið skylt þar sem ég hafði milligöngu um að Ingibjörg S. Pálmadóttir leitaði til Jóns Steinars. Í símtali greindi ég Jóni Steinari m.a. frá tengslum hennar við Jón Ásgeir Jóhannesson.

Í yfirlýsingu sinni vill Jón Steinar gera sem minnst úr því að aðrir hafi þrýst á, að hann tæki að sér mál Jóns Geralds Sullenberger. Hann upphefur sjálfan sig og þykist aðeins hafa verið að liðsinna lítilmagnanum í baráttunni við viðskiptaveldið Baug. Nú hefur Ingibjörg svarað Jóni Steinari og útskýrt með sannfærandi hætti undir hvaða kringumstæðum Jón Steinar sagði þetta við hana, en hann var lögmaður hennar og var að afsaka framkomu sína gagnvart henni sumarið 2002. Ingibjörg greindi frá samskiptum sínum eiðsvarin fyrir dómi.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Jón Steinar Gunnlaugsson sendir yfirlýsingu til fjölmiðla er varðar viðskipti hans við Jón Gerald Sullenberger og aðkomu hans að því að kæra forsvarsmenn Baugs til Ríkislögreglustjóra sumarið 2002. Hinn 15. ágúst 2005 birtist í Morgunblaðinu yfirlýsing frá Jóni Steinari sem einnig miðar að því að gera sem minnst úr afskiptum hans af upphafi málsins. Orðrétt segir Jón Steinar í þeirri yfirlýsingu: „Er líklegt, þó að ég muni það ekki, að ég hafi haft samband við lögregluna til að óska eftir að skjólstæðingur minn fengi að koma til skýrslugjafar um þetta.“ Athygli vekur að Jón Steinar bregður hér fyrir sig minnisleysi. Þessi yfirlýsing birtist rúmum mánuði áður en Fréttablaðið birti tölvupósta Jónínu Benediktsdóttur og Styrmis Gunnarssonar, en þar var aðkomu Jóns Steinars að málinu lýst með þeim „gamansömu“ orðum Styrmis, að Jónína og Jón Gerald Sullenberger þyrftu ekkert að óttast í viðskiptum sínum við Baugsmenn því að tryggð Jóns Steinars við „ónefndan mann“ væri innvígð og ófrávíkjanleg. Í tölvupóstunum kemur fram, að til stóð að koma ásökunum Jóns Geralds Sullenberger til yfirvalda.

*Með yfirlýsingum Ingibjargar S. Pálmadóttur og Jóns Steinars Gunnlaugssonar síðustu daga hefur birst enn ein vísbendingin um það, hvað gerðist í aðdraganda málsins og hverjir áttu þar hlut að máli.*

Með yfirlýsingum Ingibjargar S. Pálmadóttur og Jóns Steinars Gunnlaugssonar síðustu daga hefur birst enn ein vísbendingin um það, hvað gerðist í aðdraganda málsins og hverjir áttu þar hlut að máli. Þetta var ekki aðeins spurning um að Jón Gerald fengi lögmann heldur hvaða hópur áhrifamanna ætlaði að beita sér fyrir hann gegn „viðskiptaveldinu“ Baugi. Baktjaldamakkið er smám saman að opinberast. Ekki bætir úr skák að fundarmennirnir á ritstjórnarskrifstofu Morgunblaðsins, sem lögðu á ráðin, hafa komið með afar ótrúverðugar lýsingar á aðild sinni. Kjartan Gunnarsson segist aðeins hafa verið að lýsa hæfileikum Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem lögmanns við þá Styrmi og Jón Steinar sjálfan! Hafði þó Jón Steinar verið lögmaður ritstjórnar Morgunblaðsins um langa hríð. Styrmir vill ekki gefa upp nafn „ónefnda“ mannsins og vildi aðeins sannfæra sig um að Jón Steinar gæti ráðið við málið sem lögmaður! Einnig var hann að treysta „ættarböndin“ við Kjartan! Jón Steinar segist aðeins hafa verið að taka að sér lögmannsstörf þar sem hann væri nánast eini lögmaðurinn í landinu, sem hafði sjálfstæði til að standa uppi í hárinu á Baugi. Á sama tíma var hann þó lögmaður eins stærsta hluthafans í Baugi, sambýliskonu forstjórans!

Ótrúverðugar skýringar þremenninganna eru ekki eina ástæðan fyrir því að ekki er mark takandi á orðum þeirra um aðdraganda Baugsmálsins. Að framan er vikið að yfirlýsingu Jóns Steinars og andsvari Ingibjargar S. Pálmadóttur. Þar stendur orð gegn orði. Einnig er að framan vikið að orðum í yfirlýsingu Jóns Steinars Gunnlaugssonar frá því í ágúst 2005, áður en upp um afskipti hans komst þegar tölvupóstar Jónínu og Styrmis voru birtir opinberlega. En fleira kemur til varðandi þau ummæli sem veldur því að ekki er hægt að taka mark á þeim. Í vitnisburði Jóns H. B. Snorrasonar, fyrrverandi saksóknara í Baugsmálinu, lýsti hann aðdraganda málsins og samskiptum sem hann þá átti við Jón Steinar Gunnlaugsson. Greindi hann þar frá því að Jón Steinar hefði komið gögnum til sín og þeir síðan fundað um málið í nokkur skipti áður en Jón Gerald Sullenberger kom fyrst til skýrslugjafar. Sú lýsing er algjörlega á skjön við þá lýsingu, sem fram kemur í tilvitnuðum orðum Jóns Steinars Gunnlaugssonar frá því í ágúst 2005.

Lýsing Jóns H.B. Snorrasonar var gefin af honum sem vitni fyrir dómi og þegar af þeirri ástæðu ber að taka fremur mark á honum í þessu sambandi en Jóni Steinari Gunnlaugssyni.

*Höfundur er stjórnarformaður Baugs Group hf.*

Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta.

Með tilkynningu þessari vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum.
Sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 4.apríl 2007. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

**Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:**
1. Minni byggðarlög(viðmiðun er 1.500 íbúar) sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski.
Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim.
Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill bygðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir sveitarstjórnum niðurstöðuna.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 2007*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Kosningamoldarhnaus

**Guðmundur Bergsson skrifar um íbúðir fyrir aldraða:**

Siv Friðleifsdóttir var í sjónvarpinu eitt kvöldið og hélt á nýrri skóflu með dálitlum moldarhnaus á. Álengdar stóð hópur fólks sem fagnaði enda von, það átti að fara að byggja hús fyrir aldraða og öryrkja á þessum stað og er full ástæða að fagna því. Ég hefði samt frekar kosið að sjá hana með lyklakippu í höndunum og vera að afhenda fyrstu íbúðina í nýrri blokk, svo mikil er þörfin fyrir húsnæði handa öldruðum og öryrkjum. En einhvern tíma kemur að því að í húsið nýja verður flutt. Mig langar að spyrja nú þegar lóðin er fengin hvort búið sé að teikna húsið og samþykkja og hve langan tíma tekur að byggja. Einnig hvort það séu til peningar og hvað sé álitið að húsið muni kosta, hvenær eigi að flytja í húsið og hvort byrjað sé á grunninum eða hvort eigi að gera allt þetta á næsta kjörtímabili. Það þarf að drífa í þessu því neyðarástand er í húsnæðismálum aldraðra og öryrkja, því þarf að setja kraft í þetta núna strax og ekkert slór.

Það eru Framsókn þungbær spor
þeim er nú sífellt að hraka.
Út ganga af Alþingi allir í vor
og aldrei þeir koma til baka.





## SUMARTÍSKAN
Metallitir, kjólar, vasar á flíkum og legghlífar eru meðal þess sem verður heitt í tískunni í sumar.
TÍSKA 2



## SILFURHÚÐUN
Logi Magnússon húðar gamla silfurmuni sem oftar en ekki eru erfðagripir. Hann er sá eini á landinu sem býður upp á þessa þjónustu.
HEIMILI 6



## ALLT HITT [TÍSKA HEIMILI HEILSA]



**Stór,** gyllt, silfruð og steinaskreytt kven- og karlúr virðast ætla að vera áfram í tísku nái spár tískuspekúlanta fram að ganga.

**Rýmingarsala** stendur yfir á sýningar-eldhúsinnréttingum í Innréttingum og tækjum, Ármúla 31. Nánari upplýsingar á www.i-t.is eða í síma 588-7332.

**Skráning** er hafin fyrir Fitness-helgina 2007, en upplýsingar um mót og skráningareyðublöð eru inni á fitness.is. Mælt er með að skrá sig sem allra fyrst, því frestur rennur út 1. apríl.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 22. mars, 81. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.23 | 13.35 | 19.48 |
| Akureyri | 7.06 | 13.19 | 19.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




# „Rangt“ verður rétt

*Á hárgreiðslustofunni Gel gilda engar sérstakar reglur um hvað er í tísku og hvað ekki.*

„Margir hugsa með hryllingi til þess þegar strákar skiptu hárinu fyrir miðju. Þetta náði hápunkti sínum í kringum 1993, en sumir gengu jafnvel svo langt að sofa með spennur í toppnum til að fullkomna greiðsluna.“

Ellefti september árið 2001 er í hugum flestra óhugnanlegur dagur, en Anna Sigríður Pálsdóttir hárstílisti, hugsar til hans á jákvæðari nótum, enda var það dagurinn sem hárgreiðslustofa hennar, Gel, var opnuð í versluninni Spúútnik á Laugavegi. Þrátt fyrir tenginguna segir hún það þó aldrei hafa komið til greina að breyta nafninu yfir í Ground Zero. Þremur árum síðar flutti Gelið á Hverfisgötu 37. Viðskiptavinir Gels eru að miklu leyti myndlistarfólk, tónlistarfólk og bóhemar af ýmsum stærðum og gerðum. Það fellur vel að stefnu stofunnar, því Anna og félagar kjósa að fara óhefðbundnar leiðir í sínu starfi. „Við vinnum ekki út frá stöðlum eða því sem á að vera í tísku hverju sinni. Lesum ekki hárblöðin og látum þau segja okkur hvað sé í tísku og hvað ekki. Viðskiptavinir okkar eru líka flestir til í að prófa eitthvað nýtt og þurfa ekki endilega að vera eins og allir aðrir,“ segir Anna, en spurð að því hvaða hárgreiðsla henni þyki óspennandi segist hún ekki geta nefnt neina sérstaka.

„Það sem einum finnst kannski skelfilegt finnst öðrum flott. Margir hugsa til dæmis með hryllingi til þess þegar strákar skiptu hárinu fyrir miðju. Þetta náði hápunkti sínum í kringum 1993, en sumir gengu jafnvel svo langt að sofa með spennur í toppnum til að fullkomna greiðsluna. Þeir sem voru með svona greiðslu á þeim tíma myndu eflaust aldrei gera þetta aftur, en í staðinn eru komnir yngri strákar sem líta þetta ferskum augum og finnst svona greiðsla bara hið besta mál. Þetta snýst allt um samhengi og heildarmynd. „Röng“ klipping getur orðið rétt ef rétta manneskjan ber hana og þannig eru engar algildar reglur í þessu,“ segir þessi knái klippari að lokum.

mhg@frettabladid.is









**Barneignir um fertugt** eru vinsælar hjá stjörnunum. Konur eins og Madonna, Julia Roberts, Linda Evangelista, Courtney Cox, Marcia Cross og Geena Davis hafa allar sett framann í fyrsta sætið og eignast sín fyrstu börn um fertugt.

# FORTÍÐ & FRAMTÍÐ *mætast í sumartískunni*

***Allt verður leyfilegt í sumartískunni samkvæmt því sem verslunarstjórar þriggja tískuverslana segja. Alls konar litir og mynstur eru að koma inn og öllu má blanda saman. Áhrif frá sjöunda áratugnum verða augljós en einnig verður horft til framtíðar og metallitir áberandi. Óhætt er að segja að það verður ekkert leiðinlegt við tískuna í sumar.***

## Oasis

***Arndís Bára Ingimarsdóttir, verslunarstjóri í Oasis, segir að metallitir verði ráðandi í tískunni í sumar.***

„Metallitirnir verða áberandi í öllu; fötum, töskum, skarti, skóm og sundfötum svo það verður svolítil svona geim-stemning í tískunni," segir Arndís.

Auk metallitanna verður tölvert um skæra liti og áhrif frá sjöunda áratugnum sjáanleg að sögn Arndísar. „Það verður mikið um litríka kjóla og fylgihluti í stíl. Stórar töskur og stór sólgleraugu verða áfram í tísku og í skartinu verður mikið um fiðrildi og hjörtu," segir hún.

Blöðrusnið verður áfram vinsælt og má sjá það á bolum, pilsum og kjólum. „Kjólarnir í sumar verða því alls konar, bæði víðir út eins og á sjöunda áratugnum og eins með stroffi að neðan þannig að komi svona blaðra." Arndís segir að í buxum sé helsta breytingin sú að mittislínan sé að hækka. „Með hærri mittislínu verður líka meira um að skyrtur og bolir séu gyrt ofan í buxurnar sem kemur mjög vel út. Stuttbuxurnar verða áfram inni og þar sem mikið er um stutta kjóla verða leggings líka vinsælar áfram," segir hún.

*- eö*



Áhrif frá sjöunda áratugnum eru augljós í sumartískunni.



Arndís segir að mikið verði um metalliti í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sautján

***Sigrún Hjálmarsdóttir, verslunarstjóri í Sautján, segir að í sumar verði mikið um vasa á öllum flíkum.***

„Við erum að fá alls konar flíkur með vösum og mikið er um að stórir vasar séu neðst á stuttum kjólum," segir Sigrún.

Stutt pils og kjólar verða áberandi í sumartískunni að sögn Sigrúnar. „Leggings verða vinsælar við þessi stuttu pils og kjóla og alls konar gerðir af leggings, bæði stuttar og síðar með bandi undir hælinn."

Sigrún segir að glaðlegir litir verði ráðandi í sumartískunni. „Þetta er aðeins að lifna við sem betur fer og í sumar verður mikið um alls konar liti, bleikt, gult og blátt og gull og silfur verður líka áberandi."

Gallabuxur verða vinsælar eins og alltaf og í sumar verða þær svolítið snjáðar að sögn Sigrúnar. „Mittislínan fer hækkandi en það verður náttúrulega allt til."

*- eö*



Bleikt, gult og blátt verður í tísku í sumar.



Sigrún segir að í sumar verði gallabuxurnar snjáðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vero Moda

***Valeria Rivina verslunarstjóri í Vero Moda, segir að legghlífar verði vinsælar í sumar.***

Valeria segist vera að fá mikið inn núna af kjólum og stuttum jökkum fyrir sumarið. „Aðsnið og lagskipting verður áberandi áfram þannig að það verður mjög flott að vera í hlýrabol og öðrum bol utan yfir og svo kannski belti utan yfir allt saman auk þess sem legghlífar verða vinsælar," segir hún.

Valería segir að tískan í sumar verði mjög litrík og alls konar mynstur áberandi. „Sumartískan brýtur bara allar reglur. Maður á að vera óhræddur við að blanda litum saman og vera í bleiku, grænu, bláu, svörtu og hvítu öllu í einum graut. Mynstrunum á að blanda saman hægri vinstri og það má vera í röndóttu og doppóttu í einu, en það er eitthvað sem hefur alltaf verið stranglega bannað."

Áhrif frá sjöunda áratugnum verða augljós að sögn Valeriu. „Það er dálítið mikið retró í gangi sem sést á alls konar mynstrum og stórum sólgleraugum."

Gallabuxur verða áfram þröngar niður að sögn Valeriu. „Í sumar verður mjög flott að vera í legghlífum utan yfir gallabuxurnar og einnig verður mikið um háa sokka, bæði við buxur og pils."

*- eö*



Mynstur verða alls konar í sumar.



Valeria segir að tískan í sumar brjóti allar reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




















## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Sumarið og kjólarnir

Vorið er komið síðan í gær, samkvæmt almanakinu, þegar jafndægur að vori er hjá ykkur. Þrátt fyrir kuldakast hér og þó að nú sé frost á Fróni er kominn tími til að huga að sumartískunni. Reyndar er það þannig hjá sumum tískuhúsum að hver fer að verða síðastur að ná í sína stærð því það sem best gengur í búðunum hverfur á nokkrum vikum. Lykilorðið er couture fyrir þetta sumar. Couture tengist hugmyndinni um að leggja ákveðna saumavinnu í flíkina eins og að bæta við útsaumi, skreytingum úr perlum eða semilíusteinum og blúnduefni, líkt gert er hjá tískuhúsunum í „haute couture“-tískunni. Nú eru það ódýrari merki eins og H&M, Mango og Zara, svo nokkur séu nefnd, sem eru farin að bæta alls kyns smáatriðum á fatnað sinn þannig að hann líti út fyrir að vera frá fínu tískuhúsi. Annað einkenni á þessari smáatriðatísku eru púff-ermar eða ermar með einhverjum viðbótum sem brjóta upp einfaldleika hreinlínustílsins. Litirnir eru fölir pastellitir eins og möndlugrænt, fölbleikt og perlugrátt. Ekki má heldur gleyma ýmiss konar áprentuðu munstri í sterkum litum sem hressir upp á alla þessa fölu liti.



Sumarkjóll frá Gucci.

Pilsfaldurinn er annað hvort í ökkla eða eyra þetta sumarið, ef svo má að orði komast um pilsfald. Tískan hefur ekki verið styttri síðan minipils voru aðalmálið (til dæmis hjá Chanel þar sem varla sést neðripartur), hins vegar er það skósíð hippaleg pilstíska sem minnir á 7. og 8. áratuginn, líkt og best sést hjá Stefano Pilati fyrir Yves Saint Laurent. Hann er orðinn meira YSL en sjálfur monsieur Saint Laurent á gullöld tískuhússins, á árunum frá 1970-90. Það er ekki hægt annað en að hugsa um Húsið á sléttunni eða Rose Ficher í þáttunum Undir grænni torfu, í útgáfu sem er aðeins meira sexí og efnin eru heldur þynnri! Sama má segja um skósíða kjóla Galliano hjá Dior sem annars eru frekar látlausir, þegar John Galliano er annars vegar, meira eða minna í gráum og dröppuðum litum.

Í sumar eru kjólar það sem skiptir mestu máli. Kjólar af öllum gerðum og sniðum. Þó eru aðallínurnar annað hvort mjög stuttar eða mjög síðar þó sumir hönnuðir bjóði eitthvað þar á milli. Í fyrra sáust aðeins mittislausir kjólar sem víkkuðu frá brjóstum. Í sumar má sjá þessa kjóla í öllum fjöldaframleiðslubúðunum en sömuleiðis hjá fínni merkjum eins og Kenzo. Og þótt ýmislegt megi fela undir þessum víðu kjólum ná þeir ekki nema niður á mið læri svo ekki eru sver læri heppileg fyrir þennan búning. Nema ef væri fyrir legghlífarnar sem verða áfram í sumartískunni en þær geta náð upp að kjólnum og gefa þessari fínu tísku sportlegt yfirbragð.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*







# Burt með slenið

***Góður ilmur gerir gæfumuninn.***





Eau d'Énergie er ný lína frá Biotherm sem ætlað er að hressa, næra og gefa aukna orku yfir daginn eða að loknum erfiðum vinnudegi. Línan samanstendur af líkamsilmi, mjúku sturtukremi og nærandi líkamskremi (body lotion) sem veita í senn vellíðan og mýkja húðina.

Ilmurinn er ferskur en jafnframt kraftmikill án þess að vera sterkur. Hann er samsettur úr sítrusávöxtum og appelsínum en kremið og sturtusápan innihalda meðal annars F- og E-vítamín og góðar grunnolíur sem hreinsa, næra og mýkja húðina.



Línan er alveg tilvalin fyrir þær sem stunda líkamsrækt eða sund, því það er fátt meira endurnærandi en að koma orkuríkur og ilmandi úr slíkri heilsurækt. Á sama tíma hentar Eau d'Énergie einnig öllum þeim sem finnst þær þurfa að hlaða batteríin eða kunna vel við þá tilfinningu að vera hreinar og frískar.

*- mhg*

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Föndurstofan.is
Námskeiðin á fullu!
Mikið af Nýjum vörum:
Prjónagarn frá USA: Lion - Red Heart - Sugar & Cream
Útsaumsvörur - Bucilla ofl. ofl...
Landsins mesta úrval af
Swarovski kristölum og Glerperlum.
Vörur í Grænlenska perlusaumin –
kortagerð –skartgripagerð - skrappið ofl...
Mikið úrval og gott verð
Síðumúli 15, Opið virka daga 12-18,
Laug. 12-15 - s. 553-1800

COMB & CARE
Sjampó og næring til varnar flóka
- Mild formúla sem svíður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem
- Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.



Auðvelt í notkun – frábær árangur
(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.
Dr. Fischer
Fæst í apótekum um land allt.













# Við áttum kaggann, þúfur og þras

***Tedrykkja, Svíþjóðarferðir, Spilverk þjóðanna, hrökkbrauð... afslappaðir bóhemahippar.***

Það er sagt að allt hafi sinn tíma, en sumir tískustraumar fá sannarlega meiri tíma en aðrir. Alveg frá því hippatískan skaut fyrst upp kollinum hefur hún kíkt við annað slagið með nokkurra ára millibili, þá í eins konar síðhippaútgáfu. Á ensku kallast síðhippastílinn „boho“ en það er sérstök útgáfa af orðinu bóhem, með há-i í endann sem tengir það við hippana. Sienna Miller, Kate Moss og Nicole Richie eru meðal þeirra sem hafa tekið bóhó-stílinn upp á sína arma og fyrir vikið verður hann æ vinsælli, enda eru þessar konur miklar fyrirmyndir í tískuheiminum.

Þær sem hafa áhuga á að gera hann að sínum verða að hafa nokkur lykilorð í huga. Til dæmis: 1960-1970, veggfóður, grjónapúði, gæra, vafðar sígarettur, te, Joni Mitchell, sandalar, mokkajakki, hengirúm og jafnframt einlægur áhugi á listum, austrænum trúarbrögðum og jafnvel félagsfræðum.

mhg@frettabladid.is


Ótrúlega sæt 70's múndering frá Kron Kron. Kjóll, berjahálsmen og gallabuxur.


Slæðuspöng og sólgleraugu í anda Nicole Riche. Fæst í Rokki og rósum á Laugavegi.


Geggjaðir beljusandalar frá Afró boutique, Laugavegi 40.


Appelsínugulur og hressandi púði frá 3 hæðum.


Joni Mitchell er eftirlæti flestra bóhóa og síðhippa, enda sjálf mikill bóhó.



Reykelsi eru nauðsynleg til að finna réttan blæn. Fást í Indlandsvinaverslunninni Agra.


Litríkir vasar frá versluninni 3 hæðir.


Flott leðurtaska með túrkissteinum. Friis & Company, Laugavegi 55.



Þorvaldur Daníelsson er fingrafimur faðir þegar það kemur að því að flétta Jönu Björgu sem horfir hér kankvís á pabba sinn.

# Feður sem flétta

***Tímarnir breytast og mennirnir með. Nú skulu feður kunna að flétta.***

„Þetta byrjaði allt fyrir um tveimur árum þegar konan mín veiktist. Þá voru góð ráð dýr og ég þurfti að læra að hafa dóttur okkar til áður en hún fór á leikskólann,“ segir Þorvaldur Daníelsson, frumkvöðull námskeiðanna Fléttufærir feður.

„Ég réði fram úr þessu með því að setja mig í samband við hársnyrtana á Salahár og þær féllust á að kenna mér listina að flétta svo lengi sem ég kæmi með nokkra karla með mér. Ég mætti með lítinn hóp, svo kom annar stuttu síðar og svo koll af kolli. Allt í einu var komið fullt af körlum í kringum mig sem vildu læra að flétta hár dætra sinna!“

Þorvaldur segir að karlar hafi mjög gott af því að læra að flétta hár og ástæðurnar fyrir því fleiri en ein. „Í fyrsta lagi þurfum við að bjarga okkur sjálfir, en svo er líka gaman að tengjast dætrunum á þennan hátt. Svona hlutir skipta litlar stelpur miklu máli og með því að kunna að flétta getum við pabbar sett okkur svolítið inn í þeirra heim. Kannski á sambærilegan hátt og mömmur sem fara með sonum sínum á fótboltaæfingar, nema hvað að nú eru það ekki „soccer mom‘s“ heldur „hairdo dad‘s“. Þetta er bara jafnrétti í sinni einföldu mynd og við pabbar þurfum að útrýma leikskólaviðkvæðinu „var það pabbi sem kom með þig í morgun?“ segir Þorvaldur og hlær.

Námskeiðið Fléttufærir feður tekur ekki nema klukkutíma en afleiðingarnar geta varað lengi. „Einn vinur minn lenti í því að eftir að hann byrjaði að flétta dóttur sína, var mömmunni hreinlega bannað að koma nálægt þessu. Enda var hann sérlega metnaðarfullur og vandaði sig eflaust meira en mamman. Nostraði við þetta ef svo mætti segja.“

Þorvaldur er forsvarsmaður Samtaka foreldra leikskólabarna í Kópavogi. Spurður að því hvort metnaður hans liggi í þessum geira svarar hann að svo sé. „Lífsgæðakapphlaupið hefur tekið á sig nýja mynd. Þetta eru hin eiginlegu lífsgæði en ég tel að tilgangurinn með þessu hljóti frekar að vera sá að eiga gæðastundir með fjölskyldunni, en að eltast við frama og völd, enda skilja svona stundir meira eftir sig. Það er mannauðurinn sem skiptir máli,“ segir hann fullur sannfæringar.

Á næstu vikum fara af stað fléttunarnámskeið fyrir feður leikskólabarna í Kópavogi, í samstarfi við leikskólana.

Þorvaldur vill þó taka það fram að allir feður, nær og fjær, sem hafa áhuga á að læra að flétta geti sett sig í samband við hann með því að senda tölvupóst á valdi1@simnet.is.

*- mhg*

# Ilmurinn af Paris Hilton

***Í skærbleikri flösku, enda bleikt uppáhaldslitur ljóshærða milljarðamæringsins.***

Nýlega sendi skemmtanaglaða glæsipían Paris Hilton frá sér nýtt ilmvatn sem hún kallar Just me. Ilmurinn er hannaður af Steve DeMercado, en hann er fyrrverandi tónlistarmaður sem fyrir tilviljun fór að starfa við að búa til ilmvötn.

Með ilminum Just Me vildi hönnuðurinn „halda áfram að segja söguna af Paris Hilton“, en stúlkan sú hefur eflaust birst oftar á síðum heimspressunnar en nokkur önnur jafnaldra hennar. Ilmurinn er meðal annars samsettur úr rauðum skógarberjum, bergamot, fjólu, musk og fleiri dásamlegum blómum og útkoman kemur skemmtilega á óvart. Margir hefðu nefninlega búist við dísætum kandífloss ilmi, en sú er ekki raunin.

Just me er kraftmikið og kynþokkafullt en um leið ber það keim af ákveðnu sakleysi, sem sjaldan hefur einkennt þá ungu dömu sem ilmurinn dregur nafn sitt af.

*mhg@frettabladid.is*



Just me er ilmur sem kemur skemmtilega á óvart.-





allt matur
Alla föstudaga


# Nýir blýantar frá Sothys

***Hentugir, endingargóðir og mjúkir.***

Frá snyrtivöruframleiðandanum Sothys komu nýlega á markaðinn tveir blýantar. Annar er fyrir augun og hinn fyrir varirnar. Blýantarnir eru framleiddir undir CEE-förðunarlínunni en þeir eru mjúkir, auðveldir að vinna með og smita ekki út frá sér. Báðir eru þeir vatnsheldir svo það er hægt að fara með þá í sund eða inn á svitamettað öldurhús þar sem sveiflan hefur völdin. Á varalitablýantinum er pensill og á augnblýantinum er svampur sem hægt er að nota til að milda eða dreifa úr litnum.



Vatnsheldir vara- og augnblýantar sem haldast á hvort sem er í sundlauginni eða á dansgólfinu.







**Byko** býður ókeypis heimsendingu fyrir viðskiptavini í mars ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira. www.byko.is


Er þér kalt?
Ofnar og hitöld.
Verð frá: 1.990 kr
ís-húsið 566 6000

Zzz Zzz Zzz
AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM

TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Fullkomið öryggiskerfi
fyrir heimili og fyrirtæki

Engin mánaðargjöld - þú átt kerfið!
- Fjölrása stjórnstöð með sírenu
- 6 eða 10 öryggissvæði
- Símaúthringjari með talvél
- Símsvari með raddminni
- Skjáljós eða stafrænn skjár
- Íslenskar leiðbeiningar

Verð frá kr.: stgr. 27.627,-
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is


Logi er sá eini á landinu sem hefur lagt fyrir sig silfurhúðun eingöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Endurhúðar erfðagripina

***Þegar slegið er inn orðinu silfurhúðun í símaskrána á netinu kemur aðeins upp eitt fyrirtæki: Silfurhúðun Loga Magnússonar á Álfhólsvegi 67.***

„Aðalþjónustan hjá mér felst í að húða gamla hluti sem einhvern tíma hafa verið silfurhúðaðir og fólk er annað hvort búið að fægja í gegn eða eitthvað hefur komið fyrir. Ég hef getað endurnýjað hlutina þannig að þeir verði nothæfir áfram,“ segir Logi og útskýrir þá setningu nánar. „Þegar silfurhúðin fer af þá þolir málmurinn sem er undir henni ekki loftið og efnin í kringum okkur og fer að skemmast. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir fólk að láta endurhúða hlutina ef það vill á annað borð eiga þá.“

Silfurhúðunin var stofnuð árið 1969 og verið víða til húsa. Nú er hún í bílskúrnum heima hjá honum. „Fyrirtækið hefur alltaf verið af sömu stærðargráðunni,“ segir hann, „opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá fjögur til sex.“ Hann brosir þegar honum er bent á að samkvæmt símaskránni virðist samkeppnin ekki mikil. „Það hefur engum dottið í hug að fara í þessa starfsemi hér á landi, sennilega vegna þess að ekki er nógu mikil peningalykt af henni. Tækin og efnin sem þarf að nota eru það dýr. Það kostar milljónir að starta svona fyrirtæki en markaðurinn er lítill því undanfarin tíu til fimmtán ár hafa verið framleiddar ódýrar einnota silfurplettvörur. Þeim er bara hent þegar fer að sjá á þeim. Það eru þessir gömlu, vönduðu hlutir sem voru framleiddir milli stríða í Þýskalandi, Danmörku og Bretlandi sem við erum að húða aftur.“

Logi kveðst hafa lært silfurhúðunina þegar hann keypti tækin. „Þau voru búin að vera í notkun í nokkur ár hjá gullsmið hér á landi sem framleiddi borðbúnað þegar ekkert mátti flytja inn.“

Hlutirnir sem Logi fær til húðunar fara í gegnum hreinsun og böð. Hann kveðst yfirleitt taka nokkra fyrir í einu. „Hnífapörum þarf ég að safna saman því þau eru sett á sérstakar grindur,“ lýsir hann. Þegar farið er fram á að fá að koma í heimsókn þegar hann er að húða þá hrífst hann ekki af þeirri hugmynd. „Þetta eru svo eitruð efni sem ég er með að vil ég ekki hafa neinn yfir þeim,“ útskýrir hann. Sjálfur kveðst hann verja sig vel. „Ég hef góða loftræstingu og er ekkert að smakka á þessu.“

gun@frettabladid.is


Það eru þessir gömlu, vönduðu hlutir sem voru framleiddir milli stríða í Þýskalandi, Danmörku og Bretlandi sem borgar sig að húða aftur að sögn Loga.


Skeið frá því um 1790 sem eflaust er búin að metta marga. Hana er líka mikið búið að fægja því hún er orðin næfurþunn.



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Bleikt fyrir blíðu



Lengi hefur manneskjan hér á Vesturlöndum tengt saman liti og blóm og lesið fram og aftur í það táknmál tilfinninganna sem litbrigði og blómgerðir tjá. Bleik blóm hafa verið fulltrúi hins kvenlega, blíðunnar, væntumþykjunnar og öllu því væna og góða sem fylgir umhyggjusemi og viðkvæmu viðmóti. Bleikt er í eðli sínu blanda af hinu ástríðufulla rauða og hinu hlutlausa hvíta. Bleiku blæbrigðin eru mörg og mismunandi. Bleiki skalinn spannar þess vegna öll þrep vináttu og væntumþykju – og, svo einkennilegt sem það nú er, höfðar hann mest til kvenna og ýmsir litasálfræðingar telja sig geta greint skaphöfn þeirra eftir þeim styrkleika af bleiku sem hver kona hefur í uppáhaldi. Geðgóðar og fórnfúsar húsmæður taka fölbleikt. Áræðnar konur skærbleikt. En ömmur sem syngja fyrir barnabörnin sín velja oftast ferskjubleikt! Ekki þori ég að véfengja þessi vísindi og læt þau fljóta með hér, gæti það skemmt einhverjum! Því má líka við bæta að fólki, bæði körlum og konum, finnst mjög erfitt að þrasa og verður samvinnuþýtt þar sem bleikt hefur ríkjandi áhrif á umhverfið.

**Brönugrös**

Mikið úrval er til af bleikum blómum, bæði í blómvöndum og ekki síður er til fjöldi pottaplantna sem skarta bleikum blómum. Undanfarin ár hafa til dæmis bleik brönugrös notið mikilla vinsælda og verið tískublóm á pottaplöntumarkaðinum. Hér áður fyrr þóttu brönugrös, öðru nafni orkídeur, erfið viðfangs og varla á færi annarra en sérlundaðra plöntunörda að rækta þau. En það á ekki lengur við: Í hverri blómabúð blasa brönugrösin við árið um kring og það er ekkert mál að halda þeim við í heimahúsum. Það þarf bara að hlusta á það sem blómafólkið segir og fara eftir leiðbeiningunum, sem ekki eru flóknar. Þá gengur allt eins og í sögu og blómin halda áfram að birtast í marga mánuði og standa lengi. Mest ber á bleikblómstrandi brönugrösum, en einnig sjást þau með gulleitum eða hvítum blómum. Umhirðan er sú sama fyrir þau öll.

**Brúðarblóm**

Algengasta brönugrasið og það vinsælasta á markaðinum um þessar mundir hefur verið kallað „brúðarblóm“ á íslensku og nágrannamálunum. Vísindaheitið er Phalaneopsis amabilis, sem er komið úr grísku og þýðir eiginlega „flott mölfiðrildi“ með vísun til lögunar blómanna. Tegundin kemur upphaflega frá eynni Jövu þar sem hún hefur verið ræktuð í aldaraðir og blómin notuð í kransa sem nýgift fólk var krýnt með. Brúðarblóm er dæmigert fyrir þau brönugrös sem vaxa sem setar á trjám og halda sér þar föstum með því að flækja ræturnar í mosa og smágreinar hátt í trjákrónunum. Þess vegna þrífast þau ekki í venjulegri mold og á rótunum eru sérstakar bakteríur sem sjá plöntunum fyrir næringu úr því ryki og rusli sem að berst. Í ræktun er því bara barkarmulningur og gróft efni í pottunum til að koma í veg fyrir að ræturnar ofblotni, kafni og fúni. Þess vegna þarf að gæta að því að vatn sitji aldrei á skálinni undir pottunum. Ræturnar eiga bara að vera þvalar viðkomu og best er að vökva oft en bara lítið í senn, ein til tvær matskeiðar af vatni í hvert sinn er oftast nóg – en svo er gott að fara með pottinn af og til fram á bað eða í eldhúsvaskinn og vökva vel yfir og láta svo vatnið síga þar vel af áður en hann er aftur settur á sinn stað. Á sumrin má setja agnarögn af daufum brönugrasaáburði í vökvunarvatnið. Brúðarblómum líkar best að standa á björtum, ekkert of heitum stað. Þau eru furðu þolin og umburðarlynd gagnvart hóflegri vanrækslu. Meðan þau sýna stinn blöð og vaxandi rætur líður þeim ágætlega. Blómin standa vikum saman á löngum blómstöngli sem ekki á að klippa burt fyrr en hann er orðinn skorpinn og þurr, því nýjar blómgreinar vaxa iðulega út frá þeim eldri.






# Ekta litir og gull

***Þegar farið er inn á vefinn www.eldbera.is sést mikið úrval af handunnum styttum með 18 karata gullskreytingum.***



Skrautleg kisa.

Litfagrar leirstyttur gerðar af listamönnum í Úrúgvæ eru til í vefversluninni www.eldbera.is og þær fást líka í Tékk kristal, Rammagerðinni Leifsstöð og Valrós á Akureyri. Sú sem flytur þær inn og stendur bak við Eldberunafnið heitir María Sigmundsdóttir. Hún segir stytturnar handskornar og handmálaðar, auk þess sem gyllingin sé ekta 18 karata gull.

## Hollráð um mat

RÉTT MEÐFERÐ OG GEYMSLA Á MATVÆLUM ER MIKILVÆG TIL AÐ VIÐHALDA FERSKLEIKA OG NÆRINGAREFNUM.

Eftir innkaupaferðina er best að setja vörurnar strax í kæliskáp þegar komið er heim.
Fituríkum matvælum og heitum matvælum á ekki að pakka inn í plastfilmu. Matarafgangarnir eiga fara strax í kæli að máltíð lokinni. Sýklar geta fjölgað sér hratt í mat sem látinn er standa við stofuhita. Ostur er einnig gott dæmi um fiturík matvæli sem best er að geyma í lokuðu gler- eða plastíláti. Kjörhitastig fyrir gúrkur, tómata og eggaldin er 10-12,5° C og þess vegna geymist þetta grænmeti betur á eldhúsbekknum en í kæliskápnum.


Fullt hús hjá Fönix!



GRAM
Kæliskápar

**Gram kæliskápana þekkja allir Íslendingar.**
**Gram stendur fyrir glæsileika, gæði og tímalausa hönnun.**

Gram er gæðamerki sem uppfyllir kröfur þínar í dag og til framtíðar. Um áratuga skeið hefur Gram þróað gæðavörur fyrir íslensk eldhús. Þú getur fengið Gram kæliskápana úr áli, ryðfríu stáli eða hvíta, frístandandi eða innbyggða.

ASKO
Uppþvottavélar

ASKO D3250FI uppþvottavélin er **"Best i test 2005"** að mati dönsku neytendasamtakanna.
Eftirfarandi eiginleikar voru athugaðir:

**Þvottahæfni** **Vatnsnotkun**
**Þurrkhæfni** **Hljóðstyrkur**
**Orkunýting** **Þvottatími**





NILFISK
Ryksugur

- Nilfisk ryksugurnar þekkja allir enda hafa þær þjónað Íslendingum í yfir 70 ár.
- Nilfisk ryksugurnar eru sérlega hljóðlátar.
- Þær eru búnar fullkomnu síunarkerfi sem fangar ofnæmisvaka.
- Þær eru sterkbyggðar og léttar og búa yfir miklum sogkrafti.
- Komdu í Fönix og sjáðu úrvalið og gæðin með eigin augum.

Líttu við í Fönix og skoðaðu úrvalið!

FÖNIX
*- fyrsta flokks.* Stór orð sem reynslan réttlætir.

FÖNIX Raftækjaverslun • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • Sími 552 4420 • Fax 562 3735 • fonix@fonix.is • www.fonix.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



Saltkvörn í Kokku.



Reykelsiskubbar frá L´Occitane.




Vínáhugamenn geta fundið sitthvað við sitt hæfi í Kokku.



Bollar í verslun-inni Kokku.




Franskir dagar eru hluti af frönsku hátíðinni Pourquoi Pas? A French Spring in Iceland, sem hófst 22. febrúar og lýkur 12. maí. Hátíðin er haldin í tilefni af fimm ára afmæli Franskra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimilisilmur frá L´Occitane.

# Frönsk áhrif á heimilum

***Þótt frönskum dögum sé formlega lokið er frönsk vara víða í boði allan ársins hring.***

Frönskum dögum lauk á sunnudaginn var og eru skipuleggjendurnir á því að þeir hafi heppnast frábærlega í ár. Þeir sem misstu af uppákomunni þurfa þó ekki að örvænta þar sem gott úrval franskra vara er víða í boði allan ársins hring, eins og blaðamaður komst í raun um, þegar hann slóst í för með Patrice Olafson, yfirmanni Fransk-íslenska viðskiptaráðsins.

„Það er raunverulega með ólíkindum hversu gott og fjölbreytt úrval franskra vara fæst hérlendis,“ segir Patrice þar sem hann arkar upp Laugarveg með blaðamann í eftirdragi. „Hér fæst allt frá frönskum mat upp í húsgögn.“ Hann telur upp verslanir á borð við B-Flex, Ostabúðina og Neroli - Darphin Studio máli sínu til stuðnings.“

„Frakkar eru þekktir fyrir að framleiða hágæðavörur,“ heldur Patrice áfram, um leið og hann gengur inn í verslunina Íslenska karlmenn. „Sjáðu til dæmis þennan Lacoste bol,“ segir hann eftir að hafa heilsað afgreiðslumanninum. „Þetta er vinsælt og vandað franskt vörumerki og sagt að svona bolur geti enst í allt að tuttugu ár.“

Patrice bendir á að vegna gæða séu franskar vörur ef til vill ekki eins ódýrar og vörur framleiddar í þróunarríkjum. Hann tekur eldhústækin og áhöldin í versluninni Kokku, sem dæmi um metnaðinn sem Frakkar leggja í framleiðslu sína, þar sem hann stendur á verslunargólfinu og réttir blaðamanni raknúna piparkvörn. „Eins og þú sérð leggja Frakkar mikið upp úr því að hafa fallegt í kringum sig.“

Blaðamaður kemst í raun um að Frökkum er ekki síður í mun að láta heimili sín ilma vel, þegar farið er í verslunina L´Occitane, þar sem snyrti- og ilmvörur frá Suður-Frakklandi eru seldar í gríð og erg. Blaðamaður teygir sig í flösku með heimilisilm og finnst hann samstundis kominn á lofnarblómakur þegar hann lyktar af tappanum. Tilvalinn fyrir þá sem vilja ná franskri stemningu heima hjá fyrir.




Nú er hægt að rifja upp kynni við Tinna og kaftein Kolbein á frummálinu.

„Eins og þú sérð er allt til alls af frönskum vörum hér á Laugarvegi og víðar,“ segir Patrice, samtímis því sem hann leiðir blaðamann upp á efstu hæð Mál og menningar, þar sem borð hlaðið frönskum bókmenntum er að finna. „Franska menningu er alls staðar að finna og lítið mál að hafa upp á henni.“ Það eru orð að sönnu og greinilegt að með lítilli fyrirhöfn má breyta heimilinu í franskar vistaverur. Ferð í miðbæinn er allt sem þarf.

roald@frettabladid.is



Afar skemmtilegur bakboki frá Du Pareil au Méme.




Reykelsi frá L´Occitane.

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Netreikningur SPK

Vextir allt að 14,60%*

Tryggðu sparifé þínu topp ávöxtun

Sæktu um á www.spk.is



spk

* M.v. vaxtatöflu SPK 21. 03. 2007

# Hlutir til sýnis á epal.is

***Á forsíðu www.epal.is er nýr hlekkur sem nefnist Virtual showrum. Þar eru myndir af öllum hlutum eftir hönnuði Epal.***

Hinn finnski Alvar Aalto á langflesta hluti í sýningarrými Epal á netinu, alls 87. Hans J. Wegner er næstur með 65. Arne Jacobsen er drjúgur líka með 33 muni. „Allt sem sýnt er á þessum hluta vefsins getum við boðið upp á, segir Eyjólfur í Epal og heldur áfram: „Þó ekki sé allt til í versluninni hverju sinni þá getum við pantað það. Enda vill fólk sérstaka liti, viðartegund, stærð og annað slíkt. Epal er þrjátíu og tveggja ára þjónustufyrirtæki og það væri ekki orðið þrjátíu og tveggja ef það veitti ekki góða þjónustu.“ *- gun*



Alvar Aalto er hönnuður flestra hluta hjá Epal.

# Sígildir speglar

***Erlendur Ó. Ólafsson rekur gleriðju á Laugarnesvegi 52. Sérgrein hans er rúnnaðir speglar með hömruðum brúnum.***

Sporöskjulaga og kringlóttir speglar sem víða mátti sjá í forstofum og baðherbergjum húsa á 6. og 7. áratugnum eru farnir að komast í tísku aftur. Það er líka vegna þess að gerð þeirra hefur verið haldið við og heiðurinn að því á Erlendur Ó. Ólafsson sem rekur gleriðju á Laugarnesvegi 52. „Það er ekki bara eldra fólkið sem kann að meta þessa rúnnuðu spegla heldur njóta þeir vaxandi vinsælda hjá yngra fólki líka,“ segir Erlendur glaður í bragði þegar forvitnast er um framleiðsluna. Hann hefur starfað sjálfstætt við gleriðju og innrömmun í 17 ár.



Erlendur sést hér í einum af kringlóttu speglunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Armani á heimilið

***Fallegir munir eru framleiddir undir merkinu Armani Casa.***

Armani hannar meira en bara tískufatnað en undir merkjum Armani Casa hannar fyrirtækið og framleiðir vörur til heimilisins. Armani ákvað að prófa að auka við vörulínu sína með því að framleiða heimilisvörur. Hafa þær slegið í gegn og fer sú framleiðsla nú vaxandi. Armani leggur áherslu á að framleiða fatnað og muni sem falla að sérstökum lífsstíl. Exó í Faxafeni er söluaðili Armani Casa á Íslandi og fundum við þessa fallegu muni þar.



Köflóttur kertastjaki á 11.500 kr.



Hvítt kerti með skrauti á 3.400 kr.



Dagbók með leðurkápu á 9.400 kr.




IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Þrýstijöfnun er lykilorðið



iq-care.com
Ein besta heilsudýna í heimi

Fermingartilboð

PAKKATILBOÐ
Dýnuhlíf, lak og pífa
30% afsláttur



IQ-CARE heilsudýnur
1 gámur á sérverði
frá framleiðanda.
Verð á 120 cm rúmum
kr. 89.900,-
Fyrstur kemur fyrstur fær

Ný sending
af sængurverasettum
140x200 cm
140x220 cm
200x200 cm
200x220 cm

Erum með
IQ-CARE heilsudýnur
Visco X heilsudýnur
Beauty Sleep
Healthy Box
Verð á 120 cm rúmum
frá kr. 34.900,-

Veljum góðar heilsudýnur
fyrir vaxandi fólk!

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa
AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

Stórmarkaður í stofnuni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

**Stjúptengsl** Fjölskylduformið getur verið flókið. Félag stjúpfjölskyldna er með ráðgjöf og námskeið fyrir stjúpforeldra og fjölskyldur þeirra. www.stjuptengsl.is



Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

allt heimili
Alla fimmtudaga

# Ást við fyrsta spor

***Edda Blöndal hefur dansað salsa af miklum móð allt frá því að hún kynntist dansinum fyrst. Hún segir salsa vera fullt af gleði og hamingju sem allir geti tekið þátt í. Helgina 23.-25. mars heldur Edda salsanámskeið fyrir byrjendur og lengra komna í íþróttasal Menntaskólans í Reykjavík. Þar munu kennarar á heimsmælikvarða sýna Íslendingum hvernig eigi að dilla sér í suðrænni sveiflu.***



Edda Blöndal dansar salsa við hvert tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta byrjaði allt saman eftir að ég hafði legið með væluna og borðað lítra af ís á dag í nokkrar vikur eftir að vera nýhætt með kærasta," segir Edda Blöndal og hlær þegar hún er spurð um ástæðu þess að hún fór að dansa salsa. „Ég var nýkomin til Stokkhólms árið 2003 í verknám í sjúkraþjálfun og þekkti engan og ákvað að þetta gengi ekki lengur. Nú skyldi ég gera eitthvað sem mig hefði alltaf dreymt um að gera en aldrei haft tíma til," segir Edda en hún er margfaldur Íslandsmeistari í karate og hafði fram að þeim tíma helgað sig þeirri íþrótt í frítíma sínum.

Eftir stutta umhugsun komst Edda að því að hana hafði alltaf langað til þess að læra að dansa. „Ég var að æfa með sænska landsliðinu í karate á þessum tíma en sá orðrómur var uppi í liðinu að þeirra fremsti karatekappi væri að yfirgefa íþróttina til þess að helga sig salsanu. „Ég fór til hans og spurði hann spjörunum úr, sem endaði með því að hann tók mig með sér á næstu salsaæfingu," segir Edda.

„Ég man alltaf eftir fyrstu karateæfingunni minni. Ég varð gjörsamlega heilluð af því frá fyrstu stund og upplifunin var nánast trúarleg," segir Edda. „Ég fékk svipaða tilfinningu með salsað. Ég ákvað á stundinni að þetta væri nokkuð sem ég vildi læra."

Spurð að því hvað geri salsað svona sérstakt segir Edda að það sé fyrst og fremst gleðin og hamingjan sem fylgi því að dansa salsa. „Maður þarf ekki að vera neinn snillingur til þess að geta dansað. Eftir eitt til tvö námskeið ættu flestir að geta farið út á dansgólf og notið þess að dansa undir dunandi salsatakti," segir Edda og bætir við að salsað sé hvorki formfast né alvarlegt heldur snúist það um að njóta líðandi stundar.

„Eftir að ég kom heim frá Stokkhólmi fékk ég hálfgerð fráhvarfseinkenni og velti því fyrir mér hvernig ég gæti haldið þessu salsaævintýri mínu áfram. Ég fann engin námskeið hér sambærileg þeim sem ég hafði áður verið á," segir Edda. „Ég ákvað því að flytja sjálf inn kennara frá Stokkhólmi og halda stutt helgarnámskeið.

Það fyrirkomuleg hentar Íslendingum vel því þeir vilja oft ekki skuldbinda sig til margra vikna," segir Edda.

„Nú er áhuginn orðinn svo mikill að fólk er farið að stoppa mig úti í Melabúð til þess að skrá sig á námskeið en annars er hægt að skrá sig á heimsíðu námskeiðsins salsaiceland.com," segir Edda ánægð með viðtökurnar.

„Kennararnir sem við fáum núna um helgina eru ekki af verri endanum. Þau Ibirocay Regueira og Marina Prada eru stofnendur Sacuye-dansflokksins í Stokkhólmi og voru silfurverðlaunahafar á heimsmeistaramótinu í salsa í fyrra," segir Edda.

„Þau eru frábærir dansarar en ekki síst framúrskarandi kennarar, en það tvennt þarf ekki endilega að fara saman," segir Edda.

„Kosturinn við þetta námskeið er sá að það er ekki nauðsynlegt að hafa maka með sér. Hópnum er „róterað" á milli laga þannig að allir hafa dansfélaga," segir Edda og býður alla þá velkomna sem vilja hita blóðið á köldum vetrarkvöldum með suðrænni salsasveiflu.

- árá



SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
Klassísk hvít eik-Dekor
Verð frá kr.:
192.895,-
Af hverju að borga meira?
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.
Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.
Einfalt og þægilegt.
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.



AEG
**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.
NÝTT 2007
ÞRÍR SÝNINGARSALIR:
SMÁRALIND
AKUREYRI
SELFOSS
*Einfalt á lager og til afgreiðslu strax úrval fataskápa, baðinnréttinga og rennihurða.*
Dreymir þig um nýtt eldhús og vönduð tæki?
ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS
ORMSSON
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160
ORMSSON
AKUREYRI · Sími 461 5003
ORMSSON
SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

# fermingar

FIMMTUDAGUR 22. MARS 2007



## Hollt á hlaðborðið

**Maður lifandi gefur nokkrar góðar og hollar uppskriftir fyrir ferminguna.**

BLS. 20




HALLA FÉKK 43 SKEYTI –
FLEST AF ÖLLUM Í BEKKNUM!

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju. Sendu skeyti - farðu inn á www.postur.is eða hringdu í síma 1446. Einfalt og skemmtilegt!



PÓSTURINN
allur pakkinn

## Nokkur góð ráð



● **FÆRRI SORTIR EN FLEIRI** Tertuborðið í fermingarveislunni getur orðið heildstæðara og fallegra ef tegundum er haldið í hóflegum fjölda. Þá má baka nokkur stykki af hverri köku, eftir því hversu margir gestirnir verða. Sama gildir um brauðrétti og heita rétti, að halda sig við fáar sortir en útbúa frekar meira af hverri gerð. Misjafnt er hversu margar gerðir fólk vill hafa á veisluborði sem þessu en fimm til átta ætti að vera hæfilegt. Þar sem plássið leyfir má jafnvel leggja þannig á borðið að annar helmingur þess verði spegilmynd af hinum og sömu réttir í boði á báðum endum borðsins. Þetta getur flýtt verulega fyrir.

● **FERMINGARVEISLAN SEM SAMVINNUVERKEFNI** Ef halda á fermingarveisluna heima er um að gera efna til samvinnu. Sá sem hefur bakað eða útbúið rétti fyrir nokkrar fermingarveislur á orðið heila veislu inni hjá vinum og fjölskyldu. Þetta virkar einnig á hinn veginn, biðji maður vini og fjölskyldu að leggja til rétt á fermingarhlaðborð hefur sá hinn sami unnið sér inn greiða á móti. Ítrasta útfærsla af þessu gæti verið að fyrir fermingarveisluna sæi fjölskylda fermingarbarnsins eingöngu um að gera heimilið tilbúið til að taka á móti gestum. Um annað sæju vinir og fjölskylda.



● **SKREYTT MEÐ ÁVÖXTUM** Ekki þarf endilega að leggja mikið í borðskraut fyrir fermingarveisluna. Með einföldum hætti og ódýrum er þó hægt að útbúa skreytingu sem gefur veislunni ákveðið yfirbragð. Blóm, kerti og servíettur í sama lit eða litum sem kallast á er einfaldasta form á skreytingu. Um páskana er tilvalið að nota páskaliljur og minna má á að sítrónur eru eins á litinn þannig að þær mætti nota sem skreytingu með páskaliljunum, jarðarber má nota með rauðum blómum, bláber með bláum og þar fram eftir götunum. Ekki spillir að borða má skreytinguna að veislunni lokinni.

BCSS ACADEMY
ÍT ferðir

**Knattspyrnskóli Bobby Charlton**
**Kynning helgina 24.-25. mars.**

**Kynningarfundur:** Laugard. 24/3 hjá ÍSÍ í Laugardal kl. 11:00
**Opin æfing:** Laugard. 24/3 í Fífunni, Kópavogi kl. 13:30
**Kynningaræfing:** Sunnud. 25/3 í Fífunni kl. 13:30

**Umboð á Íslandi: ÍT ferðir, sími 588 9900,**
**www.itferdir.is**

PANDORA Jewelry



BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND



Jóhanna átti erfitt með að verjast hlátri þegar orgelið byrjaði að baula. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Björgunarsveitin ferjaði gestina og orgelið baulaði

**Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir átti viðburðaríkan og eftirminnilegan fermingardag.**



Fjörtíu gestum var boðið en einungis tíu mættu vegna veðurs í fermingarveislu Jóhönnu Friðriku.

Leikkonan Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir leikur um þessar mundir í barnasöngleiknum Abbababb eftir Doktor Gunna sem sýndur er í Hafnarfjarðarleikhúsinu á sunnudögum. Þar má meðal annars heyra hið sívinsæla „Prumpulag“. Einnig er hún að leikstýra frumsömdum söngleik við Menntaskólann á Laugarvatni þar sem hún gekk eitt sinn menntaveginn. Þrátt fyrir þétta dagskrá var hún svo elskuleg að deila með okkur fermingarmyndinni sinni og sögunni af fermingardeginum.

„Ég fermdist í Víkurkirkju, Vík í Mýrdal, í apríl árið 1994 og var fermingardagurinn frekar skrautlegur. Messan átti að byrja um klukkan tvö en þá skall á snarvitlaust veður um morguninn. Messunni var því frestað og beðið eftir að veðrinu slotaði en ekkert gerðist og messunni var frestað fram eftir degi. Ég fór í hárgreiðslu klukkan sjö um morguninn þannig að greiðslan var frekar sjúskuð þegar stóra stundin rann upp.“

Það var ekki fyrr en um klukkan sex að náðst hafði að koma öllu fólkinu upp í kirkju og Jóhanna og fjölskylda fóru með björgunarsveitarbílnum til messu en björgunarsveitin hafði í nógu að snúast þar sem hún þurfti að ferja alla kirkjugestina upp eftir.

„Þegar við vorum að fara inn í kirkjuna lagði bíllinn fyrir utan kirkjuna og svo mynduðu björgunarsveitarmennirnir varnarvegg sitthvoru megin frá bílnum inn í kirkjuna og skutluðu fólkinu inn. Þetta var svona eins og færiband inn í kirkju. Svo þegar við vorum loksins öll komin þá vantaði prestinn og organistinn var fastur einhvers staðar upp í fjalli þannig að björgunarsveitin þurfti að fara og sækja þá.“

Loks þegar allir voru komnir hófst messan en ekki voru hrakfarirnar á enda. Presturinn var sveittur af stressi og hafði hann áður brýnt fyrir fermingarbörnunum að hvað sem myndi gerast í messunni þá væri harðbannað að hlæja. Þar sem þetta er nú flissaldurinn var það ekki að ástæðulausu en hins vegar óraði prestinn áreiðanlega ekki fyrir því sem koma skyldi. Nú biðu allir spenntir eftir að messan hæfist.

„Það var nýbúið að kaupa mjög flott pípuorgel í kirkjuna sem sóknin var mjög stolt af. Svo þegar Kristín organisti ætlaði að fara að spila þá komu einhver fáránleg hljóð úr orgelinu. Það heyrðist bara einhvers konar baul og óhljóð og allir litu undrandi hver á annan og veltu fyrir sér hvort það væri í lagi með organistann. Kórinn átti bágt með sig og gat lítið sungið þar sem margir kórmeðlimirnir voru að drepast úr hlátri.“

Sem betur fer amaði ekkert að organistanum en hins vegar var orgelið eitthvað vanstillt eða þá að kuldinn olli því að pípurnar voru skrítnar. Að minnsta kosti virkaði gripurinn ekki sem skyldi. Jóhönnu tókst þó að halda andlitinu með herkjum en hún og hin fermingarbörnin þorðu alls ekki að óhlýðnast prestinum og fara að hlæja. Á endanum hafðist þó loks að ferma unglingana og þá þurfti að ferja alla kirkjugesti heim aftur.

„Það voru mjög fáir gestir í veislunni þar sem það komst enginn vegna veðurs en þó voru örfáar hetjur í fjölskyldunni sem áttu fjallajeppa og drösluðust í gegnum skaflana. Fjörutíu manns var boðið en einungis um tíu mættu. Svo gerðist það hins vegar um klukkan átta um kvöldið, eða stuttu eftir að við komum heim, að óveðrinu slotaði og það datt allt í dúnalogn aftur.“ *-hs*

www.icelandexpress.is/gjafabref

# Besta fermingargjöf í heimi




**Fermingargjafabréf Iceland Express er spennandi gjöf sem hittir beint í mark.**

» Hvað er meira spennandi fyrir ungt fólk á fermingaraldri en að kanna ókunnar slóðir í útlöndum? Gildir þá einu hvort vinir eru með í för eða mamma og pabbi. Heimurinn hefur upp á svo margt að bjóða.

Gjafabréf Iceland Express er ekki aðeins frábær fermingargjöf, heldur sérlega þægilegur og einfaldur kostur fyrir þá sem gefa gjöfina. Á www.icelandexpress.is/gjafabref er farið í gegnum allt ferlið, skref fyrir skref. Síðan prentarðu gjafabréfið út og klárar málið á örfáum mínútum. Það liggur ekkert á því inneignin gildir í tvö ár og á hvaða áfangastað Iceland Express sem er.

» **Einfalt og þægilegt. Kláraðu málið á www.icelandexpress.is/gjafabref**

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fiton/SÍA

## klassískar gjafir



● **GULLÚRIÐ** var toppurinn í gjafaflórunni hér í eina tíð. Þrátt fyrir að tæknileg hljómflutningstæki, sjónvörp og vélsleðar hafi nú færst ofar á óskalistann stendur úrið fyrir sínu og er gjöf sem endist.



● **ORÐABÓKIN** kemur sér vel fyrir barnið þótt síðar verði. Ekki vera hrædd við að gefa gjafir sem barnið langar ekki sérstaklega í. Það mun þakka þér síðar.

● **SKARTGRIPIR,** sérstaklega prýddir krossum, eru klassísk gjöf fyrir fermingastúlkur og jafnvel drengi.



● **SEÐLARNIR KLIKKA ALDREI,** þeir reyndar endast sjaldan lengi en veita ákveðið stundargaman og geta orðið hluti af stærri gjöf sem fermingarbarnið mun gefa sjálfu sér.

# Gott veganesti út í lífið

„Það eru gífurleg forréttindi að koma að börnunum frá kirkjunnar sjónarhóli. Þau koma til manns einu sinni í viku, við getum leyft okkur öðruvísi aðkomu en skólinn gerir og sjáum þar af leiðandi oft bara þeirra bestu hliðar,“ segir séra Arna Grétarsdóttir, prestur í Seltjarnarneskirkju, sem tekið hefur þátt í menntun fermingarbarna í um tíu ár, þar af fjögur sem prestur.

„Sem prestur er maður með börnunum allan veturinn, fær að fylgja þeim og kynnast þeim mikið nánar. Maður lærir nöfnin á þeim og nær til þeirra á annan hátt,“ segir Arna sem kenndi fermingarbörnum á námskeiðum sem guðfræðinemi. „Á slíkum námskeiðum fær maður að vera með þeim á skemmtilegustu tímapunktunum,“ segir Arna og finnst almennt mjög skemmtilegt að vinna með börnum á þessum aldri.

Arna telur það mjög tilfinningalega spurningu hvort börnin fermist út af trú eða öðru. „Þegar verið er að tala um trú eða krefja þau til að svara á trúarlegan hátt gæti ég allt eins gengið að þeim og sagt „hvað segirðu, ertu skotin í honum Nonna?“ segir séra Arna hlæjandi og bendir á að trúin sé svo persónuleg að ekki sé hægt að tala um hana af alvöru í stórum hópi. Betra sé að gera það í smærri hópum.



Spurningin hvort börn fermist vegna trúar eða annars er af mjög tilfinningalegum toga, að sögn séra Örnu Grétarsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En hvað er það sem börnin læra í fermingarundirbúningnum? „Í Seltjarnarneskirkju byrjum við að fara yfir trúfræðigrunninn, kennum þeim um bænina, trúarjátninguna og Faðirvorið sem þau reyndar flest kunna. Við kennum þeim um lúthersku kirkjuna og staðsetjum þau í þessari trúarbragðaflóru. Þegar við höfum farið í þennan ákveðna trúfræðigrunn förum við í hvernig þau ætli að nýta sér að vera kristin í sínu daglega lífi,“ segir Arna og telur að börnin læri mikið á þessu fermingarári. „Þau þroskast mikið á þessu ári og fá með fermingarfræðslunni ákveðið nesti út í lífið.“

Arna segir gjafir og veislur töluvert til umræðu hjá börnunum. „Auðvitað finnst öllum rosalega gaman að fá gjafir, það er bara eðlilegt,“ segir Arna og telur ekki að umfang veislna sé að fara úr böndunum. „Auglýsingarnar eru miklu fleiri en fyrir tíu árum og svona eru tímarnir sem við lifum á. Hins vegar man ég eftir því sjálf að hafa verið að hugsa um fermingargjafir og fötin en það breytti því ekki að ég væri að fermast út af trúnni á Jesú og ég held að það sé eins í dag.“








Gyða Björk segist ekki líta svo á að hún komist í tölu fullorðinna við ferminguna.
MYND/HEIÐA.IS

# Spennt fyrir stóra deginum

Gyða Björk Ólafsdóttir fermist í Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd ásamt níu stelpum og einum strák.

„Ég er spennt fyrir fermingardeginum,“ segir Gyða Björk Ólafsdóttir sem mun fermast í Svalbarðskirkju 19. apríl. Gyða Björk er í áttunda bekk í Valsárskóla á Svalbarðsströnd í Eyjafirði. Krakkarnir í bekknum eru tíu talsins sem munu fermast saman, níu stelpur og einn strákur. Gyða Björk segir samræður stelpnanna í bekknum aðallega snúast um fermingakjólana þegar ferminguna ber á góma. „Ég er búin að kaupa mér fermingarkjólinn en hann er hvítur,“ segir hún og bætir við að kjóllinn sé keyptur í tískuvöruverslun á Akureyri. Gyða ætlar í hárgreiðslu og myndatöku á fermingardeginum en ekki í förðun. Aðspurð hvað henni langi í fermingargjöf segist hún helst vilja skartgripi og peninga. „Annars hef ég ekki hugmynd um hvað mig langar í og ég veit ekkert hvað ég fæ. Það verður bara að koma í ljós. Ætli maður fái ekki græjur, peninga og skartgripi,“ segir hún. Þegar Gyða Björk er spurð hvort hún telji sig komast í fullorðinna tölu á fermingardaginn segir hún svo ekki vera. „Ég held ég verði alveg jafn gömul þótt ég hafi fermst. Fermingin snýst frekar um að staðfesta skírnina.“

*indiana@frettabladid.is*

# Flottar fermingagjafir

**Þú færð frelsiskort og startpakka frá Vodafone hjá okkur**

Gríptu augnablikið og lifðu núna.

vodafone

**Frír GSM sími**
**Samsung X-160 fylgir með kaupum á Samsung Digimax S600 og 512MB minniskort**

## SAMSUNG DIGIMAX S600



6,1 milljón pixla
5x stafræn aðdráttur
Stór 2,4" LCD-skjár
1/1,25 CCD-sensor
5 forstillingar
VGA-vídeóupptaka
9 innbyggðir myndarammar
16 MB innra minni

TILBOÐ Kr. 29.805,- | Kr. 2.928,- 12 mán | ~~Kr. 39.705,-~~

## SAMSUNG X-160



65 þús lita UFB skjár
Titrari
Handfrjáls hátalari
Diktafónn
Fjölradda pólýtónar
Aðgerðalistar
Dagatal
Dual-Band GSM 900/1800
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Innbyggt 1.2 MB minni
SMS/EMS/MMS skilaboð
100-240v hleðslutæki og
Handfrjáls búnaður fylgir með
WAP, Java netstuðningur
GPRS gagnaflutningur
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Þyngd 77 grömm

## Kodak EasyShare V610

**Tvær linsur**
**Bluetooth**



6.1 milljón pixla
2.8" Hágæða LCD skjár!
Hágæða Schneider linsur
Linsa nr. 1: 38-114mm
Linsa nr. 2: 130-380mm
5 cm nærmyndataka
Ljósnæmni ISO 64 - 800
Hliðrar myndum sjálfvirkt
Bluetooth tenging innbyggð
Videó með hristivörn
5 cm nærmyndataka
Ljósnæmni ISO 64 - 800

**10x aðdráttur**

**4.000 AFSLÁTTUR**

TILBOÐ Kr. 25.900,- | Kr. 2.556,- 12 mán | ~~Kr. 29.900,-~~

## SAMSUNG DIGIMAX NV10

EISA AWARDS BEST PRODUCT 2006-2007



10.1 milljón pixla
2.5" Hágæða LCD skjár
35-105mm Schneider linsa
Ljósop f/2.8 - f/5.1
Ljósnæmni ISO 100 - 1000
4 cm nærmyndataka (Macro)
Hraðval með snertitökkum
Sterkt aluminum efni í vél
Hljóðupptaka (diktafónn)
Hleðsla með USB snúru
Notar SD kort
MPEG 4 vídeóupptaka (30 fps)

Kr. 3.893,- 12 mán | Kr. 39.900,-

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

## SAMSUNG DIGIMAX i6

TIPA 2006

**9.000 AFSLÁTTUR**



6 milljón pixla
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur video
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun

TILBOÐ Kr. 29.900,- | Kr. 2.955,- 12 mán | ~~Kr. 38.900,-~~

## SAMSUNG DIGIMAX NV7 OPS

**5.000 AFSLÁTTUR**



7.2 Megapixlar
2.5" Hágæða LCD skjár
38-270mm Schneider linsa
Ljósop f/2.8 - f/4.0
TTL fókuskerfi
Ljósnæmni ISO 100-1000
1 cm nærmyndataka (Macro)
11 Forstillingar
Vídeóupptaka MPEG4
Hljóðupptaka (Diktafónn)
Hleðsla með USB snúru
19 MB innra minni

TILBOÐ Kr. 39.900,- | Kr. 3.857,- 12 mán | ~~Kr. 44.900,-~~

## SAMSUNG DIGIMAX L70

**5.000 AFSLÁTTUR**



7.2 milljón pixla
2.5" Hágæða LCD skjár
37.5-112.5mm linsa
Ljósop f/2.7 - f/5.2
Ljósnæmni ISO 100-800
ASR hristivörn - Algorythmi
15 cm nærmyndataka (Macro)
Hljóðupptaka (Diktafónn)
MPEG 4 vídeóupptaka
Notar SD kort
Hleðsla með USB snúru
11 Forstillingar

TILBOÐ Kr. 24.900,- | Kr. 2.463,- 12 mán | ~~Kr. 29.900,-~~

## EPSON Stylus D88

**4.000 AFSLÁTTUR**



Frábær prentari fyrir skólafólk
Allt að 5760 x 1440 dpi upplausn
22 bls á mín í svörtu
12 bls á mín í lit
4 blekhylki
Epson Micro Piezo prenthaus
Mjög hagkvæmur í rekstri

TILBOÐ Kr. 9.590,- | ~~Kr. 12.590,-~~

## EPSON Stylus DX4000

**Prentari og skanni**

**5.000 AFSLÁTTUR**



Prentgæði
5760x1440 punkta upplausn
Litahylki :4
Svartur texti 23 bls á min
Lita texti 12 bls á min

TILBOÐ Kr. 11.790,- | ~~Kr. 16.790,-~~

## iriver MP3 spilari - N11



MP3 spilari með innbyggðu 1GB flassminni (ca. 240 lög)
FM útvarp
LCD skjár
USB 2,0 tengi
Innbyggð Li-ion rafhlaða 13 klst. á hleðslu
Spilar: MPEG, MP3, WMA (DRM) og OGG (Q10)
Heyrnatól fylgir

Kr. 17.420,-

100 ára HANS PETERSEN 1907–2007

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR | MasterCard

Vefverslun Hans Petersen er á www.hanspetersen.is/verslun

12 mán 24 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

# Heiðarleiki og drengskapur að leiðarljósi

„Ég gerði þetta ekki vegna gjafanna, heldur til að staðfesta trú mína,“ segir Atli Freyr Fjölnisson, 18 ára, sem lét siðfesta sig í ásatrú um síðustu helgi. „Athöfnin er lík fermingu, nema framkvæmd samkvæmt venjum ásatrúarmanna og vígðir helst ekki yngri en sextán ára.“

Að sögn Atla byrjaði Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði á að helga svæðið þar sem vígslan fór fram, vegna þess að ásatrúarmenn eiga ekki enn sem komið er samkomuhús hérlendis. „Síðan fór hann með helgiorð og rétti mér baug, járnhring, sem var notaður til að helga svæðið. Ég fór þá með vísu úr Hávamálum og var þar með orðinn siðfastur í ásatrúnni. Athöfnin sjálf tók ekki nema korter.“

Atli var vígður einn en segir einnig tíðkast að nokkur börn séu vígð saman. „Krakkarnir eru þó yfirleitt færri en í fermingum. Þeir geta þess vegna haft meiri áhrif á athafnirnar, sem verða því oft persónulegri en fermingar. Í báðum tilvikum er þó um manndómsvígslu að ræða og í ásatrúnni eru þau heit strengd að hafa heiðarleika og drengskap að leiðarljósi. Ég hef reynt að fara eftir því síðan ég kynntist ásatrúnni tólf, þrettán ára gamall í gegnum pabba minn og mun gera það áfram ásamt því að blóta nokkrum sinnum á ári.“

Atli segist aldrei hafa óttast að verða fyrir stríðni af hálfu jafnaldra sinna vegna þeirrar ákvörðunar að vígjast inn í ásatrú. „Alls ekki. Hver verður að fylgja sinni trú. Ég á hvort sem er bæði vini og vandamenn sem eru fermdir eða ásatrúar.“ Í því samhengi má geta þess að móðir Atla er kristin, föðuramman búddisti og faðirinn ásatrúar eins og fyrr sagði. Óhætt er því segja að fjölbreyttur hópur hafi verið samankominn til að fagna með Atla á vígsludeginum.

„Þarna mætti fólk með alls kyns trúarskoðanir, alveg eins og í fermingum,“ útskýrir Atli. „Í hvorugu tilviki er fólkið samankomið vegna trúarinnar heldur til að samgleðjast þeim sem því þykir vænt um. Um það snýst málið.“

*roald@frettabladid.is*


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Atli Freyr Fjölnisson vígðist inn í ásatrú um síðustu helgi.**





**Gjöfin þín !**
Þegar keypt er fyrir 4.600 kr í
Elizabeth Arden línunni þar af eitt andlitskrem

Sérfræðingar verða með ráðgjöf í Lyfju Lágmúla og
Lyfju Smáratorgi dagana 21.– 23. mars

LYFJA

Elizabeth Arden


## Gátlisti fyrir ferminguna

**Hér eru nokkur atriði sem gætu gleymst.**



Bauðstu öllum sem þú ætlaðir að bjóða? Það er ekkert að því að hringja í fólkið sem gleymdist.

Athugaðu stöðuna á blómavösum á heimilinu. Er nóg til?

Hvar á að setja gjafirnar?

Áttu nóg af bollum, glösum, hnífapörum, diskum, fötum, spöðum?



Veit fermingarbarnið af hverju það er að fermast?

Er búið að skrautskrifa í gestabókina?

Hver ætlar að gæta barna sem eru of ung til að hægt sé að hafa þau með í kirkjuna?

Á öll fjölskyldan hrein og straujuð spariföt fyrir daginn?

Er búið að útnefna ljósmyndara til að festa atburðinn á spjöld fjölskyldusögunnar?

Hvar á að geyma yfirhafnir?

Er búið að útnefna skrásetjara gjafa (gjarna yngra systkini eða frændfólk)?

Er búið að panta köku?

Hver ætlar að sækja hana?

Er nóg pláss í ísskápnum fyrir veitingar?

En í eldhúsinu?

Er búið að hugsa út í borðskreytingar? Servíettur? Kerti?

Er nóg af stólum?

En borðum sem hægt er að borða við?

Hvar eiga gestir á barnsaldri að vera þannig að þeir skemmti sér en trufli ekki hina fullorðnu?

Hvar verða gæludýrin?



# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR



**Þrýstijöfnun er lykilorðið**



iq-care.com

## Ein besta heilsudýna í heimi

# Fermingartilboð



**PAKKATILBOÐ**
Dýnuhlíf, lak og pífa
**30% afsláttur**

**Ný sending**
**af sængurverasettum**
140x200 cm
140x220 cm
200x200 cm
200x220 cm

**IQ-CARE heilsudýnur**
1 gámur á sérverði
frá framleiðanda.
Verð á 120 cm rúmum
**kr. 89.900,-**
*Fyrstur kemur fyrstur fær*

**Erum með**
IQ-CARE heilsudýnur
Visco X heilsudýnur
Beauty Sleep
Healthy Box
Verð á 120 cm rúmum
**frá kr. 34.900,-**

**Veljum góðar heilsudýnur**
**fyrir vaxandi fólk!**

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa ★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa ★★★★★

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

# Biskupar einir máttu ferma

Á fyrstu öldum kristni sáu biskupar einir um skírnir en er söfnuðirnir stækkuðu fengu prestar líka leyfi til þess. Upphaflega máttu bara biskupar ferma og var þá oft talað um að börn væru biskupuð. Sú athöfn fór fram þegar barnið komst á fund biskups og því var fólk á mismundandi aldri þegar það fermdist, allt frá því að vera nokkurra mánaða upp í að vera nær fullvaxta.

Fermingar í Evrópu á miðöldum fóru til dæmis fram um leið og biskup vísíteraði sem gat verið með margra ára millibili í ýmsum hlutum biskpusdæmanna. Þar sem mögulegt var að koma fastri skipan á voru börnin oftast 7-12 ára gömul þegar þau fermdust og áttu þau þá að hafa hlotið uppfræðslu í kristnum fræðum af fullorðnu fólki á heimilinu. Hér á landi munu fermingar hafa verið nokkuð reglulegar á miðöldum því biskupar voru tíðum yfirreiðum.



Séra Vigfús Þór Árnason og séra Anna S. Pálsdóttir ferma í Grafarvogskirkju.

Fermingin er eitt af sakramentum kirkjunnar í kaþóskum sið. Skilningur manna á henni breyttist mikið við siðaskiptin. Hún var eiginlega talin óþörf þar sem hún gæti varpað skugga á skírnina sem litið var á sem endurfæðingu. Fermingin var því nánast lögð niður á siðbreytingartímanum og síðan tekin upp í nýrri mynd. Þar sem farið var að krefjast áveðinnar þekkingar í kristnum fræðum af öllum sem vildu ganga til altaris varð hin endurskoðaða fermingarathöfn einkum bundin prófi í kristnum fræðum, fyrirbæn og blessun. Eftir það var athöfnin framkvæmd af prestum og fór fram árlega í hverju prestakalli. Á 18. öld var algengt að börn væru fermd níu til tólf ára gömul en þar sem það þótti fullungt var aldurinn hækkaður í það sem nú tíðkast.



Magnús Jónsson leikari tók sér hlé frá leikhúsæfingu til þess að rifja upp gamlar ferminarminningar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Úrið týndist eftir viku

Magnús Jónsson leikari fermdist í Garðakirkju árið 1978 og hélt veislu í foreldrahúsum í Garðabæ. Magnús tók sér hlé frá æfingum á söngleiknum Gretti í Borgarleikhúsinu þar sem hann verður í hlutverki draugsins Gláms til þess að segja okkur frá fermingargjöfunum sem hann fékk.

„Ég fékk gullúr frá afa mínum og ömmu í fermingargjöf sem ég svo týndi eftir viku, Það var algjört klúður," segir Magnús Jónsson leikari þegar hann er spurður um eftirminnilegustu fermingargjöfina. „Hins vegar fékk ég langmest af peningum af öllum bekkjarsystkinum mínum," bætir Magnús við. „Ég man ekki eftir því að hafa notað þá í neitt gáfulegt. Ætli maður hafi ekki bara eytt þessu öllu í kúluspil og nammi."



Fermingardrengurinn Magnús Jónsson. MYND/EINKAEIGN

Magnús hefur á orði að sér finnist krakkar fermdir allt of ungir. Þeir geti varla haft vit á því hvað sé rétt eða rangt fyrir þá á þessum aldri.

„Ég hef það á tilfinningunni að tilhugsunin um allar gjafirnar sem fermingarbörnin fái ráði miklu um að þau fermast. Mér finnst að fólk ætti að ná meiri þroska áður en það tekur þessa ákvörðun," segir Magnús áður en hann stekkur aftur upp á svið. *-óró*




## uppskrift

**RICE KRISPIES KRANSAKAKA** Hvernig væri að bregða aðeins út af vananum? Þessi gæti orðið vinsæl meðal yngstu kynslóðarinnar.

2x240 g Petit ekta suðusúkkulaði
(eða hjúpsúkkulaði)
1 lítil dós síróp (þessar grænu)
150 g smjör
230 g Rice krispies

Súkkulaðið, smjörið og sírópið er brætt saman við vægan hita. Rice krispies er hrært út í. Síðan er þetta sett í kransakökuform þar sem hver hringur fyrir sig hefur verið fóðraður með plastfilmu. Setja þarf formin meira en slétt-full og þrýsta deginu vel saman þannig að hringirnir verði sem þéttastir. Síðan eru hringirnir látnir kólna, til dæmis yfir nótt, og síðan límdir saman með doppum af bræddu súkkulaði. Kökurnar eru skreyttar að vild.





WWW.SVAR.IS
Flottari Fermingjagjafir
27”
19”
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Mirai 27” LCD sjónvarp
Flott LCD sjónvarp í svefnherbergið frá Mirai með 1366x768 HD háskerpu upplausn, 6,5 ms svartíma, 1200:1 skerpu og 550 cd/m2 birtustigi.
HD ready
79.900-
Acer 19” Widescreen tölvuskjár
Geggjaður breiðtjalds tölvuskjár frá Acer á fáránlegu verði. 1440x900 upplausn, 5ms svartími, 700:1 skerpa og 300 cd/m2 birtustig
23.900-
WD MyBook 250GB Essential
Þægilegur og flottur utanáliggjandi ,,flakkari” fyrir tölvur frá Western Digital
250GB
17.900-
WD Passport 80GB
Þægilegur og flottur utanáliggjandi ,,flakkari” fyrir tölvur frá Western Digital
80GB
15.900-
Logitech X-230 hátalarasett
Flott hátalarasett frá Logitech tengjanlegt við tölvu eða iPod
8.900-
JBL Spyro hátalarasett
Flottasta hátalarasettið í dag, til í svörtu eða hvítu. Tengjanlegt við tölvu eða iPod
16.900-
svar) tækni
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

## uppskrift

**● LJÚFFENG OG LITRÍK PAVLOVA**

Pavlova er marengsterta sem jafnan fellur í góðan jarðveg hjá sælkerum.

- 4 eggjahvítur
- sítróna
- 16 msk. sykur
- 1 tsk. hvítvínsedik
- 2 tsk. maísenamjöl
- nokkrir vanilludropar

Smyrjið skál að innan með sítrónusafa. Þeytið eggjahvíturnar í skálinni þar til þær eru nærri því stífþeyttar. Hrærið svo sykrinum varlega saman við og bætið edikinu og maísmjölinu út í. Að lokum bætið þið vanilludropunum varlega í með skeið.

Setjið smjörpappír á bökunarplötu, gerið rúmlega 20 cm hring og hellið deiginu innan hans. Passið að dreifa ekki of mikið úr deiginu svo að marengsinn verði ekki þunnur og stökkur.

Forhitið ofninn í 180°C en stillið niður í 150°C þegar þið setjið marengsinn inn í ofninn og bakið í 45-50 mínútur. Látið hann kólna inni í ofninum.

Smyrjið þeyttum rjóma yfir marengsbotninn. Setjið svo ávexti eða ber, til dæmis ástaraldin, bláber, rifsber eða brómber, ofan á rjómann. Notið helst súra ávexti til að vega upp á móti sykrinum í marengsinum.








# Veganesti fyrir framtíðina

Í öllu havaríinu sem fylgja vill fermingum gleymist stundum raunveruleg ástæða þess að fermt er og hvað felst í þeirri helgiathöfn. Til að minna á tilganginn og uppfræða fermingarbörnin er viðeigandi að gefa bækur sem fjalla um Jesú, biblíuna og trúarbrögð. Ekki er síst mikilvægt á þessum síðustu og verstu að fermingarbörnin sem fulltrúar framtíðarinnar geri sér grein fyrir áhrifum trúarbragða og sinni sérstöku trú og átti sig á hvað þau eigi sameiginlegt með öðrum borgurum heimsins. Nauðsynlegt er að reyna að skilja fólk sem hefur öðruvísi bakgrunn en við sjálf til að lifa í sátt og samlyndi í þessum heimi sem við öll byggjum. Sum börn fermast borgaralegri fermingu og eru þá ekki að játa trú sína á Krist en engu síður er mikilvægt fyrir þau að átta sig á áhrifum trúarbragða á heiminn og kynnast sögunni. Þessar bækur eiga því erindi til allra – fermdra sem ófermdra, ungra sem aldinna. Bækurnar fást allar í bókaverslunninni Iðu. *- hs*



**Tómasarguðspjallið, eða „fimmta guðspjallið" inniheldur 114 ummæli sem eignuð eru Jesú Kristi.**




**Með þessari bók fylgir fallegt bænaband og leiðbeiningar um notkun þess sem og fróðleikur um bænabandið og tengsl þess við trúna.**



**Líkt og titillinn gefur til kynna fjallar þessi bók um líf Jesú og áhrif hans á heiminn. Þetta er í senn táknræn og viðeigandi fermingargjöf.**




**Þessi bók er hluti af Lærdómsritunum sem svíkja engan. Samræður Humes um tilveru Guðs og eðli og hlutverk trúarbragða eru eitt mesta tímamótarit í hugmyndasögu Vesturlanda, en það kom fyrst út árið 1779. Þar gerir Hume gagnrýna úttekt á því grundvallaratriði hefðbundinnar kristinnar heimsskoðunar að heimurinn sé í einhverjum skilningi „skipulagður".**

# MAX RAFTÆKI



**99.999 kr.**

Fullt verð ~~129.999~~

**HP Compaq Nx6325**
- AMD Sempron 3500+ Mobile
- Processor 1,8GHz
- 15` XGA 1024x768 skjár
- 512MB DDR RAM SMART minni
- 80GB 5400rpm harður diskur
- DVD+/-RW (DVD skrifari) drif
- ATI Mobility Radeon Xpress 1150 m/allt að 128MB video RAM skjákort
- Netkort: 10/100/1000 mbit netstýring
- 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
- Bíómetrískur fingrafaralesari
- 56K mótald
- Windows XP Professional

**119.999 kr.**



**K-A19-19" Neovo**
- 19" Wide screen
- Upplausn: WXGA 1440x900
- Svartími: 3ms
- Birtustig 300
- Skerpa: 850:1
- Sjónsvið:170°/ 160°
- Passar við VESA festingu

19 tommur



**Fujitsu Siemens Scaleo H**
- Örgjörvi: A64 AMD 3800+
- Vinnsluminni: 2GB DDR 533MHz (mest 4GB)
- Harður diskur: 2x250GB 7200RPM
- DVD Multi-Format Brennari (DVD+/-R/RW og dual layer)
- Skjákort: ATI RADEON Xpress 1150 PCI 256MB
- Hljóðkort: 5,1 surround
- Tengi: Lan 10/100, 6x USB2.0, Firewire, kortalesari, DVI-I, VGA, Optical
- Þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows XP Home Edition SP2

tölva og skjár

Prentari fylgir með!



**129.999 kr.**

Fullt verð ~~149.999~~

**Acer ASP5612**
- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x768)
- Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgjörvi
- 512MB minni
- 80GB Drif
- Intel Graphics Media 950 skjákort
- DVD Multi Format DL Skrifari
- WLAN 802.11 a/b/g 54mbps netkort
- 10/100 LAN og Modem
- Windows XP Home

**149.999 kr.**





**K-A19-19" Neovo**
- 19" Wide screen
- Upplausn: WXGA 1440x900
- Svartími: 3ms
- Birtustig 300
- Skerpa: 850:1
- Sjónsvið:170°/ 160°
- Passar við VESA festingu

19 tommur

**T2PH2-Asus T2**
- Örgjörvi: Intel Pentium Dual Core 3,0 GHz
- Vinnsluminni: 1GB DDR2 667MHz (mest 4GB)
- Haður diskur: 320GB 7200RPM SATA2
- Drif: 18x Samsung DVDR, Floppy
- Skjákort: Nvidia Geforce 7600GT PCI-E 256mb
- Hljóðkort: Line-in/Line-out/Mic-in, Optical-out
- Tengi: Lan 10/100/1000, 6x USB2.0, 2xFirewire, kortalesari, DVI-I, VGA, Serial, FM loftnet
- Windows Vista Basic Home Edition

tölva og skjár

Prentari fylgir með!

**149.999 kr.**

Fullt verð ~~169.999~~



**Acer ASP5633**
- 15" TFT WXGA skjár (1280x800)
- Innbyggð vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5500 1.66GHz örgjörvi
- NVIDIA GeForce Go 7300 TurboCache skjákort
- 2GB DDR2 minni (mest 4GB)
- 120GB drif
- DVD Multi Format DL Skrifari
- WLAN 802.11 a/b/g 54mbps netkort
- 5 í 1 kortalesari
- Ethernet og Firewire tengi
- Windows XP Media Center

Tilboð gilda til 26. mars eða meðan birgðir endast.



Canon IP 1700 litaprentari fylgir hverju tölvutilboði

**Canon IP 1700 - 2 hylkja prentari**
- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á 55 sek.
- Ljósmyndagæði – Allt að 4800x1200 dpi upplausn
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda
- Hraðvirk blæðandi útprentun í allt að A4 stærð
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með

## Canon IP 1700 prentari fylgir öllum seldum tölvum hjá MAx um helgina

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

MAX

# Allir jafnir á fermingardaginn

Hugmyndin að hvíta fermingarkyrtlingum er ekki jafn gömul og margir halda. Það var 9. maí 1954 sem séra Jón M. Guðjónsson, prófastur á Akranesi, sá þá hugmynd sína verða að veruleika að fermingarbörn hans í Akraneskirkju klæddust hvítum kyrtli við fermingarathöfnina. Síðan varð úr að öll fermingarbörn á Íslandi klæddust kyrtlum á fermingardaginn.

Þetta var einkum gert til þess að enginn munur sæist á efnahag fjölskyldnanna, en sum börnin voru ríkmannlega klædd á meðan önnur voru tötraleg til fara. Hefðin að klæðast hvítum kyrtli er rík en þrátt fyrir það er ekki skylda að klæðast honum þó fæstir sleppi því.

Sumar stúlkur klæðast íslenska þjóðbúningnum á fermingardaginn. Algengur misskilningur er að ekki megi hylja þjóðbúninginn með hvíta kyrtlinum en það er af og frá. Kyrtillinn er enn þann dag í dag boðberi þess að allir séu jafnir fyrir guði, jafnt hinir vel stæðu sem hinir snauðari.



Hvíti kyrtillinn á sér ekki langa sögu.




## Góð ráð

Að ýmsu er að hyggja þegar boðið er til fermingarveislu. Gott er að gera gestalista í tíma. Ekki gleyma að hafa fermingarbarnið með í ráðum. Sjálfsagt er að bjóða nokkrum vinum í veisluna.



● **VIÐEIGANDI ER AÐ ÚTBÚA BOÐSKORT** Það þarf alls ekki að vera flókið. Ef fermingarbarnið samþykkir er fallegt að hafa mynd, kannski úr barnæsku, af fermingarbarninu á boðskortinu. Skynsamlegt er að mælast til þess að boðsgestir láti vita hvort þeir komi eða ekki, þá er hægt að reikna út veitingarnar með nákvæmum hætti.

● **GOTT ER AÐ GERA MINNISLISTA** yfir þá hluti sem þarf að kaupa og huga að í góðum tíma. Þá er hægt að krossa við þegar lokið hefur verið við verkefnin og yfirsýnin tapast ekki.



● **SKEMMTILEGT** er að lífga upp á fermingarveisluna með heimatilbúnum skemmtiatriðum af ýmsum toga. Hvernig væri að fá systkini, frændsystkini eða vini fermingarbarnsins til að taka lagið ef þau hafa lært á hljóðfæri.

● **RÆÐUHÖLD HAFA EKKI TÍÐKAST** í miklum mæli í íslenskum fermingarveislum en setja óneitanlega virðulegan blæ á veisluna. Fallegt er til dæmis þegar foreldrar halda stutta tölu til fermingarbarnsins. Afar og ömmur hafa líka oft frá einhverju góðu að segja um fermingarbarnið sem þau hafa fylgst með vaxa úr grasi.



● **FJÖLDASÖNGUR** tíðkast í dönskum fermingarveislum og þá yfirleitt með heimasmíðuðum textum um fermingarbarnið við þekkt lög. Hvernig væri að leita í smiðju frænda vorra Dana og taka upp þennan sið. Það lífgar örugglega upp á veisluna.

VORIÐ 2007

# Vandaðar fermingargjafir

## Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER DCS-353**
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI

Kraftmikill 360W RMS magnari · HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið · USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
· Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON



**Kr. 49.900**

## Nintendo



Nintendo DS Lite
LEIKJATÖLVA

**BARA GAMAN! BARA FLOTT!**

Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Frábært leikjasafn.

**Kr. 16.900**

## Nintendo Wii
LEIKJATÖLVA

**NÝ UPPLIFUN!**

Nær 5 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 3 mánuðum um allan heim.



**Kr. 29.900**

## SHARP XL-MP2H

· Geislaspilari, útvarp og kassettutæki · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring



**Kr. 12.900**

## SHARP XL-UH220H

· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
· USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring



**Kr. 35.900**

## SHARP LC-20SH1E

· 20" LCD-sjónvarp
· Svartur TFT LCD skjár
· Skjáform 4:3
· 200 stöðva minni
· Nicam stereo
· Textavarp
· Öll litakerfi (NTSC, PAL, PAL-M, PAL-N, SECAM)
· 170° sjónsvið
· Fjarstýring
· 2 ára ábyrgð



**Kr. 59.900**

## OLYMPUS FE-210

· 7,1 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (38-114mm)
· Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð



**Kr. 15.900**

## OLYMPUS Mju-760

Víða hefur skapast alvarlegt ástand vegna eyðingar skóga og jarðvegs, en jarðeyðing raskar náttúrulegu streymi ferskvatns og leiðir til flóða og skriðufalla, aukins uppblásturs og stækkunar eyðimarka. Yfirstandandi loftslagsbreytingar af mannavöldum með vaxandi sveiflum í veðurfari gera mönnum líka óhægt um vik að bregðast við með skipulegum aðgerðum.

Íslendingar hafa meiri og betri aðgang að ferskvatni en flestar aðrar þjóðir. Ef rétt er á haldið getur vatnsauðlindin orðið mikil lyftistöng fyrir komandi kynslóðir, hollustu, tómstundaiðkan og atvinnulíf. Líta ber á grunnvatn, ár og vötn og lífríki vatna sem eina órofa heild og horfa jafnframt til árósa og strandsvæða þar sem íblöndun ferskvatns hefur teljandi áhrif.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að ferskvatn eigi eins og aðrar náttúruauðlindir að vera í sameign landsmanna og við teljum eðlilegt að unnið sé að því að binda slík ákvæði í stjórnarskrá. Jafnframt þarf að setja skýr lagaákvæði um vernd og nýtingu vatns og vatnasvæða og skilgreina með skýrum hætti réttindi og skyldur landeigenda í meðferð vatns, hvort sem um er að ræða í þjóðlendum eða landi í einkaeign. Eðlilegt væri að stjórnvöld settu fram vatnsverndarstefnu, sem mælti fyrir um vernd og sjálfbæra nýtingu ferskvatns.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*





†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústa Sigurðardóttir**

Tjarnarbraut 21, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu mánudaginn 19. mars.

**Sigurður Haraldsson**

| | |
|---|---|
| **Friðbjörg Haraldsdóttir** | **Örn S. Jónsson** |
| **Sigrún Haraldsdóttir** | **Hjalti Zóphóníasson** |
| **Haraldur Á. Haraldsson** | **Sigurveig Úlfarsdóttir** |
| **Kristján Haraldsson** | **Arndís Birgisdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir og amma,*

**Aðalheiður Kjartansdóttir**

bókari, Víkurási 1,

varð bráðkvödd á heimili sínu þann 12. mars 2007.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Súsanna Þorvaldsdóttir**
**Baldvin Á. Jónsson**
**Jón Atli Baldvinsson**
**Hans Andri Baldvinsson**
**Jónína Þorvaldsdóttir**
**Kara Hlynsdóttir**
**Frosti Hlynsson.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,*

**Báru Ingibjörgu Vigfúsdóttur**

Stigahlíð 6, Reykjavík.

**Guðrún Katrín Aðalsteinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Jónsdóttir**

frá Víganesi,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 23. mars kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Guðbjörg Eiríksdóttir** | **Lýður Halldórsson** |
| **Jensína Guðrún Eiríksdóttir** | |
| **Sæunn Eiríksdóttir** | |
| **Jón Eiríksson** | **Guðrún Sigvaldadóttir** |
| **Guðný Eiríksdóttir** | **Þorsteinn Ólafsson** |
| **Sigrún Eiríksdóttir** | **Haraldur Tryggvason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför foreldra okkar, fósturforeldra, tengdaforeldra, afa, ömmu, langafa og langömmu,*

**Kristjóns Hafliðasonar og Helgu Tyrfingsdóttur**

frá Tjörn í Þykkvabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Lundar.

| | |
|---|---|
| **Ásdís Erla Kristjónsdóttir** | **Sigurður Sigurðsson** |
| **Þórunn Kristjónsdóttir** | **Ragnar V. Sigurðsson** |
| **Hafrún Kristjónsdóttir** | **Sigurbergur Kristjánsson** |
| **Tyrfingur Arnar Kristjónsson** | **Nína Kristjónsson** |
| **Jóna María Kristjónsdóttir** | **Guðmundur Hreinsson** |
| **Steinn Jóhannsson** | **Súsanna Helgadóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, lípariti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**SÖNGLEIKJASKÁLDIÐ ANDREW LLOYD WEBBER ER 59 ÁRA Í DAG.**

*„Ég vil ekki hella mér í eitthvað, bara til þess að gera eitthvað. Ég vil gera það þegar ég finn söguefni.“ Lloyd Webber segir ekki hvaða sögu sem er í söngleikjum sínum.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1622** Opechancanough, leiðtogi Powhatan-indíána, leiðir árás á Jamestown-landnemabyggðina með þeim afleiðingum að 347 láta lífið og Powhatan-stríðið hefst.

**1794** Bandaríkjaþing samþykkir lög sem banna bandarískum skipum að flytja þræla til annarra landa.

**1895** Fyrsta kvikmyndasýningin á sér stað þegar Auguste og Louis Lumiere varpa mynd á tjald fyrir boðsgesti í París.

**1924** Ríkisstjórn Jóns Magnússonar tekur við völdum. Hún situr þangað til í júlí 1926.

**1972** Í ljós kemur að Geirfugladrangur, vestur af Eldey, hafði sokkið í sjóinn en drangurinn er grunnlínu-



**VERSLUNARFÓLK** Hópur verslunarfólks í Borgarnesi sem heldur upp á 140 ára afmælið í dag.

VERSLUNARAFMÆLI BORGARNESS: 140 ÁRA

# Heilmikið húllumhæ

Haldið verður upp á 140 ára verslunarafmæli Borgarness í dag. Skólahljómsveit Akraness, undir stjórn Önnu Bjarkar Nikulásardóttur, fer fyrir skrúðgöngu frá Hyrnutorgi að Landnámssetri í fylgd unglinga úr Óðali í Borgarnesi klukkan 15.00. Verður förinni heitið að Landnámssetrinu þar sem viðamikil dagskrá verður haldin í allan dag. Víða annars staðar í bænum verða jafnframt ýmsar uppákomur.

„Þetta verður heilmikið húllumhæ,“ segir Fríða Sveinsdóttir verkefnisstjóri. Hún segir að megnið af dagskránni séu skemmtiatriði úr sveitarfélaginu. „Það er gaman að geta þess að tónlistarskólinn er með tvö atriði en skólinn var stofnaður í tilefni af hundrað ára afmæli Borgarness, þannig að hann á fjörutíu ára afmæli,“ segir Fríða. „Síðan verður sýnd mynd sem Einar Ingimundarson tók sem ég veit að margir hlakka til að sjá. Hún var tekin á afmælisdeginum fyrir fjörutíu árum og sýnir mannlífið á þeim degi.“

Fríða segir að Borgarnes sé enn þá mikill verslunarbær, 140 árum eftir að hann fékk löggildingu. Sér hún fram á bjarta framtíð í bæjarfélaginu. „Borgarnes hefur verið og er ennþá þjónustukefli fyrir þá sem búa hérna og þá sem eiga hér leið um. Það er afskaplega gott hljóðið í okkur og gengur alltaf afar vel. Það hefur verið mikill uppgangur bæði í atvinnulífi og íbúaþróun. Við erum með tvo háskóla í þessu sveitarfélagi og síðan kemur menntaskóli í haust þannig að það er flott framtíð hjá okkur.“

Í tilefni af afmælinu eru allir þeir sem hafa yfir að ráða fánastöngum í Borgarnesi hvattir til að draga fána að húni í dag.

freyr@frettabladid.is



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Málfríðar Sigurðardóttur**

Stillholti 9, Akranesi.

**Guðmundur Ó. Guðmundsson**

| | |
|---|---|
| **Sigurður Guðmundsson** | **Hulda Guðbjörnsdóttir** |
| **Björgvin Guðmundsson** | **Lidia Andreeva** |
| **Birgir Guðmundsson** | **Ragnheiður Hafsteinsdóttir** |
| **Jón Þór Guðmundsson** | **Ástríður Jónasdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elva Hólm Þorleifsdóttir**

Bragavöllum 3, Keflavík,

verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 23. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Þyrí Magnúsdóttir** | **Jóhann Marísson** |
| **Ella S. Magnúsdóttir Wanros** | **John D. Wanros** |
| **Þorsteinn Magnússon** | **Magnea Inga Magnúsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona, dóttir, tengdadóttir og systir,*

**Sigríður Stefánsdóttir**

Skólagerði 20, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 13. mars sl. Útför hennar fer fram í Digraneskirkju, Kópavogi, í dag 22. mars klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ísleifur Arnarson**
**Jóhanna Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Hallbera Ísleifsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Davíð Stefánsson**
**Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir**



# 90 ára afmæli

**Frú Guðbjörg Andrésdóttir**

Silfurtúni Búðardal

verður 90 ára 26. mars nk. Í tilefni dagsins býður hún kaffi og tekur á móti gestum í Silfurtúni Búðardal sunnudaginn 25. mars milli kl 15.00 - 18.00


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson | Hermann Jónasson | Geir Harðarson | Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**

**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

## Fjölbreytt vöruúrval - frábær verð!

**Dömu, herra og barnaskór í frábæru úrvali. Leðurstígvél, spariskór, sportskór, inniskór, útilífs skór, gúmmístígvél, ungbarnaskór, leðurtöskur, tautöskur, bakpokar, húfur, skyrtur, sokkar, barnagallar, regnhlífar, buddur ofl. ofl.**

## Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!

**Vagabond, Blend, Rebook, Skechers, Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl. Stök pör, tilboð dagsins.**

# EINFÖLD VERÐ

500.- | 1000.- | 2000.- | 3000.- | 4000.- | 5000.- | 6000.-

## Opnunartími

**Opið alla daga frá 12.00 til 18.00**

**Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá fimmtudeginum 22. mars til sunnudagsins 1. apríl.**

**Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...**





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hangið á Lækjartorgi

**KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR** VILL FLEIRI GOSBRUNNA



Í flestum siðvæddum borgum er samkomustaður þar sem fólk mælir sér mót. Í miðbæjum eru kirkjur og torg, gosbrunnar, styttur og önnur kennileiti þar sem maður sér iðulega fólk tvístígandi, dottandi eða gónandi út í loftið, bíðandi eftir vini, félaga eða einhverjum kolókunnugum manneskjum. Semsagt svona útibiðstöð sem ekki er vandræðalega afhjúpandi.

Um þessa staði ríkir ákveðin sátt og enginn þarf að fara hjá sér við að standa þar of lengi líkt og algengt er hérlendis þar sem fólki leyfist vart að stoppa á göngum sínum án þess að aðrir séu farnir að gjóa að þeim augum.

Þessir samkomustaðir fyrirfinnast ekki hér í Reykjavík, hér verður fólk ýmist að huga að endanlegum áætlunarstað sínum fyrirfram (til dæmis með því að taka áhættuna á því hvort sæti séu laus á tilteknum kaffihúsum) eða hokra úti eins og nútímalegir niðursetningar. Hver vill til dæmis norpa einn upp á Skólavörðuholti í þessum brunagaddi? Þar á maður ekki aðeins von á því að fjöldi fólks sjái mann frjósa bíðandi í iðju- og vinaleysi heldur gæti maður lent inni á fjölda ljósmynda því staðurinn er einn mest myndaði blettur borgarinnar. Lækjartorg kemur heldur ekki til greina. Þar er næðingssamt og torgtrompið þar er aumur og lágreistur klukkuturn sem aldrei sýnir réttan tíma. Ingólfstorg er skjólbetra en þar er líka stöðug umferð, ófyrirleitnir brettastrákar og aðrir sem úða í sig áleggsfylltum brauðhleifum eða ís.

Ég hvet til þess að við förum að dæmi erlendu stórborganna og húrrum upp fleiri gosbrunnum í miðbænum. Það væri til dæmis kjörið að hafa þá á Lækjartorgi, Austurvelli og Arnarhóli. Með því væri fengin kjörin réttlæting þess að vera „bara úti“ í miðbænum án þess að vera á gangi, í símanum eða einhvern vegin vandræðalegur að leita sér að einhverju að lesa. Þar væri bara hægt að vera. Eða bíða.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**Kl. 17.15**
*Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur heldur fyrirlestur á Menningartorgi Háskólans á Akureyri og ræðir um hugtakið ritstuld, samheiti þess á erlendum tungumálum og höfundarrétt og enn fremur hvort ritstuldur falli í þann flokk glæpa sem markast að einhverju leyti af upplifun þolandans.*
*Fyrirlesturinn flytur Jón Karl í Amtsbókasafninu á Akureyri.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Glíman við sjálfan Ódysseif

Sigurður A. Magnússon heldur erindi um þýðingar sínar á verkum James Joyce í fyrirlestraröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, „Þýðing öndvegisverka“. Erindið fjallar að hluta til um þýðingu Sigurðar á þremur verkum eftir Joyce, Í Dyflinni, Æskumynd listamannsins og Ódysseifi (Ulysses), en megininntak þess er baráttan við að snúa Ulysses á læsilega íslensku. Þetta mikla verk hefur verið kallað fjölþættasta og fyndnasta skáldverk síðustu aldar, enda hefur ekkert verk heimsbókmenntanna hlotið eins víðtæka umfjöllun.



Árið 1992 gerðist það í fyrsta sinn að William Shakespeare vék fyrir yngri keppinauti en þá var James Joyce kominn í efsta sæti þeirra höfunda heimsbókmenntanna sem fjallað er um í heilum bókum og Shakespeare í öðru sæti. Bróðurparturinn af þessum lærðu bókum, sem skipta orðið þúsundum, fjallar einmitt um Ódysseif.

Erindið flytur Sigurður í stofu 101 í Lögbergi kl. 16.30 í dag.

**SIGURÐUR A. MAGNÚSSON** Ræðir um þýðingar sínar á stórvirkjum Joyce. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### > Ekki missa af…

franskri kvikmyndahátíð í tilefni af menningarkynningunni **Pourquoi pas?** Í **Háskólabíói** má sjá brot af því besta af franska tjaldinu.

sakbitinni sýningu **Ragnars Kjartanssonar** myndlistarmanns í **galleri i8** við Klapparstíg.

samsýningu útskriftarnema myndlistardeildar **Listaháskólans** í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli** á Seyðisfirði.

# „Það er svo stutt út á hafið – sko“

**Björk Guðmundsdóttir er á barmi heimsreisu með stóra hljómsveit til að kynna nýtt safn tíu laga sem koma á út hinn 7. maí. Safnið kallar hún Volta. Nú standa yfir æfingar og undirbúningur fyrir heimsferðina og hefur listakonan þegar bókað sig á lykilhátíðir vorsins og sumarsins, vestan hafs og austan. Volta markar einn eitt skref í þroska þessa séríslenska en alþjóðlega listamanns. *Páll Baldvin Baldvinsson* hitti hana stundarkorn í gær og heyrði hvernig hún er stemmd á þessum áfanga.**



**„ENGAR MYNDIR, TAKK,“ SAGÐI SÖNGKONAN Í GÆR** „Það tekur svo langan tíma og ég stend í æfingum og svona.“ Mikil eftirvænting er víða um lönd vegna nýju plötunnar og tónleikaferðarinnar sem henni fylgir. MYND/BJÖRK OVERSEAS LTD.

Vindurinn blæs sín óvissu skil vors og vetrar. Það er fátt á ferli kringum þinghús og dómkirkju, menn vefja sig enn yfirhöfnum, skástinga sér gegnum strenginn sem verða í Kvosinni þegar áttin er þessi skömmu eftir hádegi. Með litlum fyrirvara er boðaður blaðamannafundur með viðtalsbilum og hlustun á Volta, nýju söngvasafni Bjarkar Guðmundsdóttur, sem kemur út í byrjun maí. Listakonan verður til viðtals fyrir innlenda og erlenda blaðamenn í heimilislegum húsakynnum veitingastaðarins Við tjörnina og fyrst af öllu er gefinn kostur á að heyra safnið – ríflega fimmtíu mínútur af nýrri tónlist með þessari rödd sem auðþekkt er á öllum Vesturlöndum.

Raunar rennur lagasafnið í gegn nánast sem heilt verk, nokkuð sem hún neitar staðfastlega að hafi verið ætlunin þegar á hólminn er komið og við sest inn yfir hvíta duka og gamalt stell ósamstætt. Hún segist enn vera óforbetranleg í poppinu og meirihluti þess sem hún hlustar á sé popp: „Ég elska popplög.“

### Í upphafi langrar ferðar

Hvað sem listakonan segir er þetta nýja verk heildstætt eins og fyrri tónverkasöfn hennar hafa verið: Medúlla, Vespertine, Homogenic, jafnvel tónlistin sem hún samdi við Drawing Restraint, tilraunakennda úttekt Matthews eiginmanns hennar um samvistir Japans og Bandaríkjanna, gjafir og gjald, fórnir og friðþægingu.

Varla er sest niður við að hlusta á verkið þegar Björk mætir í vinnugallanum: fram undan er átján mánaða langferð til að kynna Volta og upphaf þeirrar ferðar er tónleikar hennar hér í Reykjavík annan í páskum þar sem öllu verður tjaldað: ljós- og hljómburðartæki, fullmönnuð sveit samstarfsmanna, íslenskra og erlendra, og er þar fyrir miðju blásarasveit tíu kvenna. Og úr Laugardalnum liggur leiðin vestur um haf: í dag hefst forsala á www.bjork.com á tónleika hennar í San Francisco hinn 19. maí, en hún mun halda þrjá tónleika í New York 2., 5. og 8. maí og verða þeir fyrstu í Radio City Music Hall. Þá spilar hún í Chicago, Denver og fer yfir landamærin og leikur í Vancouver. Ferðinn þjófstartar hún hér heima og á Coachella-hátíðinni. Hlé verður á tónleikahaldinu í mánuð („ég lærði það af Sigur Rós,“ segir hún, „spila í mánuð og hvílast í mánuð“).

Síðan hefst Evrópuleggur ferðarinnar á Glastonbury: „Þetta stendur meira og minna í eitt og hálft ár,“ segir hún keik.

### Nafnið

Við erum varla sest niður, hún búin að biðja um að hurð sé hallað, en spurt er um nafnið á safninu, Volta, hvað er það?

„Ég er alltaf að leita að einhverju orði sem hefur svona orku. Venjulegast kemur nafnið bara svona, úr einhverju blaði eða einhver segir eitthvað. Ég var búin að bíða í ár við vinnu á plötunni og það var ekki komið. Í textunum kemur fyrir orðið „voltage“ og „voodoo“, sem mér fannst orðið ofnotað einhvern veginn. Ég hef alltaf reynt að velja titla sem eru svona latína eða eitthvað, eru ekki enskir, sem er svolítið fyndið því fyrir okkur Evrópubúum er latína svona hlutlausa málið, en í Bandaríkjunum hefur það allt annan farangur: þar talar 51% ensku en 49% tala spænsku. Þannig að allt í einu er maður farinn að halda með þeim þó maður viti ekkert af því. En mér fannst Volta... ég man ekki hvernig það kom til, en svo gúglaði ég það og þá þýðir það bæði nafn á vísindamanni á Ítalíu sem fann upp batteríið, mjög fyndið batterí sem var þá eins og skápur að stærð eða eitthvað, og líka á í Afríku sem hefur verið virkjuð af mönnum og lón byggt af mönnum sem heitir Lake Volta. Svo það voru komnir ýmsir hlutir þarna inn. Ég ætla ekki að nefna neitt en menn geta getið sér til hvað það er. Svo er það líka dans á miðöldum sem ber þetta nafn, einhver mjög fyndinn dans, sem var mikið mál að læra. Þannig að ég var komin með margt í einu orði: dans, á í Afríku sem búið er að virkja og batteríið. Svo ókei - þetta passar.

### Innilokun og útrás

Björk kvartar yfir að þetta sé fyrsta viðtalið sitt á íslensku í langan tíma og nú verði hún að fara að þýða: „Hvað er „cabin fever?“ spyr hún. „Ég var búin að vinna svo mikið heima í herbergi þar sem ég var með tölvuna, og svo var ég ólétt og átti barn og svona, þannig að ég var komin með nettan snert af „cabin fever“ – hvað heitir það sem sjómenn fá þegar þeir eru búnir að vera lengi á sjó? Aðaldrifið í þessari plötu er „cabin fever“ – að komast út á allan mögulegan hátt, hljóðfærin sem eru valin, staðirnir sem var tekið upp á og tilfinningalega, að langa í ævintýr. Á plötunum þremur á undan var ég komin með ramma svona tónlistarlega séð um hvað ég vildi mjög snemma: á Homogenic vildi ég fá svona techno-beat sem hljómaði eins og eldfjöll, svona íslenskt techno ef það er til með rómantískum fiðlum – augun þín og augun mín – svona. Á Vespertine var ég undir sterkum áhrifum frá kjöltutölvu, ég var nýbúin að kaupa svoleiðis og var svo spennt fyrir litlu hátölurunum, hljóðheimi sem væri svona tilbúinn, allt væri „static“. Hvaða hljóðfæri hljómuðu best eftir svona niðurhal, harpa, klukkuspil og svoleiðis. Þar var ég komin með hjóðheim sem ramma. Þar eru allar raddir hvíslaðar.“

### Hátt og í hljóði

Í fyrstu slá mann tvær andstæður í Volta: annars vegar háværr dansinn með þungum ryþma og hins vegar sönglög sem eru mjög prívat, náin: Björk segir að á Homogenic hafi tekist á „hávær“ tónlist, segir hún spsok, og lágvær, fjöll og dalir hafi skipst á til að ná í verkið dínamík, spennu. Vespertine og Medulla hafi verið lágstemmdari verk. Eftir laukofatímann hafi hún haft ríka þörf til að ná sambandi með tónlist sinni, eftir tvær plötur sem hún hafi gert í sínu horni „með sitt krosssaumsverk í kjöltunni“ hafi hún viljað ná ákafa í samskipti sín við áheyrandur, þó allt sé á fullu blasti með ryþma og dóti vilji hún að sama ákafanum stafi af stilltari tónsmíðum verksins og nærgætnari.

Eitt laganna á Volta heitir Wanderlust – Ferðaþrá. Ég minni hana á gamalt viðtal þar sem hún lýsti vilja sínum til að festa stemninguna við gömlu höfnina í Reykjavík, en í laginu er ort um höfn og blásarar líkja eftir skipum á útsiglingu og heimkomu: „Þetta er ekki um Ísland. Mér hafði ekki einu sinni dottið það í hug. Við kærastinn minn keyptum bát og búum á Manhattan – á bát. Það er alveg frábært. Þegar ég er hérna heima næ ég alveg náttúrusambandinu, en það er stundum erfitt að búa á Manhattan. Ég fæ stundum innilokunarkennd á Manhattan. Ég hélt að ég væri bara svona frík en ég fór í barnaafmæli í Brooklyn og í svoleiðis afmælum hittir maður alla vega fólk en allt Íslendinga, fólk úr öllum áttum. Þar var skrifstofufólk sem vann á Manhattan og sagði frá því að eftir einhverjar vikur í vinnunni hafi það orðið að komast burt, kallað á leigubíl og beðið: „Keyrðu mig að sjó, sama hvert er, alveg sama hvað það kostar.“ Að búa í borginni er því meira að heyra gjálfur og geta á kvöldin eða um helgar siglt burt – út á hafið. Það er ekki svo langt og þá er maður kominn út á Atlantshaf – það er stutt í það sko.

### Bumban og bomba

Ég spyr hana um lagið Hope þar sem hún líkir saman bumbu og bomu: tilefnið var kona í Palestínu sem klæddi sig eins og hún væri vanfær en bar á sér sprengju. Allir hneyksluðust á aðferð hennar en sljákkaði í þeim þegar í ljós kom að hún var í raun vanfær: „Ég krotaði þennan texta hjá mér. Það var eiginlega fréttaflutningurinn sem furðaði mig, viðbrögðin. Þetta eru svo undarleg stríð sem við upplifum núna. Landamærin eru ekki lengur til, það er orðið svo loðið hver er með og hver er á móti. Hvernig gat þessi kona leikið sér með eitthvað jafn heilagt og líf, sögðu menn. Svo nokkrum dögum seinna þegar hið sanna kom í ljós þá var henni fyrirgefið. Ég skildi þetta ekki.“

Það er margt að finna á Volta: söng um óttann og hvernig þroskinn getur yfirunnið hann (Innocence), ástaróður (I See Who You Are), sjálfstæðishvöt við þéttan danstakt (Declare Independence), blíðukvæði (Dull Flame of Desire) sem hún syngur með Antony, og lag um unglingsárin, slit milli móður og barns: „Þegar maður er unglingur er maður ósigrandi. Það getur ekkert komið fyrir mann. Svo gerist eitthvað og maður reynir að fá það inn í hausinn á sér. Sakleysi er svo afstrakt orð. Það er mikill hroki að segja ég er ekki saklaus lengur. Heimurinn er svo flókinn og margbreytilegur. Ég veit ekkert um hindúisma. Þar er ég saklaus. Eða í skrifstofuhaldi í Víetnam. Þar yrði ég mjög saklaus. Þessi plata er svolítið um það, að fara út og prófa nýja hluti. Maður getur verið saklaus þangað til maður deyr, ef maður prófar ekki nýja hluti.“

### „Þegar ég vissi hvað ég vildi …“

Björk viðurkennir að hún yrki á plötunni um Sindra son sinn og samband sitt við hann, textinn er aftur ekki sértækur heldur almennur um samband foreldra og unglings. Svo er komið í lífi Bjarkar að yrkisefni hennar eru sótt í þá reynslu líka að eiga son sem er fullorðinn maður orðinn.

Á nýju plötunni er talsvert um

# Krókar og kimar

Í tilefni af 30 ára afmæli Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands heldur dr. Regina Bendix prófessor fyrirlestur um vettvangsrannsóknir á háskólasamfélögum.

Bendix, sem er forseti evrópsku þjóðfræðisamtakanna, veltir til dæmis fyrir sér hvernig standi á því að til eru fleiri skáldsögur og krimmar sem lýsa upp króka og kima háskólasamfélagsins en etnógrafískar rannsóknir? Án þess að gera lítið úr þessum verkum, sem eru frábærar heimildir um mannlíf og menningu í akademíunni, þá talar fyrirlesturinn fyrir kerfisbundnari vettvangsrannsóknum á þekkingarframleiðslu og á þeim sem framleiða þekkinguna.



**HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ GREINT** Hvað er á seyði í menntastofnununum? FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erindið flytur hún í Hátíðarsal Háskóla Íslands kl. 16 í dag.

# Leikhúsdeginum fagnað

Þjóðleikhúsið heldur upp á Alþjóðlega leiklistardaginn um helgina. Alþjóðasamtök leiklistarfólks hafa frá árinu 1962 fagnað þeim degi 27. mars en dagskráin við Hverfisgötuna hefst á morgun, föstudag.

Leiklistarsamband Íslands, sem er Íslandsdeild Alþjóðasamtaka leiklistarfólks, hefur frá stofnun sinni haldið upp á þennan dag og fengið hverju sinni málsmetandi listamann úr sínum röðum til að semja ávarp í tilefni dagsins. Að þessu sinni er það brúðuleikhúslistamaðurinn Bernd Ogrodnik, sem hefur búið og starfað á Íslandi síðustu ár og auðgað íslenskt leikhúslíf eftirminnilega.

Bernd flytur ávarp sitt á Stóra sviðinu fyrir sýningu á franska



**BERND OGRODNIK BRÚÐUMEISTARI** Flytur ávarp í tilefni af Alþjóðlega leiklistardeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gestaleiknum Ímyndunarveikinni eftir Moliére á föstudagskvöld. Á laugardagskvöld gefst leikhúsgestum á söngleiknum Legi kostur á að spjalla við leikara úr sýningunni og leggja fyrir þá spurningar úr sal og að lokinni seinni sýningu á fjölskylduleikritinu Sitji guðs englar eftir Guðrúnu Helgadóttur á sunnudaginn munu gestir fá tækifæri til að spjalla við leikara úr sýningunni og leggja fyrir þá spurningar. Vigdís Jakobsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar leikhússins, stýrir þessum umræðum bæði kvöldin.

Leiklistardögunum lýkur síðan með leiklistarþingi að kvöldi Alþjóðaleiklistardagsins þriðjudaginn 27. mars og fer það fram í Þjóðleikhúskjallaranum.



blásaraútsetningar, en hún segist vera að færa sig upp á skaftið í útsetningum fyrir flóknari skipan stærri sveita. Raunar er margt á Volta sem vísar beint í bigband-tónlist en með afar nútímalegu sniði. Í tímahraki viðtalsbilsins spyr ég hana hvernig standi á að hún sé að leggja í langferð með tíu manna blásarasveit skipaða ungum konum íslenskum. Það stendur ekki á svari: hljómsveitin hafi í grunn verið skipuð körlum eingöngu – því hafi hún kosið að kalla til blásarasveit skipaða konum og það hafi tekist að manna hana hér á landi: hún sjái líka formlega heild kórsins sem mikilvæga í tónleikahaldinu sem fram undan er. Rétt eins og í óperunni, R&B-tónlistinni og grískum harmleikjum sé nauðsynlegt að hafa kórinn einsleitan: af sama kyni, af svipuðum aldri og í útliti. Það fari best í útliti tónleikaferðarinnar.

Tíminn okkar er búinn: margt mætti spyrja Björk um. Volta er enn eitt skrefið á þroskaferli hennar sem manneskju og listamanns. Hún sýnir okkur þann heiður að hefja hana hér á landi, fyrst með upptroðslu á tónleikum til styrktar samtökum gegn átröskun, og síðar með fullskipaðri sveit og öllum búnaði heimsferðarinnar í Laugardal annan í páskum. Þá verður stutt í að Volta komi út hinn 7. maí.






MYNDLIST GEIRÞRÚÐAR FINNBOGADÓTTUR HJÖRVAR Úr verkinu „Hegel on Schelling's Absolute: The Fog In Which All Rabbits Are White" sem listamaðurinn setti upp í Nýlistasafninu í tilefni af grasrótarhátíðinni Sequences í fyrra.

# Könnun kerfanna

Sýningarröð Listasafns Reykjavíkur sem kennd er við D-2 hefur vakið verðskuldaða athygli en markmið hennar er að vekja athygli á efnilegum listamönnum sem ekki hafa sýnt í hinum stærri sýningarsölum landsins og vera þeim hvatning. Síðdegis í dag verður opnuð sýning í D-salnum þar sem Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar veltir fyrir sér mannlegri tilvist og þeim kröftum sem knýr manninn áfram.

Í verkinu endurspeglast togstreita tilverunnar sem birtist annars vegar í taktföstum og seiðandi hljóðverkum og hins vegar í fremur óviðfelldu skerandi ljósi sem blikkar stöðugt og verður þannig í senn ágengt og fráhrindandi.

Geirþrúður segist hafa að mestu einbeitt sér að innsetningum en með verki sínu nú leitist hún við að skoða samskipti stofnana og áhorfenda. „Sýningarandrúmsloftið á Íslandi hefur litast af því að listastofnanir vilja tengjast áhorfendum meira, en fólk ætti ávallt að vera meðvitað um undirliggjandi kerfi, til dæmis þarf myndlistarfólk að huga að því hvaða stofnun það gengur inn í," útskýrir Geirþrúður.

Verkið vísar til hins óbrúanlega bils sem jafnan er milli framsetningarinnar og upplifunar áhorfandans en það bil segir Geirþrúður tengjast öllum miðlum. „Það er til dæmis ákveðin blekking að lifa sig inn í hluti – til dæmis þegar fólk heldur að persónur úr sjónvarpsþáttum séu vinir þeirra." Markmið Geirþrúðar er að vinna markvisst með þessi kerfi og vekja þannig athygli á þeim fremur en að brjóta þau upp.

Geirþrúður lauk námi frá Listaháskóla Íslands árið 2002 og síðan framhaldsnámi við Listaháskólann í Malmö. Hún tekur um þessar mundir þátt í tveggja ára alþjóðlegu verkefni á vegum Rikjsakademie van Beeldende Kunst í Amsterdam ásamt fleiri ungum og upprennandi listamönnum.

Sýningarstjóri nú er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir en þess má geta að nk. sunnudag kl. 15 munu Geirþrúður og Þorbjörg bjóða gestum í listamannsspjall í D-salnum. Opnunin verður í dag kl. 17. **- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

19 20 21 **22** 23 24 25

### Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Söngkonurnar **Edda Austmann** og **Þóranna Kristín** halda tónleika í **Oddfellowsalnum, Grófinni í Reykjanesbæ** og flytja lög úr söngleikjum og óperettum ásamt léttri klassík. Yfirskrift tónleikanna er **Amorsvísur**. Meðleikari er **Agnar Már Magnússon**.

☐ 20.30 **Tónlistarfélag Borgarfjarðar** skipuleggur tónleika í **Logalandi** í **Reykholtsdal**. **Harpa Harðardóttir** söngkona og **Kristinn Örn Kristinsson** píanóleikari munu flytja sönglagaperlur úr söngleikjum eftir **George Gershwin** og spjalla um höfundinn og tónlistina. Þá mun **Aðalheiður Halldórsdóttir**, dansari við Íslenska dansflokkinn, flétta dansatriðum við nokkur laganna.

☐ 21.00 Kvartett **Hauks Gröndal** leikur á vegum djassklúbbsins **Múlans** á **DOMO** í **Þingholtsstræti**. Hljómsveitin er ný af nálinni en hana skipa nokkrir af helstu djassleikurum landsins, þeir Haukur Gröndal á tenór-saxófón, Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Royal Fortune** spilar á **Nasa** ásamt **Lay Low** og naglbítnum **Vilhelm**.

☐ 21.30 Hljómsveitin **Rósin okkar** heldur tónleika á **Café Rosenberg** í **Lækjargötu**. Hljómsveitin leikur fjörug og falleg írsk þjóðlög en á tónleikunum á einnig eftir að heyrast í harðangursfiðlu, fiðlu, harmonikku, gítar, flautu og bothrán-trommu.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Shadow Parade** heldur tónleika á á **Dillon** við **Laugaveg**. Konni sem kenndur er við **Tenderfoot** kemur einnig fram. Frítt inn.

### FYRIRLESTRAR

☐ 17.15 Fimmta erindið um **FURÐUR** í **Bókasafni Kópavogs**, **Þorvaldur Friðriksson** skrímslafræðingur fjallar um skrímsli af öllu tagi. Einnig verða fyrirspurnir og umræður.

☐ 20.00 Þemakvöld **Félags þjóðfræðinga á Íslandi** í húsi **Sögufélagsins** við **Fischersund**. Yfirskrift kvöldsins er: **Kjötkássa og kelerí - líf og störf á heimavistarskólum á síðari hluta 20. aldar** en erindi flytja **Sigrún Ólafsdóttir** og **Birna Kristín Lárusdóttir**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
Sun 1. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 1. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA !**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus, kl. 17.00 örfá sæti laus**, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** aukasýning kl. 17:00 **nokkur sæti laus,** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus og kl. 17:00**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
8. sýn. lau. 24/3 **uppselt, mið. 28/3 uppselt, fim. 29/3 uppselt fös. 30/3 örfá sæti laus,** lau. 31/3 **örfá sæti laus, fim. 12/4,** fös. 13/4 **örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4, lau. 21/4.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**

**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Í kvöld fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3 örfá sæti laus.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 **uppselt**, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
**Aukasýningar** lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00 **nokkur sæti laus,** sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**. Allra síðustu sýningar!

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

**SÍÐAN SKEIN SÓL**
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 23/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20
Sun 15/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20

**HÖRÐUR TORFA**
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/3 kl. 20 Mið 4/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 20 Þri 17/4 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl14 UPPS. Þri 3/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl.20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS.
Fim 5/4 kl. 17 Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl.20 UPPS. Fös 23/3 kl. 20 UPPS.
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl. 20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20 UPPS. Sun 1/4 kl. 20 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20
Sun 22/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Lau 28/4 kl. 20 Sun 29/4 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20 UPPS.
Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 21/4 kl. 20 4.sýning Græn kort

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 25/3 kl. 14 Síðasta sýning

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Mið 28/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

**MEZZOFORTE**
Þri 27/3 kl. 18 Þri 27/3 kl. 21 UPPS.
Miðaverð 2.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Draumalandið
*Leikverk byggt á metsölubók Andra Snæs Magnasonar*
Við hvað erum við hrædd?
***Uppselt í kvöld. Laus sæti föstudag og laugardag kl. 20.***
***Munið 2 fyrir 1 um helgina!***

Með miklum húmor og skemmtilegu innsæi ... ...tekst þessari sýningu að hlæja bæði að þeim sem eru með og þeim sem mótmæla stóriðjuvæðingu Íslands... notið tækifærið segi ég.
***Martin Regal Mbl.***

Má vel ráðleggja þeim sérstaklega að sjá þessa sýningu sem ekki hafa lesið bókina, þeim mun verða dillað. Umgerðin er mögnuð og tónlistin áhrifarík. ***Silja Aðalsteinsdóttir TMM.***

Sýningin er allt í senn stórskemmtileg, háalvarleg og hárbeitt. Ef þú ætlar bara einu sinni í leikhús á þessu ári sjáðu þá Draumalandið í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
***Þröstur Sverrisson***

takk, takk, takk, Hafnarfjarðarleikhús!
***Ómar Ragnarsson***

… býsna áhrifamikil… á köflum dásamleg… einhver heillandi blær yfir þessari leikmynd. Smellpassar inní tíðarandann.
***Þorgerður E. Sigurðardóttir Víðsjá***

Draumalandið – Tær snilld.
***Sara Dögg Jónsdóttir***

HAFNARFJÖRÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði.
Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



**SOFIA GUBAIDULINA TÓNSKÁLD** Íslenskir hljóðfæraleikarar hafa sýnt verkum hennar sóma á undanförnum dögum.

# Offertorium

Sif Tulinius leikur fiðlukonsert eftir tónskáldið Sofiu Gubaidulinu ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum sveitarinnar í kvöld. Gubaidulina hefur um áratugaskeið verið í fremstu röð kventónskálda í heiminum en Sif leikur konsertinn Offertorium.

Sif Tulinius hefur verið 2. konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands í sjö ár. Hún hóf nám í fiðluleik sjö ára gömul hjá Gígju Jóhannsdóttur og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1991 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og stundaði síðar framhaldsnám í Bandaríkjunum

Á efnisskrá tónleikanna eru einnig verk sem samin hafa verið við frægustu ástarsögu allra tíma, Rómeó og Júlíu eftir Shakespeare. Annars vegar er hér um að ræða forleikinn eftir Tsjajkovskíj og hins vegar þætti úr 1. og 2. ballettsvítu Prókofíevs. Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Fininnn Pietari Inkinen.

Tónleikarnir fara að venju fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30.


## Draumalandið

*eftir Andra Snæ Magnason*

**22. mars** fimmtud. 2.sýn **kl. 20:00**
***Uppselt***
**23. mars** föstud. 3.sýn **kl. 20:00**
***nokkur sæti laus***
**24. mars** laugard. 4.sýn **kl. 20:00**
***nokkur sæti laus***
**29. mars** fimmtud. 5.sýn **kl. 20:00**
**30. mars** föstud. 6.sýn **kl. 20:00**
**31. mars** laugard. 7.sýn **kl. 20:00**

**HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ**
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



**10% vaxtaauki!**



spron
www.spron.is



**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ


















LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

## Sýningaskrá Landnámsseturs

### Mars

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fim | 22. mars | kl 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fö | 23. mars | kl. 20 | KK og Einar | Aflýst |
| lau | 24. mars | kl. 20 | KK og Einar | Aflýst |
| Lau | 24.mars | kl.20 | Mr. Skallagrímsson | Aukasýning |
| su. | 25 mars | kl. 16 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fi | 29. mars | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| fö | 30. mars | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 31. mars | kl. 20 | KK og Einar | Örfá sæti laus |

### Apríl

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mi | 4. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Örfá sæti laus |
| fi | 5.apríl skírdag | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| lau | 7. apríl | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| | 9. apríl annar í páskum | kl.16 | KK og Einar | laus sæti |
| fi | 12. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |
| fö | 13. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 14. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | Uppelt |
| su | 15. apríl | kl. 16 | Mr Skallagrímsson | laus sæti |
| mið | 18. apríl | kl.20 | Mr.Skallagrímsson | uppselt |
| fi | 19. apríl | kl. 20 | Mýramaðurinn | Laus sæti |
| fö | 20. apríl | kl. 20 | Mr Skallagrímsson | uppselt |
| lau | 21. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |
| su | 22. apríl | kl. 16 | Mr. Skallagrímsson | Laus sæti |
| fö | 27. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | Uppselt |
| lau. | 28.apríl | kl 16 | Mr.Skallagrímsson | Örfá sæti laus |
| lau. | 28. apríl | kl. 20 | Mr. Skallagrímsson | uppselt |
| su | 29. apríl | kl. 20 | KK og Einar | Laus sæti |

Sjá nánar á landnam.is - Míðasala S: 437 1600


300


LITTLE MISS SUNSHINE

## > GOTT GLÁP

**300:** Gerard Butler leiðir Spartverja til orrustu við Persa í listrænni bardagamynd þar sem augu og eyru fá sitthvað fyrir snúð.
**Little Miss Sunshine:** Síðustu forvöð að sjá þessa hugljúfu fjölskyldumynd með Alan Arkin í hlutverki afans fremstan í flokki.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN: ELVAR GUNNARSSON LEIKSTJÓRI

# Kristín í Morðsögu í uppáhaldi

**Hver er uppáhaldsmyndin þín?** Vivre sa vie, Taste of Cherry, Go, Go Second Time Virgin og 8 1/2.
**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Ætli ég hafi ekki farið seinast á Stolnu börnin í Hafnarfjarðarbíói.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** He Walked by Night. Film noir-mynd sem Alfred L. Werker leikstýrði.
**Hefur þú grátið í bíó?** Ég táraðist þegar ég horfði á The Perfect Storm í bíó.
**Uppáhalds íslenska persónan?** Ætli það sé ekki Kristín í Morðsögu sem Elva Gísladóttir lék. Alveg siðlaus kona, gaman að henni.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma?** Setsuko Hara og Erroll Flynn.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins?** Hanada Goro í Branded to Kill. Frábær mynd og hann er grimmasti móðurserðir sem ég hef séð í bíómynd. Hann verður að finna lyktina af hrísgrjónum til að stunda kynlíf og myndin snýst um vangetu hans á þessu sviði.
**Mesti skúrkurinn?** Peter Lorre í M. Þetta er hinn „ultimate" skúrkur sem misnotar og drepur börn. Það þarf alla glæpamenn Þýskalands og alla lögregluna til að finna hann.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Þetta yrði bandarísk B-mynd sem myndi reyna að vera eins og film noir og það hefði þurft að gera hana í kringum 1966. Ég yrði drykkfelldur „detective" og það yrði mótorhjólagengi í myndinni sem yrði á skellinöðrum með fullt af baksýnisspeglum eins og í Quadrophenia. Í mótorhjólagenginu yrðu Haji, Mamie Van Doren, Barbara Valentin, Reiko Ike. Svo yrði líka karlmaður í genginu og Bruno S myndi leika hann. Samuel Fuller myndi leikstýra.


ELVAR GUNNARSSON

# Neyðin kennir nöktum

Það verður að kallast undarlegt dogma fyrir kvikmyndagerðarfólk að þurfa að sýna nekt eða samfarir tólftu hverja mínútu. En neyðin hefur löngum kennt nöktum að spinna og afsprengi samfélagsbreytinga sjöunda áratugsins í Japan felst meðal annars í óvæntri tegund kvikmynda sem kenndar eru við „pinku eiga", listrænar og ljósbláar myndir sem nú hefur hlotnast nokkur upphefð.

Þegar stóru framleiðslufyrirtækin í Japan sáu sæng sína upp reidda og fóru að laða áhorfendur inn í kvikmyndahúsin, í kappi við ægivald sjónvarpsins, með léttri erótík fóru leikstjórar þeirra ýmsar leiðir í kringum siðprýðisreglugerðir auk þess að koma að sínum listræna metnaði með öllum ráðum. Dagur Kári Pétursson kvikmyndagerðarmaður útskýrir að myndir frá þessu einkennilega tímabili séu afar skrítinn kokteill en í seinni tíð hafi menn áttað sig á ótvíræðu listrænu gildi myndanna, sem og skemmtanagildi. „Þessar myndir eru sprottnar úr jarðvegi þar sem japönsk kvikmyndagerð var þjökuð af samúræja-hefðinni, það var nánast ekkert framleitt nema samúræjamyndir. Svo varð sprenging í klámiðnaðinum og ungir og efnilegir leikstjórar fengu vinnu við að gera klámmyndir. Hið óvenjulega var hins vegar að þeir fengu næstum alveg lausan tauminn. Þeir gátu rasað út í sínum listræna metnaði en á tólftu hverri


FJALAKÖTTURINN BLÁNAR

mínútu þurfti að vera einhver nekt. Fyrir vikið myndaðist þessi mjög svo undarlega blanda af ofurlistrænum myndum sem eru líka með kjánaleg bófaplott og erótík," segir Dagur Kári og bætir við: „Ég ímynda mér að þær geti verið stórkostleg skemmtun á að horfa."

Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn sýnir á næstunni þrjár myndir eftir einn höfuðpaura þessarar erótísku bylgju, Tatsumi Kumashiro, en myndir hans voru mjög vinsælar meðal gagnrýnenda og áhorfenda á sinni tíð. Sýningarnar fara fram í Tjarnarbíói á sýningartíma Kattarins á sunnudags- og mánudagskvöldum. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www. filmfest.is.

- khh







**FRJÓR HUGUR** Leikstjórinn David Lynch fær lof fyrir tíundu mynd sína, Inland Empire.

# Hvíta tjaldið er líka strigi

**Ef þú heyrir leikstjóra biðja um einfætta konu, apa og skógarhöggsmann fyrir sömu senuna er líklegt að eftirnafnið hans sé Lynch. Nafn hans er tengt við furður á hvíta tjaldinu, sérvisku af öllu tagi og ímyndunarafl sem sveigir flest frásagnarlögmál.**

Dreifingarfyrirtækið Græna ljósið sýnir nýjustu mynd Lynch á næstunni. Myndin Inland Empire hefur vakið aðdáunarkennda furðu gagnrýnenda enda veit kannski enginn um hvað blessuð myndin fjallar. Hún var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í fyrra en þar hlaut Lynch, yngstur leikstjóra, ljónið gyllta fyrir ævistarf sitt en karlinn stendur á sextugu.

Myndin er sögð sameina þau viðfangsefni og þemu sem hafa verið leikstjóranum hugleikin um árabil. Það er örðugt að lýsa söguþræðinum en líkt og áður rennur skáldskapurinn þar saman við einhvers konar veruleika þangað til enginn veit hvað snýr upp eða niður. Lynch segir að myndin sé ráðgáta sem fjalli um konu í vandræðum.

Aðalpersónan er ung leikkona, leikin af Lauru Dern, sem hefur tekið að sér hlutverk í kvikmynd, sem á virðist hvíla einhvers konar bölvun. Myndin er endurgerð á eldra listaverki og brátt sogast leikkonan unga inn í atburðarás sem hún hefur enga stjórn á. Hún rennur til að mynda saman við sögu kvenna sem verið er að smygla frá Austur-Evrópu og sögu fjölskyldu með kanínuhöfuð.

Inland Empire er tíunda mynd Lynch og tók rúm tvö ár í framleiðslu. Hún átti í fyrstu að verða sjónvarpsþáttur en það fór eitthvað öfugt ofan í fyrstu framleiðendurna.

Leikstjórinn hafði víst ekki hugmynd um hvernig myndin myndi enda þegar hann hófst handa, ekkert handrit var til að verkinu held-

### SKRÝTIN SKRÚFA ÞESSI LYNCH

➜ Á heimasíðu sinni selur kúnstnerinn áskrifendum sínum lífrænt ræktað kaffi, hringitóna, vinjettur og eigin tónsmíðar.



➜ Lynch hóf feril sinn í myndlist og nýlega var opnuð fyrsta stóra einkasýning hans í París. Markmið hennar er að veita innsýn í listveröld Lynch – ungæðislegar ástríður hans og fullorðinsfurður. Þar er að finna málverk, ljósmyndir, teikningar, tilraunakenndar myndir og hljóðverk sem fæst hafa komið fyrir augu almennings.



➜ Laura Dern hefur hlotið lof og prís fyrir frammistöðu sína í Inland Empire en fékk þó ekki náð fyrir augum Akademíunnar þrátt fyrir að Lynch reyndi með öllum ráðum að vekja athygli á henni, hann tók sér til að mynda stöðu – ásamt kú, á gatnamótum einum í Hollywood og dandalaðist þar part úr degi í áróðursskyni.

➜ Kanínurnar í myndinni byggja á myndinni „Rabbits" sem Lynch gerði og birti á netinu. Meðal þeirra sem ljá þeim fúgúrum raddir sínar eru aðalleikkonurnar úr síðustu stórmynd Lynch - Mulholland Drive, Naomi Watts og Laura Harring.




**HANS UNDARLEGASTA TIL ÞESSA?** Leikkonurnar Naomi Watts og Laura Harring ljá raddir sínar í myndinni.

ur lét hann leikarana sína fá línurnar að morgni hvers tökudags. Aðalleikkonan Laura Dern viðurkenndi í viðtali við frumsýninguna að hún hefði ekki hugmynd um hvað myndin væri en að hún hlakkaði til að verða einhvers vísari um það eftir sýninguna. Aðrir leikarar í myndinni eru meðal annars Jeremy Irons, William H. Macy og Harry Dean Stanton.

Á sama tíma og Lynch þeysist álfanna á milli til að kynna Inland Empire er hann einnig að kynna nýja bók, Catching the Big Fish: Meditation, Consciousness, and Creativity, en þar fjallar hann um sitt helsta hugðarefni, utan kvikmyndalistarinnar, innhverfa íhugun (TM – transindental meditation). Í fyrra stofnaði hann líka sjóð hvers markmið er að kenna hugleiðslu í háskólum og hyggst hann safna sjö milljörðum Bandaríkjatala til þess verkefnis.

Í bókinni fjallar hann um áhrif innhverfrar íhugunar á sköpunarkraft og flæði hugmynda. Sjálfur hefur leikstjórinn hugleitt tvisvar á dag síðan 1973 og er þess fullviss að með slíkri ástundun megi bæta heiminn. Bókin er enn fremur leiðsögn um hans eigin verk – sem hann vill yfirleitt ekki ræða í þaula: „Myndin á að standa ein. Það er fáránlegt að kvikmyndagerðarmaður þurfi að útlista um hvað myndir snúast," skrifar leikstjórinn sem telur að fólk skilji mun meira en það heldur því allir búi yfir innsæi.

Lynch áréttar enn fremur að ekkert megi komast upp á milli reynslu áhorfandans af heimi kvikmyndarinnar, hvort sem viðkomandi botnar eitthvað í þeim heimi eða ekki.

kristrun@frettabladid.is

# Ástir töframanns

Græna ljósið tekur til sýninga kvikmyndina The Illusionist um helgina en hún segir frá töframanninum Eisenheim sem lendir í útistöðum við Leopold krónprins í Vín og lögregluyfirvöld. Eisenheim virðist geta beygt og brotið öll náttúrulögmál að eigin geðþótta og töfrabrögðin hafa vakið athygli hjá lögregluyfirvöldum borgarinnar og þar fer fremstur í flokki rannsóknarlögreglumaðurinn Uhl sem telur galdra ekkert meir en verk loddara. Honum tekst þó ekki að klína neinu á töframanninn og hæfileikar Eisenheim berast alla leið til krónprinsins Leopol sem ólmur vill fá að sjá herlegheitin.

Eisenheim, fullur af sjálfstrausti, heldur til hallar prinsins en málin taka óvæntan snúning þegar unnusta Leopolds reynist vera gömul ástkona Eisenheim og dvöl galdrakarlsins verður til þess að það kviknar í gömlum glæðum. Með helstu hlutverk fara þeir Edward Norton og Paul Giamatti.



**EISENHEIM** Fyrirmyndin er Erik Jan Hanussen, vel þekktur töframaður í Vín sem var drepinn af nasistum árið 1933.

# Soderbergh á nýjum slóðum

Kvikmyndin The Good German verður frumsýnd í Háskólabíói á föstudaginn en hún segir frá dularfullu morði í Þýskalandi þegar landið er að jafna sig eftir ósigur nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Jake Geismer er mættur til Berlínar til að fylgjast með samningaviðræðum bandamanna og Þýskalands í Potsdam. Landið er gjörbreytt frá því sem Geismer þekkti frá árunum áður en stríðið braust út og íbúarnir reyna að halda lífi með öllum tiltækum ráðum. Svartamarkaðsbrask þrífst í hverju horni og bílstjóri Geismer, Tully, tekur virkan þátt í því. Bílstjórinn á einnig í ástarsambandi við gamla kærustu fréttaritarans, hina þýsku Lenu Brandt, sem Geismer finnst að hafi tekið stökkbreytingum í stríðinu.



**CLOONEY Í KRÖPPUM DANSI** Jake Geismer rannsakar dularfullt morð á bandarískum hermanni í Þýskalandi þegar seinna stríði er nýlokið.

En þegar Tully finnst myrtur inni á svæði Rússa með hundrað þúsund mörk í vasanum fer Geismer að gruna að ekki sé allt með felldu. Bæði Rússar og Bandaríkjamenn halda að sér höndum og vilja ekkert af morðinu vita. Og því þarf Geismer að taka á öllu því sem hann á til að upplýsa málið en það færir hann nær Lenu og gefur honum innsýn í líf þeirra sem töpuðu stríðinu.



**NÝLIÐINN OG HARÐHAUSINN** Jason Stratham og Ryan Philippe þurfa að eltast við hinn miskunnarlausa tölvuþrjót Lorenz.

# Löggur í vanda

Kvikmyndin Chaos verður frumsýnd í Laugarásbíói um helgina en hún segir frá reynsluboltanum Quentin Connors sem tekur fram skjöldinn og byssuna á nýjan leik til að eltast við klókan og miskunnarlausan bankaræningja. Connors hafði hætt eftir að hafa lent í skelfilegum skotbardaga. Þegar bankaræninginn Lorenz tekur banka í gíslingu ákveður lögreglan að fá lögreglumanninn aftur til starfa og ráða nýliðann Shane Dekker til að aðstoða hann. Þegar Lorenz sleppur úr klóm lögreglunnar kemur í ljós að hann hefur ekki rænt einum eyri heldur komið fyrir vírus í tölvukerfi bankans sem gerir honum kleift að ræna milljörðum með tölvuna eina að vopni. Þar að auki virðist ræninginn vera kaldrifjaður morðingi og tekur samstarfsmenn sína miskunnarlaust af lífi.

Það eru breski harðhausinn Jason Stratham og Wesley Snipes sem eigast við í þessari hasarmynd Tony Giglio en meðal annarra má nefna Ryan Phillippe sem ætti að vera Íslendingum að góðu kunnur fyrir leik sinn í Flags of our Fathers.



**ELISHA CUTHBERT** Leikur aðalhlutverkið í hryllingsmyndinni Captivity sem er í leikstjórn Rolands Jaffe.

# Veggspjöld tekin niður

Framleiðendur hryllingsmyndarinnar Captivity hafa neyðst til að taka niður auglýsingaveggspjöld í New York og Los Angeles. Kvartanir bárust yfir því að sjá myndir af pyntingum og dauða ungra kvenna úti um allan bæ. 24-stjarnan Elisha Cuthbert leikur aðalhlutverkið í þessari nýjustu kvikmynd Rolands Jaffe.

Talsmenn kvikmyndafyrirtækisins Dark Horse hafa beðist velvirðingar á þessum mistökum en rangt skjal hafi verið sent í prentsmiðju og veggspjöldin hengd upp án leyfis. „Þetta er ekki hluti af markaðsherferð og okkur þykir miður að þetta hafi gerst," sagði Courtney Solomon, framkvæmdastjóri Dark Horse, við kvikmyndatímaritið Hollywood Reporter.





**Athugaðu ...**

*... að ný panna eða pottur getur opnað nýjar víddir í eldhúsinu. Það má til dæmis fá sérstakar grillpönnur á verði sem buddan verður vart vör við.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÞÓRA KARÍTAS ÁRNADÓTTIR LEIKKONA

# Vill ekki ímynda sér heim án súkkulaðis

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég elska súkkulaði og vil ekki ímynda mér heiminn án þess. Væri til í að stjórna súkkulaðiverksmiðju svona þegar ég fer að hugsa um það.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Hnetusteikin sem Birkir frændi eldaði um jólin fyrir tveimur árum. Leyndarmálið fólst án efa í sósunni. Sem eftirrétt verð ég að nefna heitu súkkulaðikökuna á Greifanum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, og fátt veldur mér sárari vonbrigðum í lífinu. Vinur minn fann meira að segja upp orðið „matsár“ þegar hann varð vitni að dramatísku atriði í minni matarsögu. Ammóníaksbragðið og lyktin af Þorláksmessuskötunni koma upp í hugann.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ást og kærleikur með sítrónupipar.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Var ég búin að nefna súkkulaði? Svo er líka mjög róandi að borða pistasíuhnetur. Það er svo gott fyrir sálina að dunda sér við að opna skeljarnar. Ég get líka nartað í allt með góðri bók. Nú er það Viltu vinna milljarð? ýmist með dvergagulrótum, súkkulaðirúsínum eða poppi.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Það væri fallegt að geta sagst eiga jarðarber og hvítvín í ísskápnum, en ég hef líklega bara séð það í bíómynd. Hjá mér er það bara egg, smjör og sojamjólk.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ávaxtatré og súkkulaðigosbrunn.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Krónhjörtur, dúfubrjóst og kengúrukjöt. Það er alveg út í hött að borða kengúrur.





## VÍNVIÐURINN
**Einar Logi Vignisson**

# Skiptir stærðin máli?

„Í víngerð vilja margir einblína á stíl og deila um hvaða stíll sé bestur. Menn ræða um hvort vín frá Bordeaux séu bestu vín í heimi eða bera saman vín frá gamla heiminum og nýja heiminum. Þessi orðræða finnst mér einkennast af þröngsýni og sleggjudómum. Fyrir mér er höfuðatriðið gæði sama hvernig vín þú ert að búa til. Að gera eins gott vín og mögulegt er innan þess stíls sem þú ert að vinna í. Þannig sýnirðu víngerðinni og neytandanum mesta virðingu,“ sagði Cal Dennison víngerðarmaður hjá Gallo í fyrirlestri sínum á Nordica síðastliðinn föstudag á amerískum degi á vegum Vínþjónasamtakanna.

Dennison ber ábyrgð á mörgum af vinsælustu borðvínum Gallo og ég spurði hann að fyrirlestrinum loknum hvort þetta merkti að hann hefði engan sérstakan metnað til að búa til dýrari og fínni vín. Jafnframt hvort kæmi á undan vínið eða markaðsrannsóknirnar en honum var tíðrætt í lestri sínum um mikilvægi þess að laga sig að markaðnum. „Ég hef mikinn metnað til þess að búa alltaf til betri og betri vín. Stundum kostar það meira en blessunarlega ekki alltaf. Eins og allir víngerðarmenn dunda ég mér við að búa til ofurvín þótt ekki nema væri fyrir sjálfan mig og vini mína. Kannski eiga þau vín eftir að rata á markaðinn, kannski ekki. En það sem ég legg mikla áherslu á er að það gildir alveg það sama um gerð ódýrra neysluvína og flóknari vína að metnaðurinn og gæðaeftirlitið verður að vera í lagi. Það er heldur ekki það línulega samband milli verðs og gæða sem margir telja og ég set spurningarmerki við verðið á mörgum dýrum og frægum vínum. Hvað markaðsrannsóknirnar varðar þá er aldrei hægt að elta markaðinn og allar þær tískusveiflur sem eru í gangi hverju sinni. En það er mjög mikilvægt að vita hvað neytendur eru að hugsa og hroki að hunsa óskir neytenda.“

Gallo er eitt stærsta léttvínsfyrirtæki heims og í skrifum evrópska vínblaðamanna örlar oft á hræðslu gagnvart stóru fyrirtækjunum í Bandaríkjunum, Ástralíu og fleiri löndum Nýja-heimsins. Er kostur eða galli að vinna fyrir svona stórt fyrirtæki? „Veistu, ég spái ekki svo mikið í það og í raun er ég ekki alltaf svo meðvitaður um það,“ segir Dennison. „Gallo á margar víngerðir og þær eru sjálfstæðar og vínin eru seld undir mismunandi nöfnum. Ég er þannig að vinna innan einingar sem er ekkert sérstaklega stór. En slagkraftur fyrirtækisins í heild er gríðarlegur og það veitir mikil tækifæri. Við höfum til dæmis aðgang að nýjustu og bestu rannsóknum og tækjum. Gleymum því hins vegar aldrei að víngerð er í sjálfu sér ekki flókin og maðurinn skiptir þar mestu máli, ekki tæknin eða peningar.”



**Á BOTNINN HVOLFT:**
Cal Dennison spáir mjög aukinni rósavínsneyslu á næstu árum. Einnig að hvítvín sæki á og áherslan verði á léttari og ferskari vín. Á amerískum dögum í vínbúðum má finna mikið úrval af slíkum vínum úr fjölbreyttum þrúgum.

# Allt sterkt í uppáhaldi

**Helgi Svavar Helgason úr tríóinu Flís er matgæðingur af bestu gerð. Hann ræktar chilipipar í glugganum hjá sér og ver stundum einum og hálfum sólarhring í eldamennsku.**

„Það er ekkert erfitt að rækta chili. Maður þarf bara að vera nógu kærulaus og láta það í friði og þá vex það og dafnar,“ sagði Helgi. Ræktunin er einn liður í áhuga Helga á eldamennsku. „Mér finnst rosa gaman að gera allt frá „scratch“,“ sagði Helgi, sem eyðir stundum allt að einum og hálfum sólarhring í matseldina. „Þessi réttur þarf að marínerast í sólarhring, til dæmis.“ Öll eldamennska Helga er þó ekki svo tímafrek, enda í nógu að snúast hjá Flís. „Ég er nýskriðinn úr Legi,“ sagði Helgi, en Flís gerði tónlistina við söngleik Hugleiks Dagssonar með því nafni. Hann er einnig nýsnúinn heim úr tónleikaferðalagi um Mið-Evrópu með Benna Hemm Hemm, og tekur nú upp plötu ásamt Samúel J. Samúelssyni.

Það kemur vart á óvart að hin bragðmikla matarhefð Suðurríkjanna er í hávegum höfð hjá Helga. „Það er Creole og Cajun eldamennskan, allt svona heitt,“ sagði hann. Sterkur matur er líka í fyrirrúmi þessa dagana. „Ég eignaðist barn fyrir ekki svo löngu síðan, þá getur maður ekki eldað svo sterkan mat. Þetta er næstum eins og að komast á piparfyllirí. Þegar maður má hafa sterkt er öllu flaggað,“ sagði hann.

Jamiaca Jerk-kjúklinginn lærði Helgi að gera á Jamaíku, þegar hann var í fríi þar í fyrra. „Það voru kallar í svona grillkofa sem kenndu mér þetta,“ sagði Helgi. „Eiginlega er þetta grillréttur, en það má alveg gera hann í ofni líka.“



**PIPARÓÐUR** Helgi heldur mikið upp á hina bragðmiklu matarhefð Suðurríkjanna og ræktar chilipipar í glugganum hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JAMAICA JERK-KJÚKLINGUR**

- 2 kjúklingar í bitum, með skinni og beinum
- 3 graslaukar, saxaðir
- 4 stór hvítlauksrif, söxuð
- 1 lítill laukur, saxaður
- 4 til 5 ferskir Scotch bonnet eða habanero chili-pipar
- ¼ bolli ferskur lime safi
- 2 msk sojasósa
- 3 msk ólífuolía
- 1 ½ msk salt
- 1 msk. brúnn sykur
- 1 msk. af ferskum timjan laufum
- 2 tsk. „jamaica allspice“
- 2 tsk. svartur pipar
- ¾ tsk. malað múskat
- ½ tsk. kanil

Fjarlægið kjarna og fræ úr pipurunum, setjið hráefnið í maríneringuna í matvinnsluvél og maukið. Marínerið kjúklingabitana í kæliskáp í um 24 tíma. Æskilegt er að snúa og hræra í kjúklingnum af og til á meðan. Látið kjúklinginn standa við stofuhita í 1 klst. áður en hann er eldaður.

Grillaður: Hitið grillið vel og brúnið bitana vel á öllum hliðum í u.þ.b. 20 mín. Lækkið hitann og látið malla í 30 mín. á lokuðu grillinu eða þar til kjúklingurinn er gegneldaður.

Í ofni: Setjið kjúklinginn í tvær ofnskúffur, og eldið í u.þ.b. 45 mín. á 200°C eða þar til kjúklingurinn er gegneldaður. Gott er að bera fram sæta kartöflumús og brún hrísgrjón með kjúklingnum.

sunna@frettabladid.is




na na thai
Thai Restaurant & Store

Heimsending
Matseðill á
www.thaimatur.com

Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Tælenskur og ítalskur matur

Heimsendingargjald 700 kr.

Skeifan 4 Sími: 588 1818 • 896 3536


# Vor í Miðjarðarhafsskapi

Veitingastaðurinn Vor hefur nýverið gengið í gegnum töluverðar breytingar. Hann er að finna á Laugavegi 24, þar sem Te og kaffi var áður til húsa. „Við ákváðum að breyta honum í svona bistroveitingahús. Við erum með kaffi og létta rétti á daginn, og á kvöldin erum við með aðal- og eftirrétti og svoleiðis fínheit,“ sagði Birgir Baldursson rekstrarstjóri.

Með breyttum opnunartíma varð Vor einn örfárra staða sem framreiða mat langt fram eftir kvöldi um helgar. „Á föstudögum og laugardögum er opið til eitt hjá okkur og eldhúsið líka. Virka daga lokum við tíu,“ sagði Birgir. Vor leggur upp úr evrópskri miðjarðarhafsstemningu og segir Birgir nýjan og lengri opnunartíma vera liður í því. „Við erum líka með aperitífo frá fimm til sjö alla virka daga. Ef fólk fær sér bjór eða vín fær það fríar tapassnittur með, eins og tíðkast úti,“ sagði hann. Vor býður þar að auki upp á stúf, lítið léttvínsglas, í hádeginu að franskri fyrirmynd.



**BIRGIR BALDURSSON** Rekstrarstjóri Vors segir Miðjarðarhafsstemningu ríkja á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kokkarnir á Vori eru komnir frá Vox og Hótel Sögu og leggja mikið upp úr góðu hráefni. Gæði og ferskleiki eru enda í fyrirúmi, og segir Birgir örbylgjuofna vera harðbannaða í eldhúsinu. „Við djúpsteikjum ekkert og forðumst rjóma eftir fremsta megni,“ sagði hann. „Svo lærðum við af forverum okkar í húsnæðinu og búum enn til besta kaffið í bænum,“ bætti hann kíminn við. - sun


X-TRA mikið
fyrir X-TRA lítið
x-tra
BLANDAÐ GRÆNMETI
187 kr/pk
1 kg
BROKKOLÍ
243 kr/pk
1 kg
BROCCOLI
BROKKOLI
PARSAKAALIA
FRANSKAR
187 kr/pk
1 kg
EPLASAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
APPELSÍNUSAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
SNAKK
168 kr/pk
400 g
SALT
HVÍTLAUKSBRAUÐ
121 kr/pk
PASTASKRÚFUR
37 kr/pk
500 g
FUSILLI PASTA
500 g
SPAGHETTI
55 kr/pk
1 kg
SPAGHETTI
SPAGETTI
1 kg
PASTASÓSA
121 kr/ds
700 g
AUGLÝSINGASTOFA VÍKURFRÉTTA
Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Höfn í Hornafirði
nettó




# Sökuð um svindl í Eurovision

Hljómsveitin Scooch, sem vann undankeppni Eurovision í Bretlandi, hefur verið sökuð um að hafa einungis þóst syngja sigurlagið. Sveitin hafði tvo bakraddasöngvara baksviðs sem enginn sá og vakti það mikla hneykslan meðal annarra keppenda. Á meðal þeirra voru Justin Hawkins, fyrrverandi söngvari The Darkness, og Brian Harvey, sem var áður í strákasveitinni East 17.

„Ég var mjög fúll yfir laginu hjá Scooch. Mér sýndist einn af söngvurunum vera að reyna að syngja eitthvað en ekkert heyrðist í honum. Almenningur hefur verið blekktur,“ sagði hann.

Meðlimir Scooch játuðu að hafa notað tvo bakraddasöngvara en þeir sögðust engu að síður hafa sungið lagið, sem þúsundir kusu til sigurs. Talsmenn BBC segja að Scooch hafi ekki brotið neinar reglur. Sveitin hafi sungið lagið auk þess sem leyfilegt sé að hafa bakraddasöngvara sem séu ekki sýnilegir áhorfendum.



**JUSTIN HAWKINS** Fyrrum söngvari The Darkness var ósáttur við sigurvegarann í Eurovision.




**SCOOCH** Hljómsveitin Scooch tekur þátt í lokakeppninni í Helsinki í vor.

## Ungt fólk gegn stækkun

„Það er fyrst og fremst ungt fólk sem kærir sig ekki um stækkun álversins í Straumsvík sem stendur að þessum fundi,“ segir Haraldur Sturluson, talsmaður baráttufundar og skemmtidagskrár sem ungt fólk í Hafnarfirði efnir til á Thorsplani á laugardaginn undir slagorðinu Af hverju ekki kjarnorkuver?

Meðal þeirra sem leggja málefninu lið eru hljómsveitirnar Rass, Úlpa og Múm-djset en auk þess taka þau Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og Eyrún Jónsdóttir til máls. Haraldur segir að ungt fólk í bænum sé ekki par hrifið af þessari stækkun og telji vel hægt að skapa álíka jafn mörg störf í öðrum atvinnuvegi en áli. „Fólk á ekki eftir að standa bara og bora í nefið á sér þótt ekki verði af þessari stækkun,“ útskýrir Haraldur. „Það er ekkert atvinnuleysi í bænum og því þyrfti Hafnarfjörður að taka á móti nýju vinnuafli til að vinna í álverinu sem myndi leiða til aukinna útgjalda fyrir bæjarfélagið. Stækkun álversins þegar á heildina er litið þýðir bara eitthvert klink í bæjarsjóð,“ útskýrir Haraldur. - fgg



**HARALDUR ÖRN STURLUSON** Er einn þeirra sem koma að skipulagningu baráttufundar gegn stækkun álversins í Straumsvík.



**RASS** Óttarr Proppé og félagar ætla að leika nokkur létt lög á fundinum.

# Stjörnuger í afmæli Einars Bárðar

**Einar Bárðarson heldur upp á 35 ára afmæli sitt með bravúr á laugardagskvöld. Veislan verður í Vetrargarði Smáralindar og munu nokkrar helstu stjörnur hins íslenska tónlistarlífs troða upp til heiðurs umboðsmanni Íslands.**







Á laugardagskvöld heldur umboðsmaður Íslands – Einar Bárðarson – upp á 35 ára afmæli sitt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður öllu til tjaldað. Einar, sem hefur annast ýmsar uppákomur, ætlar greinilega ekki að láta sína eigin afmælisveislu vera afgangsstærð í þeim efnum.

Veislan verður haldin í Vetrargarðinum þar sem X-Factor er með upptökuaðstöðu og þegar hafa fjölmargir gefið grænt ljós á að heiðra afmælisbarnið á þessum tímamótum. Þrjú hundruð manna gestalisti er fyrirliggjandi og áberandi í hópi þeirra sem fram koma eru vitanlega skjólstæðingar Einars í gegnum tíðina sem og samstarfsmenn hans í tengslum við sjónvarpsþættina Idol og X-Factor.

Konungur rokksins, Bubbi, mun troða upp sem og Páll Óskar.Nylon flokkurinn mun að sjálfsögðu syngja til heiðurs guðföður sínum og það mun einnig Garðar Thor Cortes gera. Jógvan og Alan úr X-Factor munu hefja upp raust sína sem og stjarna síðasta árs: Magni.

Enn er ekki búið að fylla lista þeirra listamanna sem fram munu koma í afmælisveislu Einars en X-Factor hljómsveitin mun spila, Kristjana Stefáns ætlar að syngja og Sumargleðin kemur fram.

Einar Bárðarson er ekki einn þeirra sem hefur í heiðri það að ekki skuli blanda saman ánægju og viðskiptum því samkvæmt heimildum blaðsins verða innkaupastjórar Woolworths, Tesco, Morrisons, Virgin, Sainsbury's og Play.com viðstaddir þessi miklu hátíðarhöld sem og samstarfsmenn Einars hjá Universal Music Oporation í London – þar sem Einar rekur sína umboðsskrifstofu.

Skipulagning gleðinnar er í höndum Saga film Events – en starfsemi kvikmyndafyrirtækisins hefur nú á seinni tímum færst æ meir yfir í að skipuleggja veislur hinna ríku – Saga Film sá einmitt um afmæli Ólafs Ólafssonar í Samskipum þegar Elton Johns mætti til að syngja til heiðurs afmælisbarninu. Og allir hnútar eru hnýttir, þannig er lagt upp úr öryggismálum og mun EA Securities gæta svæðisins.

jakob@frettabladid.is



**STJÖRNUGER** Margar helstu poppstjörnur Íslands, skjólstæðingar og vinir Einars, munu heiðra afmælisbarnið með tónlist sinni.



**EINAR BÁRÐARSON** Hefur undirbúið margar uppákomur og nú er komið að honum sjálfum og er þá öllu til tjaldað.








# Britney komin úr meðferð

Söngkonan Britney Spears hefur verið útskrifuð af meðferðarheimili í Kaliforníu eftir mánaðardvöl. Að sögn umboðsmanns hennar gekk meðferðin vel. „Við viljum biðja fjölmiðla um að virða einkalíf hennar og fjölskyldu hennar og vina á þessari stundu,“ sagði hann.

Britney, sem er 25 ára, fór í meðferðina 22. febrúar eftir að hafa valdið umheiminum miklum áhyggjum er hún tók upp á því að raka sig af sér allt hárið á hárgreiðslustofu nokkurri. Hún hafði tvisvar áður farið í meðferð en ávallt stungið af eftir eins dags dvöl.

Britney á tvö börn með fyrrverandi eiginmanni sínum, Kevin Federline; hinn fimm mánaða Jayden James og Sean Preston sem er 17 mánaða. Þau hafa sameiginlegt forræði yfir þeim eins og málin standa í dag.



**BRITNEY SPEARS** Britney hefur verið útskrifuð af meðferðarheimili í Kaliforníu.




# HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI 22. – 28. MARS.

Kynntir verða nýju vorlitirnir, WEEKEND BEAUTY IN SICILY. Fallegir litir við allra hæfi.
Komdu og láttu sérfræðinga Helena Rubinstein finna réttu vörunar fyrir þína húð og þínar þarfir.

Einnig kynnum við:

- Wanted Eyes nýja augnskugga,
- Wanted Shine nýja varaliti,.
- Skin Life Repair, nýtt einstakt krem sem nærir þurra, hrjúfa, brothætta húð.
- Spectacular farðann sem hefur verið endurnýjaður og hann endist nú enn lengur óbreyttur á húðinni.
- Prodigy Tissular serumið sem vinnur á öllum þáttum öldrunar.

Glæsilegir kaupaukar fylgja með kaupum á Helena Rubinstein vörum yfir 5.500 kr.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Eivör kemur fram á Atlantic Music Event á Nasa laugardaginn 31. mars.

# Færeysk hátíð í annað sinn

Færeysk tónlistarhátíð verður haldin á Nasa á laugardaginn 31. mars undir nafninu Atlantic Music Event. Undanfarin ár hefur hún verið haldin reglulega í Færeyjum og Danmörku við góðar undirtektir.



**BRANDUR ENNI** Brandur Enni er að vinna að nýrri plötu sem kemur út síðar á árinu.

Fram koma Eivör Pálsdóttir, Teitur, Högni Lisberg, Brandur Enni og hljómsveitin Gestir. Eru þau öll í fremstu röð færeyskra tónlistarmanna í dag og eru Eivör og Brandur til að mynda bæði að vinna að gerð nýrra platna.

„Þetta var haldið í fyrsta sinn á Íslandi í fyrra. Þá vorum við með sex færeyskar hljómsveitir og eina íslenska og það gekk mjög vel," segir Ásgeir Eyþórsson skipuleggjandi. „Færeyingum finnst mjög mikilvægt að geta komið til Íslands af og til og leyft fleirum að heyra tónlistina sína. Flestir af þeim hafa náð einhverjum árangri erlendis og margir hverjir í tengslum við þessa hátíð," segir hann. „Teitur er líklega stærsta alþjóðlega nafnið í dag þótt Eivör sér þekktust hérna á Íslandi."

Miðaverð á hátíðina er 2.200 krónur og fer forsala aðgöngumiða fram í Skífunni og á midi.is. - fb

# Erkióvinir eigast við á sviði

**Keppnin um titilinn Fyndnasti maður Íslands stendur nú sem hæst. Á síðasta undanúrslitakvöldinu, sem fram fer í Austurbæ í kvöld, munu erkióvinirnir Eyvindur Karlsson og Egill „Gillzenegger" Einarsson stíga á svið til að skemmta salnum.**



**HARÐUR SLAGUR** Það er hart barist um titilinn fyndnasti maður Íslands. Keppendur á öðru undanúrslitakvöldi voru þar engin undantekning, þó að þeir væru enn tiltölulega afslappaðir þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta verður stærra en þegar Silvía Nótt og Geir Ólafs hittust á Gullkindinni," sagði Oddur Eysteinn Friðriksson, forsvarsmaður og einn eigandi keppninnar. „Í fyrra var ekki hægt að sjá grein eftir Gillzenegger án þess að hann minntist á Eyvind, og ekki hægt að hlusta á uppistand hjá Eyvindi án þess að hann talaði um Gillzenegger. Þeir hata hvor annan," sagði Oddur. Keppnin er send út á Skjá einum, og sagðist Oddur ekki vera frá því að ritskoða yrði rimmu þeirra kappa áður en til útsendingar kæmi. „Alveg pottþétt, þetta er „too hot for TV"," sagði hann léttur í bragði.

Eyvindur hefur fyrir löngu getið sér nafns í uppistandinu, en Egill þreytir hins vegar frumraun sína á fimmtudagskvöldið. Það var ekki á Eyvindi að heyra að hann óttaðist væntanlega viðureign. „Hann er bara krútt, og alveg ágætis gaur. Eða, ekki gaur, náttúrlega, hann rakar sig nú á rassinum," sagði Eyvindur, sem vildi ekki kalla Gillzenegger svarinn óvin sinn. „Hann er svo vitlaus, maður má ekki vera vondur við svona fólk," sagði hann alvarlegur. Spurður um undirbúning sagðist Eyvindur ekki hafa þurft að leggja mikið á sig, hann væri atvinnumaður. „Egill kannski. En ég fer alltaf að hlæja bara við að sjá hann," sagði Eyvindur, og kvaðst því búast við að skemmta sér vel.




**ÓHRÆDDUR** Eyvindur Karlsson hefur ekki miklar áhyggjur af viðureigninni við Gillzenegger og kallar erkióvin sinn vitlaust krútt.

**FYRSTI MYNDARLEGI GRÍNISTINN?** Egill „Gillzenegger" Einarsson segist brjóta blað í sögu uppistanda þegar hann stígur á svið, þar sem hann sé fyrsti myndarlegi grínistinn.

Egill „Gillzenegger" sagði þetta fyrsta uppistand sitt brjóta blað í sögu slíkra. „Ég er fyrsti myndarlegi grínistinn. Þeir eru annars allir forljótir," sagði hann. Hann var ekki haldinn neinni minnimáttarkennd gagnvart Eyvindi. „Mér finnst bara fyndið að mér var boðið fyrsta „slottið". Það er alltaf heiti gæinn sem byrjar kvöldið. Hann er búinn að rembast við að vera með uppistand í tíu ár, og svo kemur helmassaður gæi og hirðir af honum fyrsta sætið," sagði Egill, sem hefur ekki varið miklum tíma í undirbúning. „Það þarf ekki mikla vinnu til að skáka honum. Hann er ekki þekktur fyrir að vera fyndinn, hann er þekktur fyrir að vera feitur," sagði Egill, sjálfsöryggið uppmálað.

sunna@frettabladid.is




# Nick Cave fer inn í eyðimörkina

Þó svo að Nick Cave hafi stofnað hljómsveitina Grinderman með þremur liðsmönnum sinnar eigin undirleikssveitar The Bad Seeds hljómar þessi plata nú bara samt eins og viðbót í lagasafn meistarans. Hljóðheimurinn er ekki fjarri því sem hann var að dunda sér við á fyrstu og annarri breiðskífu sinni From Her to Eternity og The Firstborn is Dead. Því ætti ekki að búast við því að Grinderman bjóði upp á nýtt sjónarhorn á Cave. Þetta er mun frekar ánægjulegt afturhvarf, eins og hann sé að horfa aðeins um öxl og sjá hversu miklu hann hefur áorkað.

Munurinn er þannig í nálguninni en ekki útkomunni, því í Grinderman semja allir liðsmenn sveitarinnar saman. Eftir mörg ár í þjónustu Caves fá þeir Martyn P. Casey, Warren Ellis og Jim Sclavunos því loksins uppreisn æru og mega spila nákvæmlega það sem þeir vilja. Hlutverk Caves snýst því aðallega um að finna upp á góðum sönglínum og textum. Svo berstrípað hlutverk hefur hann ekki tekið að sér síðan hann var í Birthday Party. Fyrir vikið verður útkoman þónokkuð hispurslausari en þær plötur sem Cave hefur verið að gefa frá sér síðustu árin. Svo spilar hann líka á gítar í nokkrum lögum, en ég held að hann hafi ekki gert það áður á plötum sínum.



**NICK CAVE** Stendur undir nafni með Grinderman.

Þessar fórnarlamb þessarar nýju nálgunar er píanóið. Það heyrist aldrei í píanói á plötunni, ekki nema að þið teljið Rhodes-píanóið með, og lítið sem ekkert pláss er fyrir ballöður. Það er bara í laginu Man in the Moon sem Cave fær örlítið að dæla úr sínu rómantíska hjarta. Warren Ellis spilar heldur yfirleitt ekki á opna fiðluna, heldur keyrir hana í gegnum þvílíka hljóðblöndunarsúpu að það væri auðvelt að trúa því að þetta væri aragrúi af gíturum eða hljóðgervill.

Þetta er mjög töffaraleg tónlist út í gegn. Kannski sú svalasta sem Cave og félagar hans hafa tekist á við í þónokkurn tíma. Hún er afar kúrekaleg og það er langt síðan Cave hefur stigið þetta langt inn í eyðimörkina. Cave leyfir sér líka að vera ruddalegur í textasmíðum. Eitt lagið heitir til að mynda No Pussy Blues og ég efast ekki um að þið getið giskað á um hvað textinn fjallar.

Hér eru nokkur lög sem gætu orðið klassísk. Lög eins og *I Don't Need You (To Set Me Free)* og *When My Love Comes Down*. Ekki búast við því að Nick Cave sé að enduruppgötva sig með nýju sveitinni sinni Grinderman. Þið getið hins vegar leyft ykkur að búast við hörkuplötu, því ég efast um að þið getið orðið fyrir vonbrigðum.

Birgir Örn Steinarsson




**TÓNLIST**
**Grinderman**
Grinderman
★★★★

Nick Cave og félagar hans úr The Bad Seeds stofnuðu þessa sveit, Grinderman, og sömdu efni á heila plötu í sameiningu. Útkoman er eitursvöl og hispurslausari en þær plötur sem Cave hefur sent frá sér upp á síðkastið.

# Krónikan

MENNING / PÓLITÍK / VIÐSKIPTI / FÓLK



## Erfðaprinsinn!

## BJARNI BEN

Engeyjarættin
Kolkrabbinn
Ráðherrastóllinn
Viðskiptalífið

**OFBELDISLÖGGA?**
Jack Bauer
er hin nýja
Janet Jackson

SÆVAR KARL
JACOB JENSEN
KOLBRÚN HALLDÓRS
NAOMI WOLF
ALAN GREENSPAN
EERO AARNIO

Krónikan VERÐ 590 kr.-

9 771670 721403


# 06
22.03.07
KRONIKAN.IS


**SKEMMTA SÉR VIÐ AÐ SKJÓTA OG MYRÐA**
Sex ára börn í ofbeldisfullum tölvuleikjum.

**AÐ HENGJA BORGARSTJÓRA FYRIR FORSTJÓRA**
Aðeins einn hefur þurft að bera ábyrgð á olíusamráði.



**SARAH JESSICA PARKER**
Tískudrottningin hefur hannað eigin fatalínu.


## ÁSKRIFTARTILBOÐ 50% AFSLÁTTUR

Áskriftarverð 1830 kr.
**ÞÚ SPARAR 1710 KR!**
Fullt verð fyrir næstu
6 tölublöð 3540 kr.

Heppnir áskrifendur fá veglega sumargjöf

Krónikan

kronikan.is Áskriftarsími 414 9400 kronikan.is Áskriftarsími 414 9400 kronikan.is Áskriftarsími 414 9400






**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| EPIC MOVIE | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| EPIC MOVIE SÝND Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| NORBIT | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| THE NUMBER 23 | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| GHOST RIDER | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| EPIC MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| VENUS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| THE LAST KING OF SCOTLAND | kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| NOTES ON A SCANDAL** | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| PAN'S LABYRINTH ** | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE ** | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |

** SÍÐUSTU SÝNINGAR

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| EPIC MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| NORBIT | kl. 8 og 10 |
| SMOKIN' ACES * | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |

* SÍÐASTA SÝNING

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Lindsay Lohan** er svo hrifin af breska leikaranum og Íslandsvininum **Jude Law** að hún ákvað að fljúga frá Los Angeles til New York til að hitta hann. Lohan skráði sig á sama hótel og Law en hann er staddur í New York til að leika í myndinni My Blueberry Nights. Þrátt fyrir fjórtán ára aldursmun hittust turtildúfurnar tvö kvöld í röð á hótelinu eftir að hafa skemmt sér á þekktum næturklúbbi.



Breski leikarinn **Hugh Laurie**, sem leikur lækninn House, hefur vísað því á bug að hjónaband hans standi á brauðfótum. Laurie, sem býr í Los Angeles, hefur verið kvæntur **Jo Green** í átján ár og eiga þau þrjú börn saman. „Fjölskyldan hans býr í London. Þetta er erfitt fyrir þau. Börnin koma til Los Angeles en þau þurfa að fara í skóla og eiginkonan kemur eins oft og hún getur," sagði talskona Laurie.



Hjartaknúsarinn **Brad Pitt** hefur tekið að sér aðalhlutverkið í nýrri kvikmynd sem verður byggð á bresku sjónvarpsþáttunum State of Play. Leikstjóri verður **Kevin McDonald** sem síðast sendi frá sér The Last King of Scotland. Pitt mun leika blaðamann sem reynir að komast að því hver myrti þingmann nokkurn.


Kynning og sýning á Nordica Hotel
laugardaginn 24. mars kl. 12:00 – 16:00



# Austurland tækifæranna

Á þriðja tug fyrirtækja, samtaka og stofnana kynna hin margvíslegu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi, atvinnutækifæri, búsetutækifæri og viðskiptatækifæri.

- Fyrirtæki af svæðinu kynna starfsmöguleika hjá sér og þjónustu sem þau veita.
- Húsnæðismál, eignir og lóðir til sölu.
- Þjónusta sveitarfélaga.
- Menningar- og frístundastarf.
- Ferðaþjónusta.
- Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnetið, Menningarráðið og Markaðstofa Austurlands kynna starfsemi sína.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, og Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, verða á staðnum og ræða við gesti.

**Grípið tækifærið!**

Kynnið ykkur kraftinn og uppbygginguna sem hafa einkennt Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað á síðustu misserum og sláist í hópinn með okkur.

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

Blómstrandi atvinnulíf
og öflugt samfélag

ÍSLENSKA/SIA.IS/AUS 36168 03/07

ÞRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS
FLJÓTSDALSHÉRAÐ
VINNUMÁLASTOFNUN
FJARÐABYGGÐ
Alcoa Fjarðaál
ALCOA







Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 6:30 - 9 - 10:40 | B.i.16 | PARIS, JE T'AIME | kl. 17:40 - 20:00 | |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 | B.i.12 | HORS DE PRIX | kl 17:40 – 20:00 – 22:20 | |
| LETTERS FROM... | kl. 5:30 | B.i.16 | TELL NO ONE | kl 22:20 | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 - 8 -9:15-10:30 | B.i.16 | SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| 300. VIP | kl. 8 - 10:30 | | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | VEFURINN ... M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 - 8 -10:10 | B.i.16 | DIGITAL |
| WILD HOGS FORSÝN. | kl. 8 | B.i.7 | |
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| NUMBER 23 | kl. 8 | B.i. 16 |
| LAST KING... | kl. 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 10 | B.i. 12 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is




**THE PORTALS** Hljómsveitin The Portals úr Grafarvogi er komin áfram í Músíktilraunum. Dómnefnd valdi hana áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Músíktilraunir fara vel af stað

**Músíktilraunir hófust í 25. skiptið síðastliðið mánudagskvöld í Loftkastalanum. Alls taka 48 hljómsveitir þátt í keppninni í ár en í kvöld fer fram fjórða undanúrslitakvöldið og hið seinasta fer síðan fram annað kvöld.**



**PRIMERA** Primera frá Vestmannaeyjum komst ekki áfram í úrslitin. Primera er eingöngu skipuð stelpum og vakti mikla lukku meðal áhorfenda.

Nú þegar eru komnar áfram hljómsveitirnar Magnyl, Loobyloo, Spooky Jetson og The Portals. Tvær bættust svo við hópinn í gær. Allar ágætlega frambærilegar sveitir en engin afgerandi þó.

Líkt og á Músíktilraunum síðasta árs verður sett upp ljósmyndasýning í anddyri Loftkastalans. Þar eru hengdar upp myndir af hljómsveitum sem taka þátt daginn eftir að þær koma fram og geta áhugasamir keypt myndirnar, sem teknar eru af Billa. Í anddyrinu fer einnig fram sýning á ljósmyndum Bjargar Sveinsdóttur sem hefur tekið myndir á keppninni í tuttugu ár.

Sjálft úrslitakvöldið verður svo loks haldið í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, laugardaginn 31. mars, klukkan 17.00. Verðlaun verða veitt í ýmsum flokkum en sérstaka athygli vekja verðlaun fyrir bestu textagerðina á íslensku, sem er nýbreytni.

steinthor@frettabladid.is



**UNIVERSAL POLITICS** Hljómsveitin Universal Politics tók þátt í Músíktilraunum en komst ekki áfram.










### > Fengu loks að raka sig

Það var stór stund hjá leikmönnum handboltaliðs Akureyrar, og eflaust ekki síst hjá konum leikmanna liðsins, þegar þeir lögðu ÍR að velli síðastliðinn sunnudag í DHL-deildinni. Ástæðan er sú að þá máttu leikmenn liðsins loksins raka sig á nýjan leik en þeir höfðu strengt þess heit að skerða ekki skegg sitt fyrr en sigur kæmi í hús á nýju ári. Biðin var löng því síðasti sigur fyrir ÍR-leikinn kom 16. desember. Frá þessu var greint á heimasíðu Akureyrarliðsins.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÞÓRIR ÓLAFSSON**: VERÐUR ÁFRAM Í ATVINNUMENNSKUNNI ÞÓ HANN FARI FRÁ LÜBBECKE

# *Vil helst vera áfram í Þýskalandi*

Hornamaðurinn Þórir Ólafsson sagði við Fréttablaðið í gær að hann vildi vera áfram í þýska handboltanum þó svo að hann yrði ekki áfram í herbúðum Lübbecke. Stjórn félagsins tilkynnti fyrr í vetur að samningur þess við Þóri yrði ekki endurnýjaður þegar hann rynni út í lok tímabilsins.

Síðan þá hefur reyndar nýr þjálfari, Velimir Kljaic, tekið við liðinu. „Ég veit að hann hefur ráðlagt stjórnarmönnum félagsins að gera nýjan samning við mig. Hann hefur greinilega meiri trú á mér en gamli þjálfarinn og fæ ég meira að spila undir hans stjórn,“ sagði Þórir. „En hann er bara með samning út þetta tímabil og óvíst hvort hann haldi áfram. Það er því enn óvitað hvað gerist en ég hef ekkert heyrt í stjórnarmönnum félagsins um nýjan samning.“

Kljaic þjálfaði Gummersbach í fyrra en Alfreð Gíslason tók við af honum fyrir tímabilið.

Lübbecke er í bullandi fallbaráttu og situr í næstneðsta sætinu með átta stig. Það er einu stigi frá næsta liði fyrir ofan, Wetzlar, og tveimur frá Balingen. „Við höfum verið arfaslakir í vetur,“ sagði Þórir. „Við erum með góðan mannskap en menn eru bara ekki að ná saman inni á vellinum.“

Hann segir það óvíst hvort hann myndi semja við liðið aftur ef það félli í vor, stæði honum það til boða. „Það færi líklega eftir því hvaða þjálfari yrði með liðið og hvort félagið hefði hug á að fara beinustu leið upp aftur.“



Birkir Ívar Guðmundsson leikur einnig með Lübbecke og hefur staðið sig afar vel að sögn Þóris. En samningur hans ógildist ef liðið fellur, rétt eins og hjá öllum öðrum leikmönnum liðsins.

„Ég er því í afar góðri stöðu miðað við marga aðra leikmenn hér. Ég veit að miðað við stöðu mála nú fæ ég ekki nýjan samning hér og get því byrjað nú þegar að leita mér að öðru liði. Mér skilst á umboðsmanni mínum að einhverjar þreifingar hafi verið á mínum málum en ég þarf bara að vera rólegur. Örvhentir leikmenn koma ekki heldur í kippum og er það mér til bóta.“



**Á SKOTSKÓNUM** Hannes Þ. Sigurðsson byrjar vel hjá Viking. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hannes Þ. Sigurðsson:

## Fimm mörk í 2 æfingaleikjum

**FÓTBOLTI** Hannes Þ. Sigurðsson byrjar vel hjá norska liðinu Viking en hann hefur skorað fimm mörk í síðustu tveimur æfingaleikjum liðsins.

Hannes skoraði þrennu í 7-1 sigri á Start og bætti síðan við tveimur mörkum á fyrstu 22 mínútunum í 3-3 jafntefli á móti Bryne í gær. Hannes lagði einnig upp mark og var nálægt því að innsigla þrennuna annan leikinn í röð en mark sem hann skoraði var dæmt af. - óój



**100% SKOTNÝTING** Róbert Gunnarsson nýtti öll 8 skotin í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Guðjón Valur og Róbert:

## Skoruðu saman tuttugu mörk

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson skoruðu saman 20 mörk í 38-26 útisigri á Melsungen í þýsku bundesligunni í gær. Guðjón Valur skoraði 12 mörk úr 16 skotum og Róbert nýtti öll átta skotin sín. Sverre Andreas Jakobsson lék aðeins í vörninni. - óój

### ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| FRAM-AKUREYRI | 30-20 |
| ÍBV-HAUKAR | 22-25 |

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **STJARNAN** | **19** | **16** | **1** | **12** | **592-382** | **33** |
| GRÓTTA | 20 | 13 | 3 | 4 | 506-441 | 29 |
| **VALUR** | **20** | **13** | **2** | **5** | **535-472** | **28** |
| HAUKAR | 20 | 13 | 1 | 6 | 560-498 | 27 |
| **FRAM** | **20** | **8** | **3** | **9** | **464-494** | **19** |
| HK | 19 | 8 | 1 | 10 | 523-577 | 17 |
| **ÍBV** | **20** | **6** | **2** | **12** | **480-546** | **14** |
| FH | 19 | 2 | 2 | 15 | 429-538 | 6 |
| **AKUREYRI** | **19** | **1** | **1** | **17** | **379-519** | **3** |

*Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| LÜBBECKE-KIEL | 27-41 |

**Þórir Ólafsson** skoraði 3 mörk fyrir Lübbecke. **Birkir Ívar Guðmundsson** lék í marki liðsins.

| | |
|---|---|
| WETZLAR-KRONAU/ÖSTRINGEN | 22-34 |
| MELSUNGEN-GUMMERSBACH | 26-38 |

**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði 12/2 mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** 8. **Sverre Jakobsson** lék í vörn liðsins.

| | |
|---|---|
| WILHELMSHAVENER-HAMBURG | 36-43 |

**Gylfi Gylfason** skoraði ekki fyrir heimamenn.

# Best fyrir Stjörnuna að Guðjón efni samning sinn

**Eysteinn Haraldsson, formaður meistaraflokksráðs Stjörnunnar, segir að hagsmunum Stjörnunnar sé best borgið með því að Guðjón Baldvinsson spili áfram fyrir liðið. Hann vonar að skynsemi leikmannsins vakni fljótlega.**

**FÓTBOLTI** Eysteinn Haraldsson, formaður meistaraflokksráðs Stjörnunnar, segir að það sé óbreytt afstaða félagsins að láta Guðjón Baldvinsson efna þriggja ára samning sinn við Stjörnuna.

Guðjón sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri mjög ósáttur við framkomu forráðamanna félagsins. Hann vildi losna og spila með liði í efstu deild og teldi að það væri ekki ósanngjörn bón þar sem hann hefði staðið með liðinu til þessa í gegnum súrt og sætt.

Fréttablaðið hefur vitneskju um að Stjarnan hafi fengið tilboð í Guðjón upp á þrjár milljónir króna. Guðjón sagði að hann hefði fengið þau skilaboð frá forráðamönnum félagsins að engin skrifleg tilboð hefðu borist Stjörnunni í hann. Hann vissi að það væri lygi. Stangast það einnig á við heimildir Fréttablaðsins.

„Þegar mál eru komin út í svona tilfinningar falla ýmis orð, bæði góð og slæm,“ sagði Eysteinn. „Við munum aldrei erfa nokkurn skapaðan hlut sem sögð eru í hita leiksins. Það er þó afar óheppilegt að birta einhverjar yfirlýsingar um lygar í hita leiksins. Ungir menn verða reiðir, láta allan djöfulinn fjúka og þurfa svo að sjá eftir því.“

Eysteinn sagði að tilboð hefði borist í Guðjón. „Stjarnan tekur þau tilboð sem koma, bæði formleg og óformleg, skoðar þau og metur hagsmuni sína. Eins og málin standa í dag hefur hagsmunum Stjörnunnar verið best borgið að taka ekki neinu af þeim tilboðum sem hafa komið, samkvæmt áliti þeirra sem þar taka ákvarðanir. Það væri best fyrir Stjörnuna að þessi drengur stæði við gerða samninga og spilaði fyrir félagið.“

Eysteinn segir enn frekar að staða Stjörnunnar hafi ekkert breyst undanfarna daga. „Stjarnan er búin að loka öllum sínum leikmannasamningum og er byrjuð að undirbúa næsta tímabil. Hún er með flott lið og fínan hóp.“

Guðjón hefur hins vegar ekki tekið þátt í þessum undirbúningi síðastliðna viku. „Það sér hver maður að það þarf að finna framtíðarlausn á málinu. Annað hvort vaknar skynsemi leikmannsins eða Stjarnan vill gera eitthvað annað. Hjá félaginu vinna heiðvirðir menn sem reyna að vinna þessa vinnu eins vel og hægt er. Tilfinningaástandið er heitt einmitt núna en auðvitað lagast það eftir því sem á líður. Málið endar einhvers staðar. Ég vona að menn nái að vinna lausn á því.“



**GUÐJÓN BALDVINSSON** Situr heima á meðan félagar hans í Stjörnunni búa sig undir komandi átök sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðjón hefur verið burðarás í liði Stjörnunnar undanfarin ár og skoraði sjö mörk í sextán leikjum þess í 1. deildinni í fyrra. Hann á að baki fimm U-21 landsleiki.

eirikur@frettabladid.is



**FLOTT TILÞRIF** Jón Arnór Stefánsson sýndi ótrúlegt jafnvægi og mikla skottækni í sigurkörfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Arnór Stefánsson:

## Átti bestu tilþrif vikunnar

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson átti bestu tilþrif vikunnar í ítalska körfuboltanum þegar hann tryggði sínu liði Lottomatica Roma 84-82 sigur á toppliði deildarinnar, Montepaschi Siena, í framlengdum leik um helgina.

Körfuna skoraði Jón Arnór tveimur sekúndum fyrir leikslok þar sem hann keyrði í átt að körfunni og fór síðan upp í snöggt stökkskot að hætti Steve Nash og skoraði á laglegan hátt. Í blaðinu Messaggero er talað um að hönd Stefánssonar hafi stoppað Sienaliðið, sem var búið að vinna tíu leiki í röð. - óój

Hólmar Örn Rúnarsson:

## Mikill heiður

**FÓTBOLTI** Hólmar Örn Rúnarsson var í gær valinn í íslenska landsliðið í fyrsta sinn. Hann segir að kallið hafi komið sér þægilega á óvart. „Ég var nú bara að frétta þetta áðan en þetta er mikill heiður fyrir mig. Ég hef nú kannski ekki gert mér miklar vonir um landsliðssæti hingað til enda bara nýkominn út í atvinnumennskuna. En það er fínt að það sé fylgst með manni. Þetta er auðvitað draumaleikur og vonandi að maður fái að spreyta sig,“ sagði Hólmar. Hann leikur með Silkeborg í Danmörku. - esá

Hermann Hreiðarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson ekki með íslenska landsliðinu á Spáni:

# Hólmar Örn og Indriði kallaðir í landsliðið

**FÓTBOLTI** Þau slæmu tíðindi bárust af íslenska landsliðinu að Hermann Hreiðarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson yrðu ekki með í leiknum gegn Spáni á Mallorca á miðvikudaginn kemur.

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari valdi í þeirra stað Indriða Sigurðsson hjá Lyn og Hólmar Örn Rúnarsson, leikmann Silkeborgar. Er þetta í fyrsta sinn sem Hólmar er valinn í liðið.

Hermann sagði við Fréttablaðið í gær að meiðslin sem hefðu hrjáð hann undanfarnar vikur yrðu til þess að hann gæti ekki spilað á Spáni. „Þetta eru vandræði með liðband í hné. Ég spilaði á sunnudaginn eftir að hafa æft á laugardaginn í fyrsta sinn í sex vikur. Nú er hnéð stökkbólgið og þarf að bíða í einhverja daga þar til ákvörðun verður tekin um hvað þurfi að gera.“

Hann sagði ekki ólíklegt að hann þyrfti að fara í aðgerð. „Það yrði slæmt á þessum tímapunkti þar sem ég yrði lengi frá eftir aðgerðina. Best væri að nota sumarið til þess.“

Hermann sagði enn fremur að hann væri fremur fúll yfir því hvernig mál hans hefðu þróast síðastliðnar vikur. „Það eru margir meiddir hjá Charlton og maður þarf að fórna sér, kannski fullmikið. Ég hef spilað nokkra leiki án þess að vera 100% klár og vil ég fyrst og fremst ná mér almennilega góðum.“

Hann er vitanlega einnig svekktur yfir því að missa af landsleiknum. „Þetta er einn af stórleikjum riðilsins og maður vill alltaf prófa sig gegn þeim bestu.“

Eiginkona Jóhannesar Karls Guðjónssonar á von á barni á næstu dögum og var því ákveðið að hann fengi frí í landsleiknum til að huga að fjölskyldunni. „Í slíkum aðstæðum eru menn jú með hugann við fjölskylduna. Honum yrði enginn greiði gerður með því að vera píndur í krefjandi verkefni,“ sagði Eyjólfur landsliðsþjálfari.

„Þetta eru engu að síður auðvitað slæm tíðindi fyrir okkur. Þarna eru tveir menn sem hafa verið að spila á grasi í vetur og eru mikilvægir okkar liði. Hermann er einn af okkar bestu varnarmönnum og þetta er því ekki gott mál.“

Indriði Sigurðsson hefur verið í byrjunarliði Íslands í síðustu leikjum en var ekki valinn í hinn upphaflega hóp Eyjólfs. „Hann hefur verið að spila í stöðu miðvarðar hjá Lyn og valdi ég því Gunnar Þór sem leikur sem vinstri bakvörður hjá sínu félagi. Ég ákvað því að hvíla Indriða aðeins. En nú kemur hann inn í hópinn og getur leikið í báðum þessum stöðum, sem er jákvætt.“

Hólmar hefur verið í byrjunarliði Silkeborgar í fyrstu tveimur leikjum liðsins eftir vetrarhlé og staðið sig vel. „Hann fær nú sitt fyrsta tækifæri með landsliðinu en ég hef lengi fylgst með honum,“ sagði Eyjólfur.

„Við munum þrátt fyrir allt mæta til leiks með jákvæðu hugarfari og ætlum okkur að gera góða hluti. Við þurfum að verjast vel og sækja hratt og vonandi gefur það góða raun.“ - esá



**HERMANN EKKI MEÐ** Eyjólfur Sverrisson klappar Hermanni Hreiðarssyni á bakið eftir leik Íslands og Svíþjóðar á Laugardalsvelli í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI



STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ

# JOSH GROBAN

ÁSAMT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR

LAUGARDALSHÖLL
16. MAÍ 2007
MIÐASALA HEFST
29. MARS, KL. 10:00

MASTERCARD FORSALA
28. MARS, KL. 10:00



KOMIN Í VERSLANIR

go to joshgroban.com

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

# Félögin á landsbyggðinni bíða eftir ríkisstjórninni

**Starfshópur sem mat þörfina á ferðajöfnunarsjóði skilaði sinni skýrslu inn fyrir þremur vikum. Nú er beðið eftir að ríkisstjórnin taki málið fyrir en um er að ræða mesta hagsmunamál félaga á landsbyggðinni.**

**ÍÞRÓTTIR** Mesta hagsmunamál félaga á landsbyggðinni er svokallaður ferðajöfnunarsjóður enda er kostnaður félaga úti á landi vegna ferðalaga allt annar en hjá félögum á höfuðborgarsvæðinu. Landsbyggðarfélög hafa barist hatrammlega fyrir því að þessi sjóður verði stofnaður í langan tíma og nú hillir loks undir breytingar.

Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytis skilaði fyrir um þrem vikum síðan skýrslu sinni um málið en þar er mælt fyrir því að ferðajöfnunarsjóðurinn verði stofnaður. Málið bíður nú eftir því að komast inn á borð hjá ríkisstjórninni, fyrr verður ekkert af stofnum sjóðsins.

Samkvæmt óvísindalegri könnun Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, á meðal stóru boltagreinanna, kemur fram að fyrir hvert ferðalag liðs af höfuðborgarsvæðinu eru fimm ferðir hjá landsbyggðarliðunum. Þótt könnunin sé óvísindaleg þykir hún engu að síður gefa nokkuð góða mynd af stöðu mála.

Starfshópurinn leggur til að ákveðin upphæð verði lögð í sjóðinn næstu þrjú ár og á því tímabili stefnir ÍSÍ að því að greina hversu mikið fé sjóðurinn þarf árlega eftir það. ÍSÍ telur að heildarferðakostnaður íþróttahreyfingarinnar sé á bilinu 750 milljónir króna til einn milljarður á ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mælir starfshópurinn með því að ÍSÍ útbúi úthlutunarreglur fyrir sjóðinn en rætt hefur verið um að allir peningar sjóðsins fari út á land fyrsta árið. Um það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun enn sem komið er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Boltinn er hjá ríkisstjórninni og við bíðum eftir að hún taki málið fyrir," sagði Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ. „Þetta er mjög mikið hagsmunamál og við treystum á að ríkisstjórnin taki vel í erindið. Við vitum líka að það er þverpólitísk samstaða um málið á Alþingi."

henry@frettabladid.is



### FERÐAKOSTNAÐUR

**Körfubolti:**

| | |
|---|---|
| Tindastóll: | 2,2 milljónir króna |

Stólarnir keyra eingöngu í leiki og fljúga aldrei. Keyptu sína eigin rútu.

| | |
|---|---|
| KR: | 1,3 milljónir króna |

Inni í tölunni er ferðakostnaður vegna ferða erlendra leikmanna til og frá landinu og talan á því að vera lægri.

**Handbolti:**

| | |
|---|---|
| Akureyri: | 7,5 milljónir króna |

Samt keyrir Akureyri í 95% tilvika og flýgur sjaldan. Ferðakostnaður hefur farið allt upp í 12 milljónir króna.

| | |
|---|---|
| ÍBV: | 20 milljónir króna |

Forráðamenn ÍBV segja ferðakostnað ávallt vera í kringum þessa tölu.

| | |
|---|---|
| Valur: | 2,9 milljónir króna |

**BEÐIÐ EFTIR PENINGUNUM** Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, segir að íþróttahreyfingin bíði eftir því að ríkisstjórnin taki málefni ferðajöfnunarsjóðs fyrir sem er stærsta hagsmunamál félaga á landsbyggðinni.





**UTAN VALLAR** HENRY BIRGIR GUNNARSSON SEGIR SÍNA SKOÐUN

## *Karfan er að stinga handboltann af*

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með íslenskum körfubolta og handbolta í vetur. Á meðan umgjörðin stækkar hjá körfuboltafólki hjakkar blessaða handboltafólkið í sama farinu ár eftir ár. HSÍ og félögin í landinu er saman að takast að drepa íþróttina sem á svo stóran stað í þjóðarsálinni.

Sífellt fleiri lið í körfuboltanum leggja meira í umgjörð á heimaleikjum sínum sem þýðir að áhorfendum fjölgar og ánægja áhorfenda eykst. Með öðrum orðum þá vill fólk koma aftur og það með börnunum sínum. Það er gaman að fara á körfuboltaleiki. Þetta á ekki bara við í úrslitakeppninni. Svona hefur þetta verið í allan vetur. Andinn í kringum körfuboltann er góður og jákvæður.

Á sama tíma virðist fækka á handboltaleikjum. Aðsóknin er ekki að aukast. Svo mikið er víst. Stemningin og gleðin er þar sjaldan ríkjandi og umgjörðin hjá flestum félögum er engin. Á flestum stöðum er nákvæmlega ekkert gert til að rífa upp stemningu, ekki nokkur skapaður hlutur.

Það eru engar óvæntar uppákomur, leikir í hálfleik, happdrætti eða annað sem kryddað gæti stemninguna. Til að breiða yfir stemningsleysið mæta síðan 2-3 menn með trommur og berja þær af offorsi án þess að fá nokkurn annan stuðning frá öðrum áhorfendum sem iðulega þegja þunnu hljóði.

HSÍ fékk kjörið tækifæri til að rífa áhugann og stemninguna upp þegar ákveðið var að hætta með úrslitakeppnina og bjóða þess í stað upp á átta liða úrvalsdeild. Hvað var gert til að bæta umgjörð og annað? Nákvæmlega ekki neitt.

HSÍ hefði verið nær að setja ákveðnar lágmarkskröfur á félögin varðandi umgjörð. Að öðrum kosti fengju þau hreinlega ekki keppnisleyfi. Þetta er gert í fótboltanum með góðum árangri til að mynda.

Úrvalsdeildin gaf HSÍ tækifæri sem það hefur klúðrað á ótrúlegan hátt. Kröfurnar á félögin hefði síðan mátt auka ár frá ári til að ná þeirri umgjörð sem nauðsynleg er svo handboltalífið fái að blómstra. Einhvers staðar yrði samt að byrja svo hægt væri að koma inn faglegri hugsun og metnaði hjá stjórnum félaganna sem virðast ekkert gera ótilneydd.

Í dag er ekki einu sinni hægt að komast að því hver sé markahæsti leikmaður deildarinnar. Það er enginn vefur með upplýsingum um deildina, hvergi nokkurs staðar spjallar fólk um boltann á netinu og svona mætti áfram telja. Hefur einhver áhuga?

Það er ótrúlegt að ekki sé hægt að nálgast neinar tölfræðilegar upplýsingar um deildina árið 2007. Það var reynt í fyrra en þá brugðust félögin eins og svo oft áður. Þau gátu ekki klárað einfaldan hlut eins og að taka tölfræði á leikjum.

Hvernig var brugðist við þessum vanda? Með því að leggja vefinn niður án frekari málalenginga og þar með sætta sig við þessi ömurlegu vinnubrögð. Það er ekki einu sinni reynt að spyrna við fótum.

Þetta er ótrúlegt metnaðarleysi af hálfu HSÍ, sem og félaganna, sem eru á góðri leið með að drepa handboltann innan frá. Ég hvet þau til að taka málin föstum tökum á komandi ársþingi. Að öðrum kosti deyr áhuginn á íslenskum handbolta endanlega.




# Íslandsmót

## Íþróttasambands Fatlaðra

**í boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsum íþróttum, lyftingum og sundi**

**fer fram í Reykjavík 23. - 25. mars 2007**

**Keppendur verða rúmlega 300 frá 18 íþróttafélögum.**
**Mótinu lýkur með lokahófi á Gullhömrum, á sunnudagskvöldið.**

**Tímaseðill Íslandsmóts ÍF 23.-25. mars 2007**

**Sund - frjálsar íþróttir - boccia - bogfimi - lyftingar - borðtennis**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudagur 23. mars: | 17:00 - 23:00 | borðtennis opnir og lokaðir fl. | Salur 4 (Laugardalshöll) |
| Föstudagur 23. mars: | 18:00 - 22:00 | frjálsar íþróttir | Salur B (Frjálsíþróttahöll) |
| Laugardagur 24. mars | 10:00 – 12:00 | Borðtennis (ef þarf) | Salur 4 (Laugardalshöll) |
| Laugardagur 24. mars: | 10:00 - 20:00 | undanúrslit í boccia | Salur A (Laugardalshöll) |
| Laugardagur 24. mars: | 10:00 - 13:00 | bogfimi fyrri hluti | Salur B (Frjálsíþróttahöll) |
| Laugardagur 24. mars: | 13:00 - 13:30 | mótssetning | Salur A (Laugardalshöll) |
| Laugardagur 24. mars: | 14:00 | upphitun sund | Sundlaug Laugardals |
| | 15:00 | keppni hefst í sundi | Sundlaug Laugardals |
| Sunnudagur 25. mars: | 09:00 | upphitun sund | Sundlaug Laugardals |
| | 10:00 | keppni hefst í sundi | Sundlaug Laugardals |
| Sunnudagur 25. mars: | 10:00 - 13:00 | bogfimi seinni hluti | Salur B (Frjálsíþróttahöll) |
| Sunnudagur 25. mars: | 11:00 - 15:00 | úrslit í boccia | Salur A (Laugardalshöll) |
| Sunnudagur 25. mars: | 13:00 - 16:00 | lyftingar | Salur 1 (Laugardalshöll) |



120 1886 2006



# Landsbankaleikar
## á skíðum 24. mars

Landsbankaleikarnir, barnaskíðamót Ármanns, fara fram laugardaginn 24. mars næstkomandi. Mótið er ætlað öllum börnum á aldrinum 5-10 ára sem finnst gaman á skíðum, ekki bara keppnisfólki.

Skráning á mótið fer fram á vef landsbankans, www.landsbanki.is, út fimmtudaginn 22. mars næstkomandi. Mótið verður haldið við Skíðaskála Ármanns sem er í Suðurgili í Bláfjöllum. Ekkert þátttökugjald.

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 10.00–11.00 | Afhending númera í Ármannsskála og andlitsmálun. |
| 11.00–11.30 | Brautarskoðun í fylgd Sprota og trúðanna. |
| 11.30–12.30 | Leikjabraut fyrir byrjendur. Yngstu börnin byrja. |
| 12.30–13.30 | Braut fyrir lengra komna. Yngstu börnin byrja. |

Samhliðasvigbrautir verða fyrir alla til að spreyta sig á móti félögum sínum á meðan fjölskylduskemmtunin stendur yfir. Foreldrar, systkini og allir þátttakendur í leikunum eru hvattir til að vera með.

- Á meðan leikarnir standa yfir verður boðið upp á andlitsmálun fyrir þátttakendur.
- SS býður upp á pylsuveislu fyrir iðkendur og fjölskyldur þeirra.
- Allir þátttakendur fá afhentar gjafir og viðurkenningu frá Landsbankanum.



skráning á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 36765 03.2007


Cliff
Ennþá til miðar í stæði
Laugardalshöll
28. mars
Hljómleikar hefjast stundvíslega kl. 20.00
Húsið opnar kl. 18.00
Miðaverð:
A-stúka kr. 11.900
UPPSELT
B-stúka kr. 9.900
Stæði kr. 5.900
Miðasala
midi.is, Skífan Laugavegi 26, Kringlunni og Smáralind
Einnig BT Akureyri, BT Egilsstöðum og BT Selfossi
www.cliffrichard.org
WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light



**SIGURSÆLL** Pálmi Freyr Sigurgeirsson hefur komist í undanúrslitin með liðum sínum síðustu þrjú árin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pálmi Freyr Sigurgeirsson:

## Í sigurliði þriðja árið í röð

**KÖRFUBOLTI KR-ingurinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson þekkir það orðið vel að fara í oddaleik í átta liða úrslitum og vinna. Pálmi hefur þrjú síðustu ár verið í slíkum sporum, fyrst með Snæfelli 2005 og nú með KR-ingum síðustu tvö ár.**

**Pálmi var með 15 stig í 91-78 sigri á ÍR-ingum á þriðjudagskvöldið og fór mikinn þegar liðið gerði út um leikinn í þriðja leikhlutanum. Pálmi skoraði 8 stig í 67-64 sigri KR á Snæfelli í fyrra og var með 12 stig og 5 stoðsendingar í 116-105 sigri Snæfells á KR 2005.**

**Pálmi hefur leikið einn oddaleik í viðbót en hann tapaði með Breiðablik í Ljónagryfjunni í Njarðvík vorið 2002. Pálmi skoraði 26 stig í leiknum en það dugði ekki gegn verðandi Íslandsmeisturum.** - óój

# Endurtaka Haukar og Keflavík leikinn?

**Úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna hefst í kvöld og í fyrsta sinn þarf að vinna þrjá leiki til þess að komast í lokaúrslitin. ÍS og Grindavík fá nú tækifæri til þess að hefna fyrir að vera slegin út í fyrra.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta hefst í kvöld og í fyrsta sinn þurfa liðin að vinna þrjá leiki til þess að tryggja sér sæti í lokaúrslitunum. Haukar taka á móti ÍS á Ásvöllum og Keflavík fær Grindavík í heimsókn.

Það hefur verið lengi ljóst hvaða lið myndu mætast í undanúrslitum úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna og því hefur spennan milli liðanna verið að magnast undanfarna mánuði.

Haukar mæta Stúdínum í uppgjöri yngsta og elsta liðs deildarinnar. Reynsluboltarnir í ÍS hafa verið að endurheimta sína leikmenn eftir áramót og eru með allt annað lið en það sem tapaði þrisvar sinnum á stuttum tíma með samtals 111 stigum fyrir Haukum í haust.

Það hefur boðað gott að slá ÍS út úr úrslitakeppninni því það lið hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn síðustu fjögur ár og í öllum sex úrslitakeppnum sem Stúdínur hafa tekið þátt í síðan 2000. ÍS-liðið hefur staðið vel í verðandi Íslandsmeisturum í undanúrslitunum síðustu tvö ár og bæði einvígin hafa farið í oddaleik eftir örugga sigra ÍS í heimaleik sínum.

Haukar og ÍS hafa alls mæst sjö sinnum á þessu tímabili og Haukaliðið hefur unnið alla leikina, fjóra í deildinni og svo einn í meistarakeppninni, bikarkeppninni og Powerade-bikarnum.

Lykilatriðið í einvíginu er hvort liðið stjórnar hraðanum. Stúdínur koma ekki til með að ráða mikið við Haukaliðið verði tempóið hátt en takist ÍS að að róa leikinn og spila vörn og sókn á hálfum velli þá gæti Haukaliðið lent í meiri vandræðum. Ef Helena Sverrisdóttir fær að keyra upp leikinn þá er ólíklegt að ÍS-liðið haldi út í einn leik hvað þá margra leikja seríu.

Keflavík og Grindavík mætast nú fjórða árið í röð í úrslitakeppninni og nú eru Grindavíkurstelpur harðar á því að það sé komið að þeim að komast áfram því Keflavík hefur unnið öll þessi einvígi. Keflvíkurstelpur vilja þó örugglega ekki viðurkenna að Grindavík sé komið með tak á þeim eftir tvo sigurleiki í röð. Grindavíkurliðið kemur engu að síður með mikið sjálfstraust inn í leikina þökk sé þessum tveimur sigrum sínum á Keflavík eftir áramót. Keflavík vann báða deildarleiki liðanna fyrir áramót en í haust hafði Grindavíkurliðið betur í undanúrslitaleik liðanna í Powerade-bikarnum.

Liðin mættust í fyrra og þá vann Keflavík báða leikina þrátt fyrir að leika fyrsta leikinn á útivelli. Keflavík er reyndar búið að vinna síðustu sex leiki liðanna í úrslitakeppninni og 5 af 6 einvígum þeirra í sögu úrslitakeppninnar.

Allir leikir liðanna hafa verið opnir og skemmtilegir, liðin spila hraðan og fjölbreyttan sóknarleik og þetta einvígi verður mikil skemmtun fyrir áhorfendur. Ef marka má deildarleiki liðanna kemur fyrsti leikhlutinn til með að ráða miklu. Keflavík vann fyrstu 10 mínúturnar með samtals 10 stigum í sigrum sínum en Grindavík vann hann með samtals 22 stigum í sigurleikjum sínum. Byrjun leikjanna er því þessum liðum mjög mikilvæg.



**14 SIGRAR Í RÖÐ** Kristrún Sigurjónsdóttir og félagar hennar í Haukum hafa unnið alla leiki sína eftir áramót og samtals 14 sigurleiki í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


JEPPLINGA
ÚTSALA




100% lán í 84 mánuði
Hyundai Santa Fe
Nýskr: 06/2004, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 88.000 þ.




100% lán í 84 mánuði
Land Rover Freelander
Nýskr: 12/2004, 1800cc
beinskiptur, ekinn 35.000 þ.

**Úrval Jepplinga** á einstöku tilboði frá 21. til 24. mars. Komdu núna í **Bílaland B&L** og gerðu frábær kaup!

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

bílaland B&L notaðir bílar

bilaland.is
575 1230

**100% lán** í boði í allt að 84 mánuði.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

ÁSKRIFT: 515 6100 I VODAFONE

**Nýtt!**

# DISNEY CHANNEL

## Ný stöð á Fjölvarpinu

Yfir 50 erlendar sjónvarpsstöðvar á Fjölvarpinu og þú getur valið um 5 mismunandi pakka eftir því hvað hentar þér. Disney Channel og 5 aðrar stöðvar hafa bæst við í stærsta pakkann á Fjölvarpinu.

**Uppfærðu myndlykilinn þinn og sjáðu allar stöðvarnar!**




| Fjölvarp Evrópa |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| Arte |
| DR1 |
| DR2 |
| ProSieben |
| Sat 1 |
| TV5 |
| ARD |
| M6 |
| Rai Due |
| ZDF |
| NRK1 |
| NRK2 |
| Polsat |
| SVT1 |
| SVT2 |
| TVE |

| Fjölvarp sport |
|---|
| **Verð frá 2.625 kr. á mánuði** |
| ESPN Classic Sports |
| Eurosport |
| Eurosport 2 |
| Extreme Sports |
| SKY news |
| Motors TV |
| Arsenal TV |
| Liverpool TV |
| Chelsea TV |
| Man.Utd TV |
| NBA TV |

| Fjölvarp allt | | |
|---|---|---|
| **Verð frá 3.165 kr. á mánuði** | ProSieben | Eurosport |
| | NBA TV Ný! | TV5 |
| Adventure One | Rai Due | Eurosport 2 |
| M6 | CNN | TVE |
| Liverpool TV Ný! | Reality Channel | Extreme Sports |
| MGM | Discovery | VH-1 |
| ARD | Sat 1 | Fox News |
| Motors TV | Discovery Civilization | ZDF |
| Arte | SKY news | Hallmark |
| MTV | DR1 | Fashion TV |
| BBC Food | SVT1 | Jetix |
| Chelsea TV Ný! | DR2 | Disney Channel Ný! |
| BBC Prime | SVT2 | CNBC |
| NRK1 | E! | National Geo. |
| BBC World | TCM | Arsenal TV Ný! |
| NRK2 | ESPN Classic Sports | Man.Utd TV Ný! |
| Cartoon Network | Travel Channel | Animal Planet |
| Polsat | Club | |

| Fjölvarp fræðsla |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| Fjölvarp fræðsla |
| BBC Prime |
| BBC World |
| CNBC |
| CNN |
| Discovery Civilization |
| Discovery |
| Fox News |
| SKY news |
| Animal Planet |
| National Geo. |
| Travel Channel |
| Adventure One |
| BBC Food |

| Fjölvarp skemmtun |
|---|
| **Verð frá 1.898 kr. á mánuði** |
| BBC Prime |
| Cartoon Network |
| Club |
| E! |
| Jetix |
| Hallmark |
| MGM |
| MTV |
| Reality Channel |
| TCM |
| VH-1 |
| Fashion TV |
| Disney Channel |

Fjolvarp
– heill heimur af skemmtun

## NÝTT AFSLÁTTARKERFI

M12 5%

Ein áskriftarstöð að eigin vali
**5% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

SILFUR M12 20%

Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali
**20% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

GULL M12 25%

Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali
**25% afsláttur af grunnverði.**
Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

**M12 áskrifendur fá bestu kjörin og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.**

| M12 áskrifendur Stöðvar 2 | M12 áskrifendur Sýnar |
|---|---|
| Stöð 2 plús | Sýn plús |
| Stöð 2 bíó | Sýn Extra 1 |
| Stöð 2 bíó plús | Sýn Extra 2 |
| Sirkus | |
| Sirkus plús | |

GOTT FÓLK

## > MATTHEW PERRY

Matthew ólst upp í Ottawa í Kanada. Móðir hans var aðstoðarkona fyrrum forsætisráðherra Kanada, Pierre Trudeau, og faðir hans, John Bennett Perry, er þekktur leikari. Matthew er hæfileikaríkur í tennis og varð meðal annars einn besti tennisleikari Kanada og lenti í 3. sæti á landsmóti unglinga í Bandaríkjunum. Þegar Matthew var átján ára bauðst honum aðalhlutverkið í þáttunum Second Chance og fimm árum síðar fékk hann að túlka hinn vinsæla vin, Chandler Bing. Matthew leikur nú í þáttunum Studio 60 sem sýndir eru á Stöð 2 kl. 20.55.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HEFUR BREYTT UM ÁHORFSAÐFERÐ

# Getið í eyðurnar

Fyrir löngu sagði vinkona mín mér frá ömmu sinni sem hafði þann hæfileika að geta fylgst með nokkrum sjónvarpsþáttum í einu. Þannig var mál með vexti að amman átti nokkra uppáhaldsþætti sem sýndir voru á sama tíma síðdegis og til þess að missa ekki af neinu skipti hún einfaldlega oft á milli þátta og náði þannig að horfa á alla þættina í einu. Þessi aðferð þótti mér ógurlega skrítin þegar ég heyrði um hana á sínum tíma. Fannst að það hlyti að liggja beinna við að velja sér bara þátt til að fylgjast með og fylgjast þá með honum af athygli. Það var þá.

Nú er nefnilega svo komið fyrir mér að ég fylgist varla með einum einasta framhaldsþætti frá upphafi til enda heldur skýst ég á milli þátta í miðju kafi og tékka á því hvað sé í gangi í þáttum á hinni stöðinni. Ég er því sæmilega vel með á nótunum í ótal mörgum þáttum, án þess þó að fylgjast með í þaula. Ég horfi til dæmis reglulega á hálfan þátt af Prison Break, og veit að bræðurnir leika enn lausum hala og yngri bróðirinn, Michael Schofield, er alltaf jafn snyrtilegur þrátt fyrir hamaganginn. Allt er að verða vitlaust hjá Jack Bauer og félögum í þættinum 24. Ég lít líka reglulega inn til þeirra Simon Cowell, Paulu Abdul og Randy Jackson í American Idol og athuga hvernig þau fara með keppendur sem mæta til leiks þar. Og svona mætti lengi telja.



Þessi aðferð til áhorfs myndu sumir segja bera vott um einbeitingarskort á háu stigi. Ég tel mig hins vegar hafa sannreynt aðferð ömmunnar að hægt er að fylgjast með mörgum þáttum í einu. Það reynir líka skemmtilega á túlkunarhæfileika að detta inn í þátt og finna út úr því hvað hefur gerst síðan maður leit við síðast. Ég hafði til dæmis gaman af því á dögunum að geta í eyðurnar þegar ég byrjaði að fylgjast með 24 í miðjum áttunda þætti. Svo þykir mér líka einkar gaman að horfa á hálfan Lost-þátt öðru hvoru og reyna að botna eitthvað í því sem þar fer fram. Ég fylgist þó enn með Desperate Housewives og Grey's Anatomy frá upphafi til enda, en það breytist kannski brátt.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** Will & Grace SKJÁREINN



▶ **00.00** The Last Samurai STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** KF Nörd SIRKUS



▶ **22.05** Augusta Masters Official Film SÝN



▶ **21.15** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (3:13)
**18.40 Töfrar**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Gettu betur**
Fyrri undanúrslitaþáttur í beinni útsendingu úr Verinu í Reykjavík.
**21.05 Lithvörf** (11:12)
Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Birgi Andrésson nýlistamann.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur**
(Desperate Housewives III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sporlaust** (16:24)
(Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífsháski**
Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**23.55 Kastljós**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Be Cool**
**08.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**10.00 Loch Ness**
**12.00 A Shot at Glory**
**14.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**16.00 Loch Ness**
**18.00 A Shot at Glory**
**20.00 Be Cool** Framhald glæpamyndarinnar Get Shorty. Aðalhlutv.: John Travolta, Uma Thurman. Bönnuð börnum.
**22.00 Going for Broke** Dramatísk sjónvarpsmynd um konu í miklum ógöngum.
▶**00.00 The Last Samurai**
**02.30 Hunter. Back in Force**
**04.00 Going for Broke**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Commander In Chief**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 Two and a Half Men**
**15.00 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**15.25 Derren Brown. Hugarbrellur**
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.13 Tasmanía**
**16.33 Myrkfælnu draugarnir** (e)
**16.48 Töfravagninn**
**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.23 Pingu**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons**
**20.05 Meistarinn**
Leitin er hafin í annað sinn að Meistaranum. Í kvöld munu þeir Gísli Ásgeirsson þýðandi og Pálmi Óskarsson læknir takast á í sjónvarpssal.
**20.55 Studio 60**
**21.40 Standoff**
**22.25 Hotel Babylon**
Breskir sjónvarpsþættir í anda Footballers's Wives þar sem fylgst er með starfsfólki og gestum á 5 stjarna hóteli í London.
**23.20 American Idol**
**00.40 American Idol**
**01.05 Medium**
**01.50 Once Upon a Time in Mexico** (e)
**03.30 Hustle**
**04.25 Bones**
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (e)
**20.00 Entertainment Tonight**
Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
**20.30 My Name Is Earl 2 - NÝTT**
Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
▶**21.00 KF Nörd**
Mikið hefur verið lagt á Nördana í undanförnum þáttum og þegar þannig ber undir þurfa menn að fá hvíld til þess að hlaða rafhlöðurnar. Hvíldin er Nördunum væntanlega kærkomin en til þess að hrista upp í félagsandanum í leiðinni var brugðið á það ráð að fara með þá til Vestmannaeyja.
**21.45 Chappelle´s Show**
Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**22.15 Insider**
Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**22.40 The Nine** (e)
**23.30 Supernatural**
Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
**00.20 Seinfeld** (e)
**00.45 Entertainment Tonight** (e)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Game tíví**
Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (5:22)
Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum.
**20.30 Malcolm in the Middle** (9:22)
Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans.
▶**21.00 Will & Grace** (4:23)
**21.30 Still Standing** (14:23)
Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.
**22.00 House** (12:24)
Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Britain's Next Top Model** (e)
**01.05 C.S.I.** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin** (e)
**14.00 Sampdoria - Palermo** (frá17. mars)
**16.00 Chelsea - Sheff. Utd.** (frá17. mars)
**18.00 Aston Villa - Liverpool** (frá 18. mars)
**20.00 Liðið mitt** (frá 15. mars) (e)
**21.00 Everton - Arsenal** (frá 18. mars)
**23.00 Að leikslokum** (e)
**00.00 Dagskrárlok**


PARKET- OG FLÍSADAGAR




Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Meistarinn**



Í kvöld verður æsispennandi viðureign í Meistaranum þegar Gísli Ásgeirsson þýðandi mætir Jóni Pálma Óskarssyni lækni. Gísli er 51 árs Hafnfirðingur en hann er menntaður úr barnakennari og hefur sérstakan áhuga á krossgátum. Jón Pálmi er 34 ára Akureyringur sem sigraði tvisvar í Gettu betur-spurningakeppninni á menntaskólaárum og telur lífsmottó vera klisjukennda frasa.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**HÓTEL BABÝLON**

**STÖÐ 2 KL. 22.25**

Breskir sjónvarpsþættir í anda Footballers Wives þar sem fylgst er með starfsfólki og gestum á fimm stjarna hóteli í London. Það er ekki alltaf auðvelt að þjóna þeim ríku og frægu en Rebecca Mitchell og starfsfólk hennar eru flestu vön. Í þættinum í kvöld skráir þekktur maður sig inn á hótelið og fer þá allt starfsfólkið í viðbragðsstöðu. Ástæðan er sú að síðast þegar hann var gestur á hótelinu reyndi hann að fremja sjálfsmorð og starfsfólkið vill koma í veg fyrir að það endurtaki sig.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Hlustir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Þættir úr íslenskri leikritun: K - 421
**23.15** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.30 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2006-2007)

**18.45 PGA Tour 2007 - Highlights** (Arnold Palmer Invitational (formerly Bay Hill Inv.))

**19.40 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**20.05 Ár í lífi Steven Gerrard** (Steven Gerrard. A Year In my Life) Nýr þáttur um enska landsliðsmanninn Steven Gerrard hjá Liverpool.

**21.00 Spilling í enska boltanum** Umdeildur og margumtalaður fréttaskýringaþáttur BBC um meintar mútugreiðslur til knattspyrnustjóra í ensku úrvalsdeildinni. Allt fór á annan endann á Bretlandi eftir sýningu þáttarins þar sem knattspyrnustjóri Bolton, Sam Allardyce, fékk hvað mest fyrir ferðina.

**22.05 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir um eftirminnileg Masters-mót sem er eitt af fjórum risamótum í golfi.

**23.00 Kraftasport - 2007** (Íslandsmótið í bekkpressu 2007)

**23.30 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2006-2007 - Highlights)

**00.00 EM 2008 - undankeppni** (Norður Írland - Ísland)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Kaj og Andrea **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Hvad er det værd **8.00** Italienske fristelser **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Viden om **9.30** På jobjagt **10.00** Livet ombord **10.30** Hammerslag **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** Kongehuset **12.25** Aftenshowet **13.20** Søren Ryge og Bette Anna **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga **15.30** En løve i huset **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango med Sebastian og Chapper **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Hold masken **19.30** Hjerterum **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** Donnie Darko **22.50** Flemmings Helte **23.05** Det Vildeste Westen **23.25** Den 11. time **23.55** Liga **5.30** Karlsson på taget **6.00** Den lille prinsesse

## NRK 1

**8.30** Mat med Niklas **9.00** Siste nytt **9.05** Forbrukerinspektørene **9.30** Med vind i segla 10.00 Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen: Isfuglen **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.05** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Skikk og bruk for hunden **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Størst av alt **21.30** Torsdag kveld med Steinar Sagen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix 22.50 Graven **23.50** MAD TV **5.25** Frokost-tv

## SVT 1

**13.00** Mitt i naturen **13.30** Argument **14.30** Packat & klart 1**5.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Dagens visa **17.30** Undringar **17.35** Ozzy och Drix **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Ordförande Persson **20.00** Cancerkriget **21.00** Ett år i Gaza **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.15** Konståknings-VM i Tokyo **23.15** Entourage **23.45** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég borða alltaf það sama á morgnana: Biomjólk með jarðarberjum og Kellogg's Special K út í. Þetta er algjört möst. Svo fæ ég mér kaffi á eftir, en það telst varla með sem morgunmatur.“*

Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland, er vanaföst á morgnana.

# Valdís tekur sig aftur á flug

„Af hverju ekki? Ég er orðin 47 ára og hugsaði með sjálfri mér að annað hvort væri það núna eða aldrei,“ segir útvarpskonan góðkunna Valdís Gunnarsdóttir, sem stundar nú nám í Flugfreyjuskólanum. „Ég var flugfreyja hjá Icelandair á árunum 1985 til 1990 en hætti vegna anna í útvarpinu. En mig hefur alltaf langað til að fara aftur enda er þetta starf sem heldur alltaf í mann. Kannski að það lúti sömu lögmálum og hjá skátunum; einu sinni flugfreyja, alltaf flugfreyja,“ segir Valdís.

Útvarpskonan fékk þó enga sérmeðferð þrátt fyrir fyrri reynslu, mætti í inntökuprófið ásamt ellefu hundruð öðrum stelpum og strákum. Þar á meðal Jónsa úr Svörtum fötum. „Ég var bara eins og hver annar byrjandi, fór í inntöku- og tungumálaprófið og allt heila klabbið. Og núna er ég bara æðislega þakklát og auðmjúk fyrir að hafa verið tekin inn og hlakka til að hitta gamla starfsfélaga,“ segir Valdís.

Útvarpskonan viðurkennir að hún standi á ákveðnum tímamótum. Sunnudagsþáttur hennar á Bylgjunni hefur verið í loftinu um þó nokkurn tíma og hún íhugar nú alvarlega að leggja útvarpið á hilluna. „Ég held áfram með þáttinn fram á vor og ætla síðan að sjá til með haustinu hvort grundvöllur sé fyrir frekara samstarfi,“ segir Valdís. Hún bjóst þó ekki við því að farþegar fengju að heyra hljómþýða rödd hennar í flugvélunum strax. „Þegar maður er nýliði fær maður ekkert að gera slíkt heldur er það í verkahring hinna eldri og reyndari. En ég er hrædd um að það verði níðst á mér,“ segir Valdís og hlær, bætir því síðan við að á sínum tíma hafi ófáir farþegarnir haft það á orði að þegar Valdís bauð þá velkomna um borð hafi þeim strax liðið eins og þeir væru komnir heim. „Og það yljaði mér um hjartaræturnar.“ **- fgg**



**VALDÍS** Ætlar að endurnýja kynnin við flugfreyjustarfið eftir tæplega tuttugu ára hlé.



**LÁRÉTT**
**2** báru að **6** vörumerki **8** hlaup **9** auð **11** tveir eins **12** teygjudýr **14** fíflast **16** málmur **17** sönghópur **18** tilvist **20** kusk **21** sett.

**LÓÐRÉTT**
**1** hleypa **3** einnig **4** planta **5** hár **7** afríkuríki **10** fæðu **13** hryggur **15** traðkaði **16** fiskur **19** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 komu, 6 ss, 8 gel, 9 tóm, 11 ll, 12 amaba, 14 atast, 16 ál, 17 kór, 18 líf, 20 ló, 21 lagt. **LÓÐRÉTT:** 1 ysta, 3 og, 4 melasól, 5 ull, 7 sómalía, 10 mat, 13 bak, 15 tróð, 16 áll, 19 fg.


Í KVÖLD
Kvartett **Hauks Gröndal**

Á MORGUN
Góður **matur** á efri hæð

DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


STURLA ÞÓRÐARSON: BARÁTTUMÁL AÐ FÁ KJÖRKASSA Á „ENSKU STRÖNDINA“

# Framsóknarmenn missa sig í ræðustóli á Klörubar

„Ef einhver heldur ennþá að hér sé um grín að ræða eða þá að menn séu bara að fá sér einn léttan er það hinn mesti misskilningur. Sjaldgæfara er að menn fái sér bjór, heldur en kaffi eða vatn, enda er fólk saman komið til þess að rökræða um pólitík,“ segir Sturla S. Þórðarson, sem búsettur er úti á Kanaríeyjum. Vikulega gengst hann fyrir stjórnmálafundum á Klörubar og segir hann miklu meira fjör í stjórnmálaumræðunni þar en á Íslandi.

Framsóknarmenn eru hlutfallslega miklu fleiri á Kanaríeyjum en á Íslandi. Þeir fylgjast vel með og líst ekki á blikuna sé horft til skoðanakannana. „Hér er mikið fjör í pólitíkinni, alla vega meira fjör á framsóknarfundum hér en heima,“ segir Sturla sem er í stöðugu sambandi við forystu flokksins – sem nú horfir suður á bóginn og veltir fyrir sér þessari óvæntu vakningu á sólarströndinni.

Samtals hafa nú yfir 2.000 manns mætt á þessa fundi frá því að þeir hófust 21. október 2006. Á nýjustu fundina, 10. mars og 17. mars, mættu, á fyrri fundinn 170 manns og á þann síðari 240.

„Á báðum fundunum voru skoðaðir möguleikar á nýjum ríkisstjórnum og ég sagði fundarmönnum mína skoðun á því, hvernig ástand yrði heima ef kæmi vinstri stjórn! Stöðnun, jú, hún mundi hefjast að sjálfsögðu á landsbyggðinni, þar kæmi fyrr atvinnuleysi. Framsókn er eini flokkurinn á Íslandi sem hefur haft umhverfis- og náttúruverndarmál á sinni stefnuskrá frá stofnun flokksins!“

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að metaðsókn var á fund framsóknarmanna á Klörubar þegar Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra mætti á staðinn, eða 360 manns. Ísólfur Gylfi Pálmason var gestur þar fyrir skemmstu og von er á Hauki Halldórssyni, fyrrverandi formanni Stéttarsambands bænda. Sturla gerir sér vonir um góða mætingu þá enda mjög margir bændur sem hafa vetursetu á Kanaríeyjum.

Sturla segir mikla ölvu á bak við oft bráðskemmtilegar ræður, og jafnvel hefur komið fyrir, að fólk hefur orðið svo æst að þurft hefur að víkja því úr ræðustóli.

„Ég vil taka það fram að það er vegna pólitískra hitamála og menn missa sig stundum í að nota óviðeigandi orðalag. Að sjálfsögðu er hér mikið af eldra fólki og öryrkjum, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta. Okkur hér finnst fyrir neðan allar hellur að geta ekki kosið hér í maíkosningunum nema að fara í dagsferð til Las Palmas. Bráðnauðsynlegt er að flytja kjörkassa niður á ensku ströndina, þar sem allir Íslendingarnir eru.“

**jakob@frettabladid.is**



**KLÖRUBAR Á KANARÍ** Oft er heitt í hamsi þegar framsóknarmenn ræða málin á Klörubar.



**GUÐNI, HAUKUR OG ÍSÓLFUR** Steðja á Klörubar þar sem helstan hitann er að finna meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Veikindi hafa sett strik í nýhafna fimmtán daga stjórnartíð **Bjarna Guðmundssonar** í stóli útvarpsstjóra. Á þriðjudag tók settur útvarpsstjóri sótt og lá heima í kör. Bjarni var sem kunnugt er skipaður útvarpsstjóri fram að mánaðamótum þegar ný starfsemi RÚV ohf. tekur gildi, því fram að því má **Páll Magnússon** ekki gegna bæði stöðu framkvæmdastjóra og útvarpsstjóra. Ekki er ljóst hins vegar hver gegndi starfi útvarpsstjóra í fjarveru Bjarna en varla var herinn höfuðlaus því þótt karlinn í brúnni væri víðsfjarri gengu útsendingar bæði hljóð- og sjónvarps hnökralaust fyrir sig.



Dávaldurinn **Sailesh** er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins væntanlegur aftur til Íslands. **Ísleifur B. Þórhallsson** og félagar hjá Bravo hafa unnið að því hörðum höndum að fá hann aftur en fáir listamenn geta státað af viðlíka miðasölu, tuttugu þúsund Íslendingar hafa borgað sig inn á sýningar Sailesh. Þá mun vera í undirbúningi að flytja dávaldinn til Þýskalands þar sem hann mun troða upp í leikhúsi **Helga Björns** og félaga í Berlín.



Og meira af Ísleifi og félögum því nú er ljóst að Íslendingar verða ekki einir um hituna um miðana á tónleika **Josh Groban** sem Concert stendur fyrir í Laugardalshöll. Sérstök auglýsing var sett upp á heimasíðu tónlistarmannsins þar sem miðar á tónleikana voru í boði. Ekki var búist við því að einhverjir myndu nýta sér þetta tækifæri en viti menn, miðarnir hafa rokið út eins og heitar lummur og því ljóst að margir erlendir aðdáendur hugsa sér gott til glóðarinnar og ætla sér að slá tvær flugur í einu höggi; heimsækja Ísland og hlusta á Groban. **-bs/fgg**




FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14

STÓR HUMAR




# Lauslátir Íslendingar

„Já, þetta er leiðinleg þróun og neikvæð. Auðvitað viljum við að barneignir séu innan helgi hjónabandsins. Þannig bera menn virðingu fyrir sjálfum sér, maka sínum og börnum. Já, lauslæti er landlægt á Íslandi,“ segir Gunnar Þorsteinsson hjá Krossinum.

Samkvæmt nýjum fréttum frá Hagstofunni fæðast fleiri börn utan hjónabands á Íslandi en í nokkru öðru Evrópuríki. Einungis þriðjungur barna fæðist innan vébanda hjónabands, eða 34,4 prósent. Börnum sem fæðast utan skráðrar sambúðar hefur fjölgað að hlutfallslega, þau voru um 10,2 prósent allra barna sem fæddust á árabilinu 1991-1995 en eru nú rétt rúm 14 prósent. Þetta líst Gunnari illa á. En sér þó ljósa punkta.

„Sem betur fer vilja ungar konur eiga börn þótt þau komi undir við erfið skilyrði. Frekar en konur í nágrannalöndunum. Það er í sjálfu sér jákvætt. Munurinn á okkur og hinum er fóstureyðingar.“

Og í það les Gunnar að virðingin fyrir lífinu hér sé örlítið meiri. Hér fari konur ekki svo glatt í fóstureyðingar. En auðvitað eigi helgi hjónabandsins að vera í öndvegi. „Helgi hjónabandsins er rammi um barneignir og kynlíf. En hér er mikið af óskilgetnum börnum og mikið af ungum stúlkum sem eiga börn. Íslenskir foreldrar og Íslendingar almennt taka óvelkominni þungun betur en víðast hvar. Umburðarlyndari en gengur og gerist? Það má heita svo.“ **- jbg**



**GUNNAR ÞORSTEINSSON** Segir nýjar tölur frá Hagstofunni um lausaleiksbörn staðfesta lauslæti Íslendinga.



OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
DOCKERS
HERRA BUXUR
ADEINS
2990.-
LEVI´S
BARNABUXUR
ADEINS
2990.-
VIÐ GÖNGUM LENGRA!
RISA
Skómarkaður
sem gengur upp!
Komdu í Outlet 10 og skóaðu þig upp. CONVERSE og DIESEL á ótrúlegum kjörum.
Einnig mikið úrval af flottum fötum á vana menn, villtar meyjar og vandræðabörn.
NÝ
SENDING AF
HETTUPEYSUM
ADEINS
2990.-
LEVI´S
HERRA OG DÖMUBUXUR
ADEINS
4990.-
LEGO
DKNY
Lee
Sparkz
DOCKERS
Wrangler
MISS SIXTY
Fornarina
FAXAFEN 10
SÍMI: 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**

DR. GUNNA

# Íslenska stéttaskiptingin

Til eru menn á 100 sinnum betri launum en næsti maður. Stéttaskipting fyrirfinnst þó varla á Íslandi og forríkt fólk býr við það vandamál vegna smæðar landsins að lítil tækifæri gefast til að láta ljós sitt skína með alla peningana. Hér vantar allt háklassa snobb, búðir sem selja dót á geðveiku verði og veitingahús sem rukka tíu þúsund kall fyrir kaffibollann. Því þurfa íslenskir millar að veltast um með öllum hinum og fá örugglega margar andstyggilegar augnagoturnar, sérstaklega ef launin þeirra hafa verið í umræðunni eða þeir haldið galið partí. Íslensku millarnir geta ekki lifað í rammgerðri draumaveröld auðmagnsins eins og þeir geta í milljónalöndum.

**EINN** er þó sá staður sem skilur milla frá alþýðu: Sturturnar í Laugum. Sturtuklefarnir eru tveir, almennur og lúxus. Íslenska stéttaskiptingin fer að mestu fram þarna í sturtunum og Íslendingar greinast í eftirfarandi fimm hópa: Fólk sem hefur ekki efni á lúxussturtu og fer því í þá venjulegu. Fólk sem hefur efni á lúxussturtu og fer í hana. Fólk sem hefur ekki efni á lúxussturtu en fer í hana samt. Fólk sem hefur vel efni á lúxussturtu en kýs að fara í þá almennu. Og svo auðvitað fólk sem fer bara alls ekkert í sturtu í Laugum.

**HÓPURINN** sem hefur ekki efni á lúxussturtunni en fer í hana samt er skipaður Tóta í íslenska draumnum-týpum, fólki með nokkur gjaldþrot á bakinu sem feikar sig inn á lúxusinn til að missa nú örugglega ekki af neinu. Hópurinn sem hefur vel efni á lúxussturtu en kýs að skrúbba sig með almenningi er ekki síður athyglisverður og jafnvel aðdáunarverður.

**Í** sárabætur fyrir að komast ekki í finnskar saunur í boði íslenska ríkisins keyptum við Heiða okkur einn umgang í lúxussturtunni um daginn. Árum saman hafði ég mænt dreyminn á innganginn. Nú þegar draumurinn var að rætast og ég klæddi mig titrandi úr leið mér eins og bómullarþræl sem fær að drekka te með landeigendum. Vissulega eru saunurnar glæsilegar, ilmböðin fín og gott að flatmaga í slopp við arineld. Það sem kom mér þó hratt niður á jörðina aftur og afhjúpaði bitran sannleikann var að inni á klósetti hafði einhver nýlokið sér af. Lyktin var nákvæmlega sú sama og hinum megin.


Fíton / SÍA

# Ævintýraleg símatilboð

vodafone

Allir símar frá Vodafone afhendast forhlaðnir, forstilltir og með 2 ára ábyrgð.

Með Vodafone live! kemst þú á Netið í símanum þínum og getur til dæmis skoðað hvað er í bíó, náð í brandara, skoðað stjörnuspána þína og halað niður hringitónum og skjámyndum.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér inná www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**



Sjónvarp í símann

Vodafone live!
## Nokia 6131
Þú getur horft á Sky News allan sólarhringinn, sótt og horft á fréttir Stöðvar 2 ásamt fleira spennandi efni.
Ævintýraverð
**26.900 kr.**

Vodafone live!
## Sharp GX-17
Mjög fjölhæfur á ótrúlegu verði.Með Bluetooth, myndavél og USB tengjanlegur.
Ævintýraverð
**9.900 kr.**

Vodafone live!
## Nokia 6234
Miklu meira en bara sími. Með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum og styður minniskort.
Ævintýraverð
**19.900 kr.**



OLYMPUS FE-210
· 7,1 milljón pixlar · 3x aðdráttarlinsa (38-114mm)
· Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð



Kr. 15.900

SHARP XL-MP2H
· Geislaspilari, útvarp og kassettutæki · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring



Kr. 12.900



SAMSUNG
SAMSUNG YP-Z5F
Frábærir MP3 spilarar – flottir, vandaðir og öflugir.
· 43 klst. rafhlöðuending
· Lita skjár
· 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
· 1 GB = 14.900 kr.
· 2 GB = 19.900 kr.
· 4 GB = 27.900 kr.

Frá kr. 14.900

WWW.ORMSSON.IS

Fermingargjöf frá Ormsson hljómar vel.



ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT